



FRÉTTABLAÐIÐ

PITT

2. febrúar 2010 – 27. tölublað – 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

ÞRIÐJUDAGUR

Verðmæti í betra rými
Nýlistasafnið flytur í nýtt húsnæði við Skúlagötu.
TÍMAMÓT 18



Níu ára með eigið hárgel
Tveir vinir búa til Bronser sem keppir við hið fræga Silver.
FÓLK 30




Förum að tala saman
„Það er dagljóst að nýtt Ísland er í burðarlíðnum, spurningin er bara hvernig Ísland“, skrifar Jónína Michaelsdóttir.
Í DAG 14

Skoraði í endurkomunni
Grétar Ólafur Hjartarson er byrjaður að spila á ný eftir 18 mánaða fjarveru.
ÍÞRÓTTIR 26



VEÐRIÐ Í DAG



Úrkomulítið í dag verða austan eða suðaustan 5-10 m/s en hvassara við SV-ströndina. Skýjað og dálítil el V-til en annars víða bjart. Frost víða 0-7 stig en frostlaust við S-ströndina.
VEÐUR 4

Stal gögnum úr kerfi sem hann setti upp

Piltur á átjándra ári, sem grunaður er um gagnastuld, vann við tölvukerfi hjá lögfræðingnum sem hann á að hafa stolið frá. Hann mun hafa notað gamla öryggiskóða starfsmanna Milestone til að komast um höfuðstöðvar félagsins.

LÖGREGLA Piltur sem grunaður er um stuld á trúnaðargögnum úr tölvu Gunnars Gunnarssonar, lögfræðings hjá Milestone, starfaði áður hjá lögfræðingnum við uppsetningu öryggiskerfis fyrir tölvur.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins notaði pilturinn, sem er á átjándra aldursári, öryggiskóða frá fyrrum starfsmönnum Milestone til að komast inn í höfuðstöðvar félagsins við Suðurlandsbraut í Reykjavík að næturlagi í leit að gögnum. Þá er hann sagður hafa reynt að nota kóðana til að komast inn hjá tengdum fyrirtækjum í húsinu.

Pilturinn mun hafa verið handtekinn og yfirheyrdur vegna málsins í síðustu viku. Friðrik Smári Björgvinsson, yfirlöggregluþjónn hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, segir mál tengt gagnastuldu úr tölvum til rannsóknar hjá embættinu, en kveður þá rannsókn vera á frumstigi. Hann vill hvorki gefa upp hver sé grunaður um glæpin, nér frá hverjum hafi verið stolið, eða með hvaða hætti.

Pilturinn er talinn hafa undir lok desember boðið fréttastofu Stöðvar 2 að kaupa gögn úr tölvu lögfræðingsins, en þar á bæ vildu menn ekki greiða fyrir upplýsingarnar.

Síðustu vikur hafa birst fréttir í DV sem kunnugir telja nær víst að eigi uppruna sinn í stolnu gögnunum. Þar á meðal eru fréttir af fjárhag Eids Smára Guðjohnsen fótboltamanns, en Gunnar starfaði líka fyrir hann. Eiður hefur kært ritstjóra DV og blaðamann blaðsins fyrir umfjöllunina.

Reynir Traustason, ritstjóri DV, segir blaðið ekki upplýsa um hvaðan upplýsingar sem blaðið byggir fréttir sínar á séu komnar.

Foreldrar pilsins vildu ekki tjá sig um málið þegar eftir því var leitað í gær.

- óká / sjá síðu 6



PÁLL REYNISSON Eigandi Veidisafnsins á Stokkseyri með krókóðilinn sem hann veiddi í Suður-Afríku.

Með óvenjulega bráð í Afríku

FÓLK „Það þurfti bara eitt skot við brosið í munnvikinu,“ segir Páll Reynisson, eigandi Veidisafnsins á Stokkseyri. Hann fór til Suður-Afríku í nóvember þar sem hann veiddi í fyrsta sinn krókóðil með skambyssu, auk þess sem hann fellði strút með skambyssu og nokkrar tegundir af antilópum. Honum tókst þó ekki að klófesta hýenu þrátt fyrir að hafa legið í leyni í þrjár nætur. Ljósmyndir frá veiðiferðinni verða sýndar á hinni árlegu byssusýningu Veidisafnsins sem verður haldin um helgina.

- fb/sjá síðu 30



ÆSTIR AÐDÁENDUR Móttaka var haldin fyrir íslenska landsliðið í handbolta í Laugardalshöll í gær í tilefni þess að það náði þriðja sætinu á Evrópumeistaramótinu í Austurríki sem lauk um helgina. Björgvin Páll Gústavsson markvörður sést hér, umkringdur aðdáendum, veita áritanir.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Umhverfisráðherra telur að fara eigi varlega í allar nýjar virkjanir: Lög brotin í skipulagsvinnu

UMHVERFISMÁL Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra synjaði staðfestingar skipulagsbreytingum tveggja sveitarfélaga sem gerðu ráð fyrir virkjunum í neðri hluta Þjórsár. Landsvirkjun braut lög með greiðslum fyrir hluta skipulagsvinnunnar.

Svandís segir lög hafa verið brotin þegar Landsvirkjun greiddi

fyrir hluta skipulagsvinnu. Um viðkvæmt ferli sé að ræða og það þurfi að vera hafið yfir allan vafa með hvaða hætti sé gripið inn í það. Í þágu almannahagsmuna hafi ekki verið stætt á öðru en synjun.

Spurð um afstöðu til virkjana í neðri hluta Þjórsár segir Svandís að það eigi að fara varlega í nýjar virkjanir; jarðhita og vatnsafls.

„Þá þarf að rýna mjög vel hvort sama kynslóð sem kom okkur fyrir björg í efnahagslegu tilliti og réðist í Kárahnjúkavirkjun og virkjanir á Hellsheiði eigi rétt á því að ráðstafa öllum mögulegum virkjanakostum um ókomna framtíð eins og það sé ekki fleiri kynslóða að vænta á Íslandi.“

- kóp/Sjá síðu 4

71,4%

29,3%

MORGUNBLAÐIÐ FRÉTTABLAÐIÐ

Fréttablaðið er með 143% meiri lestur en Morgunblaðið.

Allt sem þú þarft...

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18 - 49 ára. Könnun Capacent í ágúst 2009 - október 2009.

Framleiðandi: **Hummus** í einum grænum

Frábær ídyfa með stökku grænmeti, einnig ljúffengt á brauð og kex.

Ísskápur

149.900

180 cm

RÖNNING

www.ronning.is

REYKJAVÍK Skútuveg 1 Sími 562 4011
AKUREYRI Draupnisgata 2 Sími 460 0800
REYDARFJÖRÐUR Nesbraut 9 Sími 470 2020



Sigurgeir, er ástandið ekki nógu dapurt þótt við förum ekki að leggjast í blús líka?

„Blúsinn gefur öllum lífsfyllingu og bjartsýni sem á hlýða.“

Sigurgeir Guðmundsson, formaður Slysavarnarfélagssins Landsbjargar og meðlimur Blúsþjóta, tók í gærkvöld þátt í tónleikum Blúsfélags Reykjavíkur til að safna fé til hjálparstarfsins á Haití.

Verðlag dregur Ísland niður: Laun á Íslandi í meðallagi ESB

EFNAHAGSMÁL Ef tekið er tillit til mismunandi verðlags eru laun á Íslandi í mörgum tilvikum nær meðaltali Evrópusambandsríkjanna 27 og eru í sumum tilvikum jafnvel lægri. Þetta kemur fram í frétt frá Hagstofu Íslands sem greinir frá launakönnun Hagstofu Evrópusambandsins.

Í evrum reiknað voru laun á Íslandi með þeim hæstu í Evrópu á árinu 2006. „Vinnutími er að jafnaði langur á Íslandi miðað við ríki Evrópusambandsins og er hlutfall yfirvinnu hærra á Íslandi en í nokkru öðru landi sem könnunin nær til.“ segir Hagstofan. - gar

Ný könnun Gallup: Helmingur styður stjórnina

STJÓRN MÁL Ríkisstjórnin nýtur stuðnings helmingis kjósenda, samkvæmt nýjum þjóðarpólí Gallup. Það er meira en í síðasta þjóðarpólí, þegar um 46 prósent studdu ríkisstjórnina. Sjálfstæðisflokkurinn nýtur mestis fylgis, 32,3 prósent hyggjast styðja hann. Þetta kom fram í fréttum RÚV í gærkvöldi.

Stjórnarflokkarnir njóta sama fylgis, 25,1 prósent hyggjast kjósa Vinstri græn en 25 prósent Samfylkingu. Þá mælist Framsóknarflokkurinn með 13,2 prósent fylgi. Athygli vekur að 10 prósent aðspurðra hyggjast skila auðu í næstu kosningum og álíka margir tóku ekki afstöðu. - kóp

FINNLAND

Ferja föst í ís í sex tíma

Finnsk ferja með 850 farþega inn-anborðs á leið yfir Kirjálabotn sat föst í ís í sex klukkustundir áður en hægt var að halda áfram ferðinni frá Helsinki til Tallin í Eistlandi. Ekki urðu skemmdir eða meiðsl á fólki.

Fyrirverandi forsætisráðherra fellur frá, 81 árs að aldri:

Steingrímur Hermannsson látinn

ANDLÁT Steingrímur Hermannsson, fyrirverandi forsætisráðherra, lést á heimili sínu í gærmorgun, 81 árs að aldri. Hann fæddist í Reykjavík 22. júní 1928, sonur Hermanns Jónassonar, fyrirverandi forsætisráðherra og formanns Framsóknarflokksins, og Vigdísar Oddnýjar Steingrímisdóttur, eiginkonu hans.

Steingrímur stundaði nám í rafmagnsverkfræði við bandaríska háskóla og lauk M.Sc.-prófi frá Caltech í Pasadena í Kaliforníu árið 1952.

Steingrímur sat á Alþingi fyrir Framsóknarflokkinn frá 1971-1994. Hann varð dóms- og kirkju-



STEINGRÍMUR HERMANNSSON Fæddist í Reykjavík 22. júní 1928.

málaráðherra frá 1978-1979, sjávarútvegs- og samgönguráðherra frá 1980-1983, forsætisráðherra frá 1983-1987 og aftur frá 1988-1991 en utanríkisráðherra frá

1987-1988. Hann var formaður Framsóknarflokksins frá 1979-1994.

Eftirlifandi eiginkona Steingrímur Edda Guðmundsdóttir. Meðal sex barna hans er Guðmundur Steingrímsson, alþingismaður Framsóknarflokksins.

Ólafur Ragnar Grímsson forseti sendi frá sér samúðarkveðjur í gær og minntist kynna þeirra Steingrímur þegar þeir voru samherjar í ríkisstjórn. Hann sagði það hafa verið forréttindi að hafa fylgst með Steingrímur í forsætisráðherrastól og að hans verði lengi minnst sem hugsjónamanns sem helgaði Íslandi krafta sína. - pg

Vildi heimildarmann gegn kröfu um fésekt

Saksóknari hjá ríkissaksóknara bauð fréttastjóra Stöðvar 2 að hætta við kröfu um réttarfarssekt á fréttamenn sjónvarpsstöðvarinnar gegn því að hann nefndi heimildarmenn um trúnaðarupplýsingar úr lokuðu þinghaldi í mansalsmáli.

DÓMSMÁL Ríkissaksóknari vill að Héraðsdómur Reykjaness leggi réttarfarssekt á tvo fréttamenn Stöðvar 2 vegna upplýsinga sem birtar voru úr lokuðu þinghaldi um meint mansal á litháískri stúlku til Íslands.

„Kolbrún Sævarsdóttir saksóknari bauð mér að sektarkrafan yrði felld niður gegn því að við létum hana hafa nöfn heimildarmanna okkar. Það kom auðvitað ekki til greina.“ segir Óskar Hrafn Þorvaldsson, fréttastjóri Stöðvar 2.

Kolbrún staðfestir að hún hafi boðist til að falla frá því að setja fram sektarkröfuna ef Óskar upplýsti um heimildarmenn Stöðvar 2. Þetta hafi hún sagt þegar Óskar hringdi í hana eftir að hún óskaði eftir upptökum af fréttum um málið. „Ég sagði að þá myndi ég ekki gera þessa kröfu. En ég veit að sjálfsgöðu ekki hvað dómari myndi gera því samkvæmt lögum getur hann lagt á réttarfarssektir að eigin frumkvæði.“

Óskar hafði kært úrskurð dómara um að þinghaldið yrði lokað en Hæstiréttur vísaði kærinni frá. Ljóst er að upplýsingar fréttastofunnar úr þinghaldinu eru frá einhverjum sem var viðstaddur. Aðspurð hvort reyna eigi að finna þann sem upplýsti Stöð 2 um það sem fram fór í héraðsdómi segir Kolbrún það vera í vinnslu. „En ég veit ekki hvort það skili árangri. Ef fréttamennirnir upplýsa ekki um sína heimildarmenn er auðvitað mjög erfitt að rannsaka það.“ svarar hún.

Óskar Hrafn viðurkennir að Stöð 2 hafi brotið gegn lögnum.



ÓSKAR HRAFN ÞORVALDSSON Fréttastjóri Stöðvar 2 segist velta fyrir sér hvort saksóknari reki mál gegn fréttastofunni vegna særðs stólts eftir fréttir af mistökum í sönnunarfærslu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„En það var óviljandi gert og við munum að sjálfsgöðu greiða þá sekt sem við kunnum að verða dæmdir í. Hins vegar velti ég fyrir mér ástæðunni fyrir þessum málarekstri gegn okkur. Við birtum frétt af framburði stúlkunnar á þriðjudagskvöld án þess að athugasemdir væru gerðar við það. Á miðvikudagskvöldið birtum við síðan frétt um að þinghaldinu hafi verið frestað að kröfu saksóknarans vegna galla í sönnunarfærslu hans. Strax morguninn eftir kom þessi sektarkrafa fram. Það skyldi þó ekki vera að sært stolt saksóknarans vegi þyngra í þessu máli heldur er umhyggja hennar fyrir 11. grein laga um meðferð sakamála?“ segir Óskar.

Kolbrún vísar á bug fullyrðingum Óskars um sært stolt. „Þetta finnst mér ómálefnalegt. Ég er einfaldlega að vinna mína vinnu.“ segir saksóknarinn sem bætir við að eftirleidis muni annar saksóknari við embættið fylgja sektarmálinu eftir. gar@frettabladid.is

KOLBRÚN SÆVARSDÓTTIR Saksóknari segir vangaveltur um sært stolt hennar ómálefnalegar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



Hollenskur bankamaður:

Íslendingar lugu að okkur

FIÁRMÁL Arnold Schilder, sem var yfirmaður innra eftirlits hjá hollenska seðlabankanum, segir að Íslendingar hafi logið blákalt að Hollendingum til að fegra stöðu íslensku bankanna.

Þeir hefðu haldið þessu fram jafnvel eftir fall bandaríska bankans Lehman Brothers.

Yfirmenn íslenska seðlabankans hefðu fullvissað hann og bankastjóra hollenska seðlabankans um að Landsbankinn stæði traustum fótum, þegar þeir víðruðu áhyggjur vegna Icesave. Ekki væri nokkur ástæða til að hafa áhyggjur af bankanum. - kóp

Obama Bandaríkjaforseti: Kynnir fjárlög með methalla

BANDARÍKIN Barack Obama Bandaríkjaforseti kynnti í gær fjárlög sem miða við að minnka fjárlagahalla Bandaríkjanna um helming á næstu fimm árum, að því er Financial Times greinir frá. Í ár stefnir í methalla upp á 1.556 milljarða dala. Upphæðin nemur yfir 199 þúsund milljörðum króna. Á næstu árum á svo að hefja samdrátt.

„Við erum að reyna við mjúka lendingu í fjárlagaferlinum,“ er haft eftir Peter Orszag, framkvæmdastjóra fjárlagaskrifstofu forsetaembættisins. Samkvæmt fjárlögum nemur halli á þessu ári 10,6 prósentum af landsframleiðslu, en verður 3,9 prósent 2014 og 2015. - ók



BARACK OBAMA

Loftslagsráðstefnan:

Ríki heita samdrætti í losun

UMHVERFISMÁL Nú hafa 55 ríki staðfest að þau muni draga saman í losun gróðurhúsalofttegunda fyrir árið 2020. Ríkin bera ábyrgð á 78 prósent af allri losun lofttegundanna.

Þetta er liður í eftirmálum loftslagsráðstefnunnar í Kaupmannahöfn, sem haldin var í desember. „Skuldbinding leiðtoga heims til að takast á við loftslagsvandann er nú staðfest,“ sagði Yvo de Boer, framkvæmdastjóri loftslagsmála hjá Sameinuðu þjóðunum, í gær. Hann segir frekari aðgerða þörf til að takast á við vandann. „En ég sé þetta sem skýr merki um viljann til að leiða samningaviðræður til farsælla lykta.“ Næstu viðræður eru fyrirhugaðar í Bonn í maí. - kóp

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755

Nýr Rauðmági

Glæný Línuýsa

OPNUM KL 8.00 ALLA VIRKA DAGA

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • sími 587 7755

Framsóknarflokkurinn viðurkennir ekki lagalega skyldu til greiðslu vegna Icesave:

Er bjartsýnn á nýjar viðræður

STJÓRN MÁL Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, er bjartsýnn á að sest verði að samningaborðinu að nýju með Bretum og Hollendingum vegna Icesave. Hann telur þó nauðsynlegt fyrsta skref að Íslendingar fái sér til ráðslags utanaðkomandi sérfræðinga. Hann segist bjartsýnn á samstöðu innanlands, þótt fortíðin gæti þvælst fyrir.

„Já, ég er það nú, vegna þess að þegar öllu er á botninn hvolft hlýtur þetta að snúast um að ná sem hagstæðustum samningum fyrir Ísland. Menn hljóta að geta verið sammála um það. Auðvitað getur pólitíkin hér heima flækst fyrir og fortíð málsins gæti truflað.“

Sigmundur Davíð segist gera ráð fyrir þjóðaratkvæðagreiðslunni, enda sé allsendis óvíst að heimild sé fyrir því að hætta við hana. Hann segir mikilvægt að fá sérfræðinga í málið, það megi ekki vera eingöngu á borði stjórnmalamála.

„Síðast þegar ég vissi var það frágengið hver ætti að vera milligöngumaður.“

Spurður hvort samstaða geti náðst um að Íslendingar greiði lágmarkstryggingu, nokkuð sem Bret-



SIGMUNDUR DAVÍÐ GUNNLAUGSSON Vill erlenda sérfræðinga til ráðslags við Íslendinga svo málið verði ekki í fangi stjórnmalamála. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

ar og Hollendingar hafa lagt ríka áherslu á, segist hann telja að þrotabús bankans geti staðið undir því. „Við höfum hins vegar ekki verið tilbúin til að viðurkenna lagalega skyldu til greiðslu.“ - kóp

Nýja sendibílastöðin hf

568 5000

Stofnuð 2. febrúar 1950

í 60 ár á þínum vegum



**TRAUSTIR
BÍLSTJÓRAR
Á TRAUSTUM
GRUNNI**



GAJALDMÍÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	127,53 128,13
Sterlingspund	202,30 203,28
Evra	177,12 178,12
Dönsk króna	23,787 23,927
Norsk króna	21,615 21,743
Sænsk króna	17,416 17,518
Japanskt jen	1,4115 1,4197

SDR	197,38	198,56
-----	--------	--------

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

232,4887

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Umboðsmaður Alþingis sendi félagsmálaráðuneytinu tóninn vegna taflensks nuddara:

Ráðuneytið úrskurðaði ekki í samræmi við lög

STJÓRNSÝSLA Félagsmálaráðuneytið úrskurðaði ekki í samræmi við lög þegar það synjaði eiganda heilsulindar um atvinnuleyfi fyrir sérhæfðan nuddara sem hann hafði auglýst eftir á taflenska heilsulind, samkvæmt úrskurði umboðsmanns Alþingis.

Forsaga málsins er sú að eigandi nuddstofunnar auglýsti eftir starfsmanninum á heilsulind en gerði meðal annars kröfur um að starfsmaðurinn skyldi vera útskrifaður úr virtum taflenskum nuddskóla, kynni skil á taflenskum spa-hefðum og menningu, að hann kynni taflensku og gæti haft „snurðulaus samskipti við eiganda og hugmyndafræðing heilsulindarinnar“.

Kröfurnar sem gerðar voru áttu við eigin konu eiganda nuddstofunnar.

Félagsmálaráðuneytið taldi að eigandinn

hefði í starfsauglýsingunni gert óraunhæfar kröfur til þess sem ráðinn yrði í starfið og synjaði nuddaranum atvinnuleyfi á grundvelli þess að fólk á Evrópska efnahagssvæðinu hefði forgang að vinnu hér á landi. Ráðuneytið tók þar með undir úrskurð Vinnuálastofnunar sem taldi að „umrætt starf krefjist hvorki slíkrar sérþekkingar né að fullreynt sé að finna fólk til starfans á Evrópska efnahagssvæðinu“.

Umboðsmaður telur með álitni sínu að úrskurður ráðuneytisins hafi ekki verið reistur á réttum lagagrundvelli og að ráðuneytið hafi ekki rökstutt mál sitt nógu vel. Úrskurðurinn hafi því ekki verið í samræmi við lög. Hann beinir þeim tilmælum til félagsmálaráðuneytisins að það taki málið til nýrrar meðferðar komi fram ósk þess efnis.



NUDD Eigandi heilsulindarinnar óskaði eftir sérhæfðum nuddara sem átti meðal annars að vera útskrifaður úr virtum taflenskum nuddskóla. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES



BYR Lögræðingar Byrs þurfa að sækja málið að nýju, nú fyrir réttum dómstóli. FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

Byr þarf að höfða mál að nýju:

Fór fyrir rang-an dómstól

DÓMSMÁL Tvö mál sem Byr sparisjóður höfðaði á hendur fyrirtækjum í eigu Þorsteins Jónssonar og Magnúsar Ármannar voru felld niður í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær þar sem sparisjóðurinn höfðaði málið fyrir röngum héraðsdómi. Málin sneru að lánveitingum Byrs til eignarhaldsfyrirtækjanna Matera Invest, MogS, Runnur, Runnur 2 og Sólstafrir.

Í lánasamningnum sem sparisjóðurinn hafði gert við fyrirtækin kom fram að færðu málin fyrir dóm skyldu þau höfðuð í Héraðsdómi Reykjaness. Byr þarf því að höfða málin að nýju fyrir réttum dómstól.

ÁRÉTTING

Fyrirlestur Dr. Tal Ben-Shahar hinn 27. mars fer fram í Vodafone-höllinni. Forsala á fyrirlesturinn hefst 12. febrúar á miðis.

LEIÐRÉTTING

Ranglega var haft eftir Gunnari Andersen, forstjóra Fjármálaeftirlitsins, í gær að áætlaður hagnaður vegna gjaldeyrissvika hafi numið allt að fimm milljörðum króna. Beðist er velvirðingar á því.

Landsvirkjun braut lög með greiðslum

Umhverfisráðherra hefur felld úr gildi skipulag sem gerir ráð fyrir virkjunum í neðri hluta Þjórsár. Tefur skipulagsferlið og er dýrara, segir forstjóri Landsvirkjunar. Pólitískur leikaraskapur, segir oddviti sveitarfélags eystra.

UMHVERFISMÁL Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra hefur felld úr gildi skipulag tveggja sveitarfélaga, Skeiða- og Gnúpverjahrepps og Flóahrepps, sem gera ráð fyrir virkjunum í neðri hluta Þjórsár. Ástæðan er að þátttaka Landsvirkjunar í kostnaði sveitarfélaga við skipulagsvinnu hafi stangast á við skipulags- og byggingarlög.

Svandís segir að í raun hafi úrskurðurinn verið borðleggjandi. Samkvæmt skipulags- og byggingalögum megi enginn annar bera kostnað við skipulag en sveitarfélag og skipulagsjóður. Þess vegna hafi greiðslur Landsvirkjunar verið ólöglegar og ógilt skipulagið.

Gunnar Örn Marteinsson, oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps, segir úrskurðinn hafa komið sér á óvart. Ósanngjarnt sé að Landsvirkjun komist hjá því að greiða hluta gjaldanna og þau falli öll á sveitarfélagið. Hann talar um pólitískan leikaraskap.

„Mér finnst enginn tilgangur vera í þessu í svona pólitískum leikaraskap, sem mér finnst þetta nú vera. Ef það er vilji stjórnvalda að hafna því að fara í virkjanir í Neðri-Þjórsá á einhverjum svona forsendum þá sé ég engan tilgang í því að menn séu að halda áfram með málið. Ég held að það þurfi að koma skilaboð frá ríkisstjórninni um það hvaða sýn hún hefur á þetta.“

Þá segir Gunnar Örn að ramma-



URRIDAFOSS Virkjun í neðri hluta Þjórsár dregur mjög úr vatnsmagni fossins svo hann hverfur að mestu. Umhverfisráðherra segir að ekki hafi verið hægt að úrskurða öðruvísi þar sem lög hafi verið brotin. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

„Mér finnst enginn tilgangur að vera í þessu í svona pólitískum leikaraskap.“

GUNNAR ÖRN MARTEINSSON
ODDVITI SKEIÐA- OG GNÚPVERJAHREPPS

áætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma sé væntanleg og hún hljóti að hafa áhrif á málið.

Gunnar gagnrýnir málsmeðferð ráðuneytisins. Málið hafi verið í fjórtán mánuði á borði þess og sveitarfélagið hafi í tvígang óskað eftir fundum um það, en verið virt að vettugi.

Hörður Arnarson, forstjóri

Landsvirkjunar, segist hafa orðið hissa á úrskurðinum. Fyrirtækið hafi fengið lagalegt álit um aðra niðurstöðu. Hann segir úrskurðinn tefja málið og það verði fyrir vikið kostnaðarsamara. Hann segir menn ekki hafa skoðað nákvæmlega hvað úrskurðurinn þýði, en skipulagsferlið verði endurtekið á einhvern hátt.

Hörður segir úrskurðinn ekki áfellisdom yfir Landsvirkjun. „Nei, nei, alls ekki. Þetta var allt upplýst til ráðuneytisins.“ Hann segir að á endanum hljóti fyrirtækið að greiða þennan kostnað, varla geti menn ætlast til að sveitarfélagið geri það.

kolbeinn@frettabladid.is

Samningar milli lífeyrissjóða:

Tekur yfir rekstur sjóðsins

SVEITARFÉLÖG Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga (LSS) mun taka yfir rekstur Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar (LSK) frá og með 1. mars. LSS mun þá annast allan daglegan rekstur, útreikning og borgun lífeyris og umsjón með reiknishaldi, ásamt móttöku og vörslu iögjalda.

LSS hefur gert sambærilega samninga við sjóði starfsmanna Reykjavíkur, Húsvíkur, Neskaupstaðar og Akraness.

LSK komst í fréttirnar á síðasta ári þegar stjórnin var grunuð um lögbrot og var skipaður umsjónaraðili. Þá kærði Fjármálaeftirlitið stjórnina til efnahagsbrotadeildar Ríkislögreglustjóra.

- kóp

Sagnfræðingafélagið:

Gissur jarl og forsætisráðherra

MENNING Eru líkindi með dómi sögunnar yfir Gissuri jarli Þorvaldssyni og áköllum um landráðamenn útrásarinnar? Þessu veltir Úlfar Bragason, rannsóknarprófessor við Stofnun Árna Magnússonar, fyrir sér í fyrirlestri á vegum Sagnfræðingafélagsins í hádeginu í dag.

Hann spyr hvort verið sé að vísa óbeint til hinnar hefðbundnu störsögu um glæsta gullöld, sem hafi runnið skeið sitt á enda vegna svika óþjóðhollra manna, og hrópum um svik Jóhönnu Sigurðardóttur og annarra ráðherra á Austurvelli 17. júní.

Fyrirlesturinn verður haldinn í Þjóðminjasafninu og hefst klukkan 12.05.

- kóp

VIÐ MÆLUM HEYRNINA ÞÍNA ÓKEYPIS!

HEYRNARSTÖÐIN

Læknastöðin, Kringlunni • Timapantanir 568 7777 • heyrnarstodin.is

VEÐURSPÁ

Elisabet Margeisdóttir veðurfréttamaður

VÍÐA GOTT Veðrið næstu daga verður yfirleitt gott og það verða í rauninni ekki miklar breytingar fram að helgi. Í dag og á morgun verður úrkomulítið og víða nokkuð bjart en á fimmtudag eru horfur á smá snjókomu eða slyddu um suðaustan og austanvert landið.

Á MORGUN 3-10 m/s, hvassara syðst.

FIMMTUDAGUR 5-10 m/s.

HEIMURINN

Alicante	14°
Basel	2°
Berlín	0°
Billund	1°
Eindhoven	4°
Frankfurt	2°
Friedrichshafen	0°
Gautaborg	-1°
Kaupmannahöfn	-1°
Las Palmas	22°
London	7°
Mallorca	12°
New York	4°
Orlando	24°
Ósló	-6°
París	6°
San Francisco	14°
Stokkhólmur	-5°

Vindhraði er í m/s. Hitastig eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

SKJÁREINN FÆRIR ÞÉR SVO MIKLU MEIRA



SkjárEinn býður þér glæsilegt úrval af íslensku og erlendu sjónvarpsefni á sérlega hagstæðu verði. Ef þú missir af upphaldspættinum þínum á SkjáEinum getur þú horft á hann hvenær sem þér hentar með **SkjáFrelsi**. Áskriftin færir þér aðgang

Fáðu þér áskrift á skjareinn.is

að þúsundum nýrra og klassískra bíómynda í **SkjáBíói** og frábæru úrvali af ókeypis barnaefni. Ofan á allt saman getur þú valið á milli mismunandi pakka af heimsklassa skemmtun, fræðslu og fréttum með yfir **60 erlendum sjónvarpsrásum**.



EKKERT
VENJULEGT
SJÓNVARP

SKJÁREINN
AÐEINS
2.200 KR.
Á MÁN.

INNIHELDUR:



SKJÁREINN &
SKJÁRFRELSI



SKJÁRBÍÓ
VOD

KJÖRKASSINN



Ertu ánægð/ánægður með bronsstrákana okkar?

Já	95%
Nei	5%

SPURNING DAGSINS Í DAG

Eiga tannlækningar barna að vera gjaldfrjálslar?

Segðu þína skoðun vísir.is

Meiri endurnýjun í forvali VG en hjá Sjálfstæðisflokki og Samfylkingu:

Níu af átján nýir á forvalslista VG

REYKJAVÍK Níu nýir frambjóðendur eru á átján manna forvalslista VG fyrir komandi borgarstjórnarkosningar. Með nýjum frambjóðendum er átt við þá sem ekki hafa verið í framboði eða tekið sæti á lista fyrir flokkinn áður.

Þetta er nokkuð meiri endurnýjun en í nýloknum prófkjörum Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar, en þar voru fimm nýir á hvorum lista.

Nýir frambjóðendur VG í Reykjavík eru:

Birna Magnúsdóttir, vagnstjóri hjá Strætó. Hún býr í Unufelli og er fædd 1965.

Elín Sigurðardóttir verkefna-

stjóri, býr í Álftamýri og er fædd 1979.

Ingimar Oddsson, ráðgjafi og listamaður, býr á Lynghaga og er fæddur 1968.

Jakobína Ingunn Ólafsdóttir, stjórnsýslufræðingur og doktorsnemi. Hún er búsett við Dyngjuveg og fædd 1974.

Líf Magneudóttir, vefstjóri og grunnskólakennari. Líf á heima við Bræðraborgarstíg og er fædd árið 1974.

Margrét Jónsdóttir, kennari og proskapjálfi. Hún á heima í Spóahólum og er fædd 1957.

Snærós Sindradóttir fram-

haldsskólaniemi, býr við Vesturvallagötu og er fædd 1991.

Vésteinn Valgarðsson stuðningsfulltrúi, býr á Grundarstíg og er fæddur 1980.

Þór Steinarsson háskólaniemi, býr í Karfavogi og er fæddur 1974.

Forvalið verður haldið á laugardaginn næsta. - kóp



VG Sex konur og þrjú karlar bjóða sig fram í fyrsta skipti í forvali VG. Sú elsta er fædd 1956 en sú yngsta 1991. Forvalið fer fram á laugardag.

Misnotkun í þýskum skóla:

Ekki færri en 20 fórnarlömb

ÞÝSKALAND, AP Að minnsta kosti 20 nemendur voru fórnarlömb misnotkunar af hálfu tveggja jesúítapresta sem kenndu við einn af virtustu menntaskólum Þýskalands á áttunda og níunda áratug síðustu aldar. Skólastjóri katólska einkaskólans Canisius Kolleg upplýsti um töluna í gær, en áður var talið að fórnarlömbin væru sjö.

Stefan Dartmann, æðsti prestur jesúítareglunnar í Þýskalandi, viðurkenni líka að prestarnir tveir hefðu haldið misnotkun sinni áfram, bæði á piltum og stúlkum, eftir að hafa verið fluttir til í starfi í aðra skóla í Þýskalandi, Mexíkó, Chile og á Spáni. - ók4

Reykjanesbær:

Hnífamaður var látinn laus

LÖGREGLUMÁL Karlmaður, sem handtekinn var á fimmta tím-anum í fyrrinótt vegna óláta við íbúðarhús á Hringbraut í Keflavík, var látinn laus í gær að loknum yfirheyrslum.

Íbúi í húsinu hringdi eftir aðstoð lögreglunnar á Suðurnesjum þegar maðurinn hóf að berja húsið að utan með skipti-lykli.

Þegar lögreglan kom á staðinn brást maðurinn, sem var mjög ölváður, illa við afskiptum hennar. Meðal annars tók hann upp hníf og veifaði honum í kruggum sig. Hann lét sér þó segjast þegar lögreglumennirnir byrstu sig við hann.

Hann var þá settur í járn og fluttur á lögreglustöð þar sem hann svaf úr sér. - js

BM Vallá hf.:

Vill undanþágu frá afhendingu ársreikninga

DÓMUR BM Vallá hf. hefur höfðað mál gegn Ársreikningaskrá til að komast undan því að afhenda ársreikninga fyrirtækisins og láta birta upplýsingar úr þeim opinberlega.

Krófunni var vísað frá Héraðsdómi Reykjavíkur í gær, þar sem kröfugerð fyrirtækisins þótti ekki nægilega afmörkuð og ákveðin. Ekki lögju fyrir gögn sem styddu fullyrðingar um að í ársreikningunum væru upplýsingar, sem samkeppnisaðilar og aðrir ættu ekki að fá aðgang að vegna fjárhags- og viðskiptahagsmuna BM Vallár.

Þessir gallar á málatilbúnaði komi í veg fyrir að dómurinn taki eftirlit afstöðu. - pg

Grunaður um að hafa stolið gögnum frá vinnuveitanda

Piltur á átjanda ári er grunaður um að hafa stolið tölvugögnum frá lögfræðingi sem starfaði hjá Milestone. Hann bauð fjölmiðlum gögnin til sölu, þar á meðal fréttastofu Stöðvar 2. DV hefur birt ítarlegar fréttir um málefni þeirra sem gögnin varða. Pilturinn var ráðinn af lögfræðingnum til að sinna tölvuöryggi.

LÖGREGLA Piltur á átjanda aldursári hefur verið yfirheyrður hjá lögreglu grunaður um að hafa stolið trúnaðargögnum frá Gunnari Gunnarsyni lögfræðingi. Gögnin varða fyrirtæki og einstaklinga sem lögfræðingurinn hefur starfað fyrir, þar á meðal Milestone og eigendur þess fyrirtækis, Karl og Steingrím Wernersyni, auk tengdra félaga. Þá var meðal gagnanna að finna upplýsingar um fótboltamanninn Eið Smára Guðjohnsen.

Friðrik Smári Björgvinsson, yfir-lögregluþjónn hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, staðfestir að mál sem varðar þjófnáð á tölvugögnum sé til rannsóknar hjá embættinu, en sú rannsókn sé á frumstigi.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins réði Gunnar piltinn til þess að aðstoða við uppsetningu tölvukerfa og sinna tölvuöryggi, en pilturinn titlar sig kerfisstjóra í símaskrá. Í gegnum þau störf mun hann hafa komist yfir öryggiskóða gamalla starfsmanna og notaði þá til þess að fara að næturlagi inn í höfuðstöðvar Milestone við Suðurlandsbraut og víða þar að sér gögnum. Ekki liggur fyrir hversu víða um húsið pilturinn komst inn, en þar eru fleiri fyrirtæki tengd Milestone, svo sem Askar Capital.

Benedikt Árnason, forstjóri Aska Capital, segir engin merki um að farið hafi verið í tölvur eða tölvukerfi þar.

Pilturinn sendi undir lok desember fyrirspurnir á einhverja fjölmiðla um hvort þeir hefðu áhuga á að kaupa gögnin. Þar á meðal er fréttastofa Stöðvar 2, sem neitaði að greiða fyrir þau. Þeir sem

HUGA ÞARF AÐ ÖRYGGISMÁLUM

„Margir átta sig ekki á mikilvægi þess að hafa öryggið í lagi og eru fyrir vikið auðveldari skotmörk,“ segir Friðrik Skúlason, stofnandi og framkvæmdastjóri samnefnds tölvuöryggisfyrirtækis. Hann segir ótal leiðir til að komast í tölvugögn. Oft á tíðum laumist menn til að stela gögnum beint úr tölvum sem þeir einhverja hluta vegna hafi aðgang að. Þá komi fyrir að fólk hafi opin þráðlaus net sem sett hafi verið upp fyrir heimili, en þar með geti nær hver sem er komist inn á netið og í tölvur sem því tengist. „Svo er stundum hægt að koma svokölluðum trújuhestum í tölvur og þarf svo sem enga snillinga til. Slík forrit er hægt að finna á netinu,“ segir Friðrik.

Með réttum öryggisráðstöfunum segir Friðrik hins vegar eiga að vera hægt að komast nær alveg fyrir tölvuinnbrot. „Svo sem með því að vera ekki með þráðlausan router og passa að vera með lykilorð í lagi.“ - ók4




FRÍÐRIK SKÚLASON

til þekkja segja hins vegar nær öruggt að fréttir sem birst hafi í DV síðustu vikur af málefnum eigenda Milestone og um fjármál Eids Smára Guðjohnsen byggist á stolnu gögnum.

Eiður hefur kært ritstjóra DV og blaðamann blaðsins fyrir umfjöllunina.

Lesi má úr skjámyndinni sem pilturinn sendi Stöð 2 heiti á tölvumóppum. Þar á meðal eru möppur sem heita Flugskýlið, Milestone ehf., Moderna Finance AB, Máttur ehf., Sjóvá, Skeggi ehf., Vafningur, L&H eignarhaldsfélag, auk mappna sem varða önnur félög, samninga og trúnaðargögn. Þá er sérmappa sem ber heitið Steingrímur og vísar væntanlega til Steingríms Wernerssonar.

Reynir Traustason, ritstjóri DV, segir blaðið hafa og halda áfram að fjalla ítarlega um málefni útrásarvikinga. Hann muni hins vegar




SKJÁSKOT Skjámynd með upptalningu tölvugagna var send fréttastofu Stöðvar 2 frá tölvupóstfanginu appelsina1@gmail.com.

ekki tjá sig um hvaðan upplýsingar sem blaðið byggir fréttir sínar á sér komnar.

Ekki hefur náðst í Gunnar Gunnarsson lögfræðing.

Þá vildu foreldrar piltins ekki tjá sig um málið þegar eftir því var leitað í gær. olkr@frettabladid.is



VIÐ SUÐURLANDSBRAUT Milestone, Avant, fjármálfyrirtækið Askar Capital og fleiri fyrirtæki eru til húsa við Suðurlandsbraut 12 í Reykjavík. Samkvæmt heimildum blaðsins reyndi piltur sem grunaður er um gagnastuld frá lögmanni Milestone að nota öryggiskóða gamalla starfsmanna til að komast um húsið að næturlagi. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

Hæstiréttur ógildir úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur:

Ramos er enn í dómsskerfinu

DÓMSMÁL Hæstiréttur hefur fellt úr gildi úrskurð Héraðsdóms Reykjavíkur þess efnis að brasilíski gæsluvarðhaldsfanginn, Hosmany Ramos, skuli framseldur til Brasilíu.

Ramos, sem aflánaði 25 ára fangelsisdóm í föðurlandinu fyrir vopnað rán og mannrán, átti eftir að aflána rúmlega ellefu ár þegar honum skaut upp á Keflavíkurflugvelli í ágúst í sumar. Við málflytningu í héraðsdómi kom fram að hann vildi aflána eftirstöðvar refsingarinnar hér á landi. Héraðsdómur staðfesti ákvörðun dómsmálaráðherra um að Ramos yrði framseldur.

Hæstiréttur byggir dóm sinn á því að í greinargerð Ramosar til héraðsdóms sé að finna athugasemd sem ekki verði skilin öðruvísi en svo að hann byggji kröfu sína meðal annars á því að framsalskrafan sé ekki gerð af réttu stjórnvaldi í Brasilíu. Í umræddri greinargerð segir að það hafi verið dómari en ekki dómsmálaráðuneyti sem lagt hafi fram framsalskröfuna. Ekki liggja fyrir með hvaða lagaheimild það sé gert.

Af þessum sökum leggur Hæstiréttur fyrir héraðsdóm að hann taki málið til löglegrar meðferðar og úrskurði á ný. - js



Í DÓMSAL Hosmany Ramos á leið í dómssal.

Jóhann Ólafsson & Co



ALLT AÐ 80% ORKU-SPARNAÐUR

OSRAM SPARPERUM

SKIPTU NÚNA!

SPARAÐU með OSRAM SPARPERUM.

OSRAM OSRAM

SPILLINGUNA BURT ÚR BORGARSTJÓRN

Á borgarstjórnarfundi í dag sem útvarpað verður á **fm 98,3** og á heimasíðu borgarinnar, **reykjavík.is**, verður rætt um spillingu í borginni. Útsending frá fundinum hefst **kl. 14.00**

Að ósk Ólafs F. Magnússonar, borgarfulltrúa F-lista, verður rætt um fjárhaglega hagsmuni borgarfulltrúa. Ólafur mun gera ítarlega grein fyrir eignastöðu sinni og krefjast þess, að aðrir borgarfulltrúar geri slíkt hið sama.

Mikið fjáraustur sumra sigursælla frambjóðenda í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins rennir stoðum undir vísbendingar um að fjárhagsleg tengsl og eignastaða þeirra geri þá vanhæfa til að gegna trúnaðarstörfum sem kjörnir fulltrúar Reykvíkinga.

Ólafur mun jafnframt krefjast þess að borgarastjórnarframboð fjórflokksins geri grein fyrir því hvernig milljónatuga framlögum borgarinnar til þeirra er ráðstafað.

Borgarstjórnarframboð fjórflokksins hafa tvöfaldað framlög borgarinnar til sjálfra sín en jafnframt komið í veg fyrir að framlög rynnu til F-lista framboðsins, sem hefur þegar gert grein fyrir ráðstöfun á framlagi borgarinnar vegna ársins 2008 og lagt fram reikninga í borgarráði.

F-listinn vill að framlög sem honum voru ætluð vegna áranna 2009 og 2010 renni til líknar- og velferðarmála og skorar á hin framboðin að gera slíkt hið sama.

Borgarmálafélag F-lista



1. Hvað heitir Íslendingurinn sem vann til gullverðlauna á X-Games um helgina?
2. Hverjir urðu Evrópumeistarar í handbolta?
3. Hvaða tímamótum fagnar Kvenfélagasamband Íslands um þessar mundir?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 30

Um tíu milljarða króna koltrefjaverksmiðja reist við rætur Hlíðarfjalls við Akureyri:

Hátt í hundrað störf gætu skapast

ATVINNUMÁL Samið hefur verið um að Strokur Energy ehf. undirbúi byggingu koltrefjaverksmiðju á Akureyri. Gróflega er áætlað að þróun og bygging verksmiðjunnar kosti um tíu milljarða króna og að hún geti skapað hátt í eitt hundrað störf.

Rammisamningur um verkefnið, milli Strokks og Akureyrarbæjar, var undirritaður á fimmtudag. Leggur bærin til lóð á Rangárvöllum, við rætur Hlíðarfjalls, og forgang að metangasi sem nýtist við framleiðsluna en það verður endurunnið úr sorphaugum Akureyrarbæjar. Sýna mælingar að hægt sé að vinna nægilegt magn gass næstu tuttugu árin.

Strokur mun afla fjárfesta. „Þetta er besta staðsetning til stóriðju af þessu tagi á landinu,“ segir Eypór Arnalds,

NÝTTAR Í FLUGVÉLAR

Koltrefjar eru notaðar sem styrkingarefni í iðnframleiðslu. Leysa þær ál, stál og timbur af hólmi. Koltrefjar eru meðal annars notaðar í flugvélar.

Strokur kemur að fjárfestingum á sviði endurnýjanlegra orkugjafa. Félagið kom að byggingu aflþynnuverksmiðjunnar sem tók til starfa á Akureyri á síðasta ári.

framkvæmdastjóri Strokks, og bætir við að mikilvægt sé að gera Ísland að áhugaverðum fjárfestingarkosti fyrir erlenda aðila á ný.

Hermann Jón Tómasson, bæjarstjóri á Akureyri, segir verkefnið spennandi, því fylgi aukin fjölbreytni og framboð á vinnu- markaði.



SAMNINGURINN HANDSALAÐUR Hermann Jón Tómasson og Eypór Arnalds. FRÉTTABLAÐIÐ/VE

Nær þrítugur karlmaður:

Mánuður fyrir fíkniefnabrot

DÓMSMÁL Nær þrítugur karlmaður hefur verið dæmdur í eins mánaðar fangelsi fyrir fíkniefnabrot. Maðurinn er ákærður fyrir að hafa tæp 28 grömm af amfetamíni undir höndum á heimili sínu á Suðurlandi. Hann játaði brot sitt skýlaust fyrir dómi.

Maðurinn á að baki langan brotaferil. Þetta er í fimmta sinn frá árinu 2003 sem hann hefur verið fundinn sekur um brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni. -jss

ALÞINGISFRÉTTIR

Nýr vefur um Icesave

Á alþingisvefnum er nú að finna síðu með því efni sem tengist Icesave. Þar er að finna lög, þingsályktun og efni sem tengist ríkisábyrgð vegna Icesave. Tengil er að finna efst í hægra horni á forsíðu vefjar Alþingis.

Ný skoðanakönnun um Icesave-samningana:

Mikill meirihluti ætlar að segja nei

KÖNNUN Meirihluti þjóðarinnar ætlar að fella Icesave-lögin í þjóðaratkvæðagreiðslu samkvæmt nýrri könnun Gallup. Flestir eru á því að forsetinn hafi gert rétt í því að neita að skrifa undir. Þetta kom fram á vef Ríkisútvarpsins í gær.

Þar segir að 61 prósent aðspurðra telji Ólaf Ragnar Grímsson hafa gert rétt í því að skrifa ekki undir Icesave-lögin í byrjun janúar. Tíundi hluti hefur enga sérstaka skoðun á málinu en innan við þriðjungur telur ákvörðun hans hafa verið ranga.

Þá ætlar meirihluti fólks, eða 61 prósent, að segja nei þegar gengið verður til þjóðaratkvæðagreiðslu um Icesave samkvæmt könnun Gallup. 30 prósent hyggjast segja



ÓLAFUR RAGNAR GRÍMSSON Rúm 60 prósent svarenda eru á því að forsetinn hafi gert rétt í því að neita að skrifa undir.

já og 4 prósent hyggjast skila auðu. Gallup valdi 5.600 manns handahófskennt út úr viðhorfhópi sínum til að spyrja um Icesave og ákvörðun forsetans. Tveir þriðju svöruðu á tímabilinu 20. til 26. janúar.



STRÍÐINU MÓTMÆLT Fjöldi fólks mótmælti innrásinni í Írak við stjórnmálaráðgjafi árið 2003. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

Rannsóknin verði fyrir opnum tjöldum

Rannsókn á stuðningi Íslands við innrás í Írak á að fara fram fyrir opnum tjöldum, segja flutningsmenn tillögunnar. Framsókn styður tillöguna. Undarleg forgangsroðun, segir varaformaður Sjálfstæðisflokks.

STJÓRNMÁL Í væntanlegri tillögu um rannsókn á því hvers vegna Ísland var á lista viljugra þjóða, þegar ráðist var inn í Írak 2003, verður kveðið á um að yfirheyrslur fari fram fyrir opnum tjöldum.

Svo segja þingmennirnir Steinunn Valdís Óskarsdóttir og Ögmundur Jónasson, sem eru upphafsmenn tillögunnar.

Steinunn segir að yfirheyrslurnar skuli verða aðgengilegar almenningi en nánari útfærsla, svo sem um hvort yfirheyrslum yrði útvarpað eða sjónvarpað, sé ekki tilbúin.

Ögmundur segir að sér persónulega finnst sjálfsagt að yfirheyrslurnar verði fyrir opnum tjöldum, en svo komi í ljós hvað þinginu finnst um útfærsluna.

Nokkrir þingmenn Framsóknarflokksins munu gerast meðflutningsmenn þingsályktunartillögunnar og flokkurinn leggst því fráleitt gegn henni. Þetta segir varaformaður flokksins, Birkir Jón Jónsson. Spurður um eigin afstöðu segir Birkir að tillögunni hafi ekki verið dreift og hann ákveði sig því ekki að svo stöðdu.

„Það er sjálfsagt mál að þessi ákvörðun verði skoðuð á vettvangi þingsins,“ segir hann.

Spurður hvort málið sé viðkvæmt innan flokksins, í ljósi þess að ákvörðunin var tekin í stjórnmálum Framsóknar, segir Birkir:

„Við Dagný [Jónsdóttir, fyrrum þingmaður Framsóknar] stóðum nú sem forystumenn Sambands ungra Framsóknarmanna á mótmælafundum gegn þessari ákvörðun á sínum tíma, þannig að það ekkert leyndarmál hver mín afstaða er.“

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, varaformaður Sjálfstæðisflokksins, segir eðlilegt að fara vel yfir tillöguna þegar hún kemur fram. Hún vill sjá hana áður en hún tekur afstöðu til hennar.

„En á hinn bóginn finnst mér þetta svolítið æpandi að við séum að ræða þessa tillögu á ársafmæli ríkisstjórnarinnar en ekki um skuldavanda heimilanna, hagsmuni atvinnulífsins, vaxtastig, atvinnuleysi og svo framvegis. Mér finnst það nú svolítið ironískt. En ef menn vilja fara þessa leið í forgangsroðun, þá er það skýrt af hálfu ríkisstjórnarflokksins,“ segir hún. Þrennar þingkosningar hafi farið fram síðan stríðið hófst, án umræðu um stuðning Íslands.

klemens@frettabladid.is

OPIN RÁÐSTEFNA VÍS OG VINNUEFTIRLITSINS 2010

FORVARNIR Í FYRIRRÚMI

VERÐUR HALDIN FIMMTUDAGINN 4. FEBRÚAR 2010

KL. 13.00-16.00 Á AÐALSKRIFSTOFU VÍS, ÁRMÚLA 3, 5. HÆÐ
AÐGANGUR ÓKEYPIS

Fundarstjóri: ÞÓRUNN SVEINSDÓTTIR, deildarstjóri hjá Vinnueftirlitinu.

SKRÁNING ER HAFIN Á HEIMASÍÐU VÍS, vis.is

DAGSKRÁ

- 13.00 Setning ráðstefnunnar og kynning á samstarfi VÍS og VER | GUÐMUNDUR ÖRN GUNNARSSON forstjóri VÍS.
- 13.10 Áhættumat fyrirtækja | GUÐMUNDUR INGI KJERÚLF, verkefnastjóri hjá Vinnueftirlitinu. Hvað er áhættumat?
- 13.30 Áhættumat og forvarnir sveitarfélaga | EINAR G. MAGNÚSSON, verkefnastjóri áhættumats hjá Rangárvöllum. Skipulag og framkvæmd áhættumats – reynsla eftir okkar fyrstu umferð.
- 13.50 Atvikaskráning hjá Strætó bs. | STEINDÓR STEINÞÓRSSON, deildarstjóri akstursdeilda | BERGDÍS EGGERTSDÓTTIR, verkefnastjóri. Fyrstu skrefin og sjáanlegur ávinningur.
- 14.10 Alcan-atvikaskráning | REYNIR GUBJÓNSSON, öryggisfulltrúi. Langtíma ávinningur og árangur atvikaskráningar í álveri.
- 14.30 Kaffi og meðlæti.
- 15.00 Áhættumat og slys hjá bændum | KRISTINN TÓMASSON, yfirlæknir hjá Vinnueftirlitinu. Áhættumat er leiðin.
- 15.10 Áhættumat á bifreiðaverkstæði | BJARKI HARÐARSON, forstjóri Bílson. Undirbúningur og gerð áhættumats.
- 15.20 Áhættumat á vélaverkstæði | KÁRI PÁLSSON, forstjóri Hamars. Framkvæmd áhættumats, ávinningur og yfirfærsla á aðrar starfsstöðvar.
- 15.30 Forvarnarverðlaun VÍS.
- 15.50 Samantekt á ráðstefnu og áherslur Vinnueftirlitsins 2010 | EYJÓLFUR SÆMUNDSSON, forstjóri Vinnueftirlitsins.
- 16.00 Ráðstefnulok.



ÞINGMENN FLOKKA Tillaga um rannsókn á aðdraganda þess að Íslendingar studdu innrásina í Írak liggur nú fyrir Alþingi. Flutningsmenn vilja að yfirheyrslurnar verði fyrir opnum tjöldum en óvíst hvort þeim verður varpað beint til almennings, eins og gert er þessa dagana í sambærilegum yfirheyrslum yfir Tony Blair, páverandi forsætisráðherra Bretlands.

Skjoðu dæmi um betri notaða bíla hjá Brimborg



Komdu og skoðuðu betri kjör

<p>1.4i bensin 5 gir 4 dyra. Skrd. 02/2001. Ek. 148.000 km. Verð 500.000 kr. Betri afsaltnar 200.000 kr. Kjörinn bíll 390.000 kr.</p>	<p>Volvo XC70 SE AWD (RX481) 2.4i D5 dísl sjálfstíptur stasjon. Rafdrifin framsæti, vélafitari, blæðuþótt sírskerti ofl. Skrd. 08/2006. Ek. 62.000 km. Verð 5.090.000 kr. Betri afsaltnar 400.000 kr. Kjörinn bíll 4.690.000 kr.</p>	<p>Ford Escape XLT AWD (PE925) 3.0i bensin sjálfstíptur 5 dyra. Skrd. 06/2007. Ek. 79.300 km. Verð 3.050.000 kr. Betri afsaltnar 400.000 kr. Kjörinn bíll 2.650.000 kr.</p>	
<p>Citroën C4 Comfort (YF537) 1.6i bensin sjálfstíptur 5 dyra. 16" álfelgur ofl. Skrd. 02/2006. Ek. 39.700 km. Verð 1.990.000 kr. Betri afsaltnar 400.000 kr. Kjörinn bíll 1.590.000 kr.</p>	<p>Volvo C4 SX (YE988) 1.6i bensin sjálfstíptur 5 dyra. Skrd. 02/2006. Ek. 45.000 km. Verð 1.390.000 kr. Betri afsaltnar 250.000 kr. Kjörinn bíll 1.640.000 kr.</p>	<p>Opel Corsa (YTH16) 1.2i bensin 5 gir 4 dyra. Skrd. 01/2008. Ek. 52.000 km. Verð 1.920.000 kr. Betri afsaltnar 230.000 kr. Kjörinn bíll 1.690.000 kr.</p>	<p>Ford C-Max Trend (0G936) 2.0i bensin sjálfstíptur 5 dyra. Skrd. 06/2006. Ek. 45.000 km. Verð 2.490.000 kr. Betri afsaltnar 500.000 kr. Kjörinn bíll 1.990.000 kr.</p>
<p>Ford Focus Trend (5X825) 1.6i bensin sjálfstíptur stasjon. Skrd. 06/2005. Ek. 58.200 km. Verð 1.889.000 kr. Betri afsaltnar 390.000 kr. Kjörinn bíll 1.490.000 kr.</p>	<p>Citroën Xsara Picasso Exclusive (LX727) 1.6i bensin 5 gir 5 dyra. Skrd. 10/2006. Ek. 54.200 km. Verð 2.240.000 kr. Betri afsaltnar 350.000 kr. Kjörinn bíll 1.890.000 kr.</p>	<p>Mazda3 Touring Plus (VE790) 1.6i bensin sjálfstíptur 5 dyra. Skrd. 12/2006. Ek. 60.300 km. Verð 2.150.000 kr. Betri afsaltnar 160.000 kr. Kjörinn bíll 1.990.000 kr.</p>	<p>Ford Escape XLT AWD (ZL657) 3.0i bensin sjálfstíptur 5 dyra. 16" álfelgur, bókkastáðar rúður að aftan ofl. Skrd. 11/2005. Ek. 60.000 km. Verð 2.650.000 kr. Betri afsaltnar 460.000 kr. Kjörinn bíll 2.190.000 kr.</p>
<p>Renault Kangoo (YY974) 1.6i bensin 5 gir 6 dyra. Skrd. 05/2006. Ek. 66.000 km. Verð 1.420.000 kr. Betri afsaltnar 430.000 kr. Kjörinn bíll 990.000 kr.</p>	<p>Ford Mondeo Trend (UA864) 2.0i bensin sjálfstíptur stasjon. Opplifartægt framrúða, loftkæling ofl. Skrd. 09/2006. Ek. 37.000 km. Verð 2.390.000 kr. Betri afsaltnar 250.000 kr. Kjörinn bíll 2.140.000 kr.</p>	<p>Ford Focus Trend (5X825) 1.6i bensin sjálfstíptur stasjon. Skrd. 06/2005. Ek. 58.200 km. Verð 1.889.000 kr. Betri afsaltnar 390.000 kr. Kjörinn bíll 1.490.000 kr.</p>	<p>Ford Transit 280S (RK899) 2.0 dísl 5 gir 6 dyra. Rennandi einnig á vinstri hlið. Klaðbréngi og gólf ofl. Skrd. 09/2006. Ek. 47.000 km. Verð 2.320.000 kr. Betri afsaltnar 330.000 kr. Kjörinn bíll 1.990.000 kr.</p>
<p>Mazda3 Touring (M6718) 2.0i bensin sjálfstíptur 4 dyra. Fílmur í afturrúðum, vinsæld að aftan ofl. Skrd. 12/2006. Ek. 58.200 km. Verð 2.390.000 kr. Betri afsaltnar 200.000 kr. Kjörinn bíll 2.190.000 kr.</p>	<p>Ford Escape XLS AWD (MG854) 2.5i bensin sjálfstíptur 5 dyra. 15" álfelgur, þveggjar ofl. Skrd. 06/2004. Ek. 81.000 km. Verð 1.890.000 kr. Betri afsaltnar 500.000 kr. Kjörinn bíll 1.390.000 kr.</p>	<p>Ford Focus Trend (5X825) 1.6i bensin sjálfstíptur 5 dyra. Skrd. 06/2005. Ek. 58.200 km. Verð 1.889.000 kr. Betri afsaltnar 390.000 kr. Kjörinn bíll 1.490.000 kr.</p>	<p>Ford Focus Trend (NG526) 1.6i bensin sjálfstíptur 4 dyra. Skrd. 08/2006. Ek. 43.000 km. Verð 2.190.000 kr. Betri afsaltnar 450.000 kr. Kjörinn bíll 1.740.000 kr.</p>
<p>Toyota Avensis Exe (IRK90) 2.0i bensin sjálfstíptur 4 dyra. Skrd. 10/2007. Ek. 29.000 km. Verð 3.990.000 kr. Betri afsaltnar 300.000 kr. Kjörinn bíll 3.690.000 kr.</p>	<p>Ford Focus Trend (NG526) 1.6i bensin sjálfstíptur 4 dyra. Skrd. 08/2006. Ek. 43.000 km. Verð 2.190.000 kr. Betri afsaltnar 450.000 kr. Kjörinn bíll 1.740.000 kr.</p>	<p>Volvo S60 SE+ (VZ137) 2.5i Turbo bensin sjálfstíptur 4 dyra. Rafdrifin framsæti, Xenon ljós, 17" álfelgur ofl. Skrd. 10/2006. Ek. 32.000 km. Verð 4.720.000 kr. Betri afsaltnar 530.000 kr. Kjörinn bíll 4.190.000 kr.</p>	<p>Citroën C4 SX (PF605) 1.6i bensin sjálfstíptur 5 dyra. Skrd. 02/2006. Ek. 26.110 km. Verð 1.990.000 kr. Betri afsaltnar 250.000 kr. Kjörinn bíll 1.740.000 kr.</p>

Betri notaðir bílar í Brimborg
Rýmingarsala í dag

Notaður upp í notaðan

Komdu í Brimborg

Stu kjörin í dag

Settu notaðan bíl upp í nýrri notaðan

Líttu við í kaffi í dag
Kannaðu sveigjanlega greiðslumöguleika



Smelltu á notadir.brimborg.is og veldu notaðan bíl fyrir þig – farðu síðan á bgs.is og sannreynðu tilboð dagsins. Komdu í Brimborg í dag.



Volvo S60 SE (LI333)
2.0i Turbo bensin sjálfstíptur 4 dyra. Sölluá ofl.
Skrd. 09/2006. Ek. 72.000 km.
Verð 3.290.000 kr.
Betri afsaltnar 600.000 kr.
Kjörinn bíll 2.690.000 kr.

Kauptu betri notaðan bíl hjá Brimborg í dag

Rýmingarsala á betri notaðum bílum
Komdu. Gerðu betri bílakaup.

Skiptu um bíl í dag. Settu notaðan upp í nýrri notaðan bíl hjá Brimborg. Spjallaðu við sérfræðinga Brimborgar í dag. Komdu og skoðuðu rýmingarkjörin. Gerðu bílakaup ársins á sérstökum rýmingarkjörum. Komdu í kaffi. Alveg kjörið.

Afram Ísland. Komdu í Brimborg.

fjárlst og óháð





ÓHAPP Gordon Brown, forsætisráðherra Breta, (til vinstri) og rugby-leikmaðurinn Lawrence Dellaglio (til hægri), aðstoða Derek Derenalagi, fyrrverandi, hermann sem missti báða fætur í Afganistan árið 2007, þar sem hann dettur í anddyri forsætisráðherrabústaðarins í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sælgætistilboð á „nammidögum“ hvetja til enn meiri sætindaneyslu:

Sælgætisneysla enn að aukast

HEILBRIGÐISMÁL „Tímabært er að breyta áherslum nammidagsins og bjóða í stað sælgætis upp á ríflegan aflátt af ávöxtum á laugardögum.“ Þetta segir í tilkynningu Lýðheilsustöðvar sem send var út í tilefni af tannverndarviku sem nú stendur yfir.

Ríftað er upp að árið 1987 hafi Tannverndarráð lagt til að komið yrði á svokölluðum „nammidegi“ til að sporna við mikilli sætinda- og gosdrykkjaneyslu og fækka þannig tannskemmdum hjá börnum og ungmennum. Hugmyndin er sögð hafa farið vel af stað og auðveldað mörgum foreldrum að viðhalda reglu, sem börn þeirra hafi svo lært að virða.



HÓLMFRÍÐUR GUÐMUNDSDÓTTIR

„Undanfarin ár hafa „nammibarir“ rutt sér til rúms og orðið mjög áberandi í flestum verslunum. Á laugardögum bjóðast rífleg aflátt-

arkjör, sem samkvæmt markaðslögmálum hvetja til enn meiri sælgætisneyslu. Í sumum verslunum er afláttur á sælgæti í boði fleiri daga og jafnvel alla daga vikunnar,“ segir í tilkynningunni, en undir hana skrifa Jóhanna Laufey Ólafsdóttir tannfræðingur og Hólmfríður Guðmundsdóttir, tannlæknir hjá Lýðheilsustöð.

Ben er á að því meira sem börn fái af viðbættum sykri því minna borði þau af hollum mat. „Fæðuframboðstölur frá árinu 2008 gefa vísbendingar um að sælgætisneysla hér á landi sé enn að aukast en neysla á ferskum ávöxtum dróst aftur á móti saman það árið.“ - óká

Samgöngumál:

Ráðherra sjálfur í vinnuhópi um veggjöld

SAMGÖNGUMÁL Kristján L. Möller samgönguráðherra hefur skipað sjálfan sig í vinnuhóp til að fjalla um kosti og galla veggjalda og „fá fram hugmyndir um hvaðeina sem tengist fjármögnun samgönguframkvæmda til frambúðar“ eins og segir í tilkynningu frá ráðuneytinu. Þingmennirnir Árni Þór Sigurðsson, VG, Höskuldur Þórhallsson, Framsóknarflokkur og Róbert Marshall, Samfylkingu, skipa vinnuhópinn auk ráðherrans og Gunnars Einarssonar, bæjarstjóra í Garðabæ.

- pg

Skagfirsk framleiðsla á góðu verði í Bónus

Uppskriftir á www.lambakjot.is

Úrvals súpukjöt, eða kjöt í karrý

598,- PR. KG.

Bestu bitarnir. Léttsaltaðir þoskbitar. Merkt verð 699,- pr./kg.

699,- PR. KG.



Sviðakjambur, fullhreinsaðir

269,- PR. KG.

BONUS BÝÐUR BETUR

Hringdu í síma

512 5060

ef blaðið berst ekki



Framtíðarsýn spítala og háskóla samofin

Nýbygging Landspítalans við Hringbraut gefur tækifæri til að hérlandis verði rekið eitt fullkornasta háskólasjúkrahús Evrópu. Framtíðarsýn forstjóra LSH og menntamálaráðherra er að samþætta enn frekar samstarf skóla og spítala.

MENNTAMÁL Nýtt klínískt rannsóknasetur Landspítalans og Háskóla Íslands var opnað á dögunum. Setrið er áfangi í að auka samstarf stofnananna tveggja en framtíðarsýn forstjóra LSH er að heilbrigðismenntun færir meira og minna til spítalans.

„Þegar við flytjum inn í nýtt hús vona ég að búið verði að samþætta enn frekar starfsemi Landspítalans og háskólans. Þróunin er öll í þessa átt að heilbrigðishluti háskólans sé rekinn saman en ekki sem tvær stofnanir. Á það bæði við um húsnaði og stjórnkerfið,“ segir Björn Zoëga, forstjóri LSH. Björn segir að fyrirmyndin við uppbygginguna sé í sínum huga Karólínska sjúkrahúsið í Stokkhólmi, sem er talið eitt fremsta háskólasjúkrahús í heimi.

„Við erum með heilbrigðisþjónustu sem er hátt skrifuð í heiminum. Mæling OECD sýnir að rannsóknir og vísindi á heilbrigðisviði hér á landi er meðal þess mesta sem gerist. Við viljum byggja á þessu og erum því að auka svokallaðar klínískar rannsóknir.“ Þar vísar Björn til hagnýtra rannsókna, eins og til dæmis á lyfjum og lækningatækjum, en LSH hefur lengi verið í fremstu röð í grunnrannsóknunum. Hann segir að fyrirtæki leiti nú frekar til stofnana um samstarf í stað samstarfs við einstaklinga áður, sem byggir undir áður nefnda samþættingu LSH og HÍ sem er mikil fyrir.

„Á hverju ári erum við að mennta um ellefu hundruð nemendur og erum því ein af fimm stærstu menntastofnunum landsins,“ segir Björn. „Það má líka



LANDSPÍTALINN Stefnir er að því að samþætta enn frekar starfsemi Landspítalans og Háskóla Íslands. MYND/LSH

Rannsóknir OECD sýnir að rannsóknir og vísindi á heilbrigðisviði hér á landi er meðal þess mesta sem gerist. Við viljum byggja á þessu og erum því að auka svokallaðar klínískar rannsóknir.

BJÖRN ZOËGA
FORSTJÓRI LANDSPÍTALANS

benda á það að fjórar af hverjum tíu vísindagreinum Íslendinga hafa tengsl inn á Landspítalann og vel yfir tíu prósent af rekstrarkostnaði spítalans er í raun kostnaður við að vera háskólaspítali.“

Björn vitnar til orða Katrín-

ar Jakobsdóttur menntamálaráðherra á læknaðögum nýverið um að HÍ „ætti og verði“ að fylgja spítalanum eftir í uppbyggingu.

Katrín segist hafa viljað ítreka að við Hringbraut risi ekki aðeins spítali heldur einnig mennta- og rannsóknastofnun. Aðspurð hvort á teikniborðinu séu áform um byggingar á vegum háskólans sem tengjast muni nýju sjúkrahúsi segir Katrín ekkert í hendi hvað það varðar. „Í framtíðinni er hugsunin hins vegar að öll heilbrigðismenntun háskólans verði með einum eða öðrum hætti tengd sjúkrahúsinu. Hins vegar þarf vart að taka það fram að hugsunin er ekki sú að eyða stórum fjármunum í þetta.“

svavar@frettabladid.is

Eindregin viðvörðun við frekari niðurskurði í grunnskólum borgarinnar:

Skólaráð mun láta í sér heyra

MENNTAMÁL „Skólaráði Seljaskóla finnst að því komi sá niðurskurður við, sem skólinn verður fyrir, og boðar að það muni láta í sér heyra.“ Þetta segir Þóroddur Kristjánsson, skólastjóri Seljaskóla, spurður um nýlega ályktun skólaráðs skólans.

„Skólaráð Seljaskóla mun ekki sitja aðgerðarlaust hjá, komi til frekari niðurskurðar á starfsemi skólans,“ segir í ályktuninni, „og óskar eftir því að fyrirætlanir fræðslufirvalda varðandi skólamál verði kynntar foreldrum í hverfinu áður en til framkvæmda kemur.“

Þóroddur segir að þarna eigi skólaráðið við að það muni halda áfram að ræða við fræðslufirvald. Hins vegar sé ekki verið að boða neinarmót mælagerðir.

Í ályktun skólaráðsins segir enn



SELJASKÓLI Skólaráðið svarar við frekari niðurskurði.

fremur að það ástand sem skólinn búi við geti gengið í takmarkaðan tíma, en ekki til lengdar. Nauðsynleg endurnýjun á tækjabúnaði þurfi að vera til staðar, endurmenntun starfsfólks megi ekki staðna og námsferðir nemenda

meigi ekki stöðvast. Skerðing á forfallastundum sé óviðunandi og skert gæsla í frímínútum geti ógnað öryggi barnanna.

Varar skólaráðið eindregið við frekari niðurskurði í grunnskólum borgarinnar.

- js

SPRENGIVÍKA

í fullum gangi

**TILBOÐ
UM ALLA
BÚÐ!**



LOFTLJÓS

Verð 24.900 kr.

TILBOÐ 14.000 kr.




**NOKKUR
SÝNISHORN
Á ÓTRÚLEGU
VERÐI**

LOFTLJÓS

Verð 89.900 kr.

TILBOÐ 50.000 kr.



LOFTLJÓS

Verð 45.900 kr.

TILBOÐ 20.000 kr.



ÚTILJÓS

Verð 19.900 kr.

TILBOÐ 9.000 kr.



VEGGLAMPI

Verð 12.900 kr.


TILBOÐ 7.000 kr.



KASTARI

Verð 13.900 kr.

TILBOÐ 6.000 kr.



LOFTLJÓS

Verð 16.900 kr.

TILBOÐ 8.000 kr.



LOFTLJÓS

Verð 18.900 kr.

TILBOÐ 10.000 kr.



GÓFLAMPI
Verð 24.900 kr.
TILBOÐ 14.000 kr.



GÓFLAMPI
Verð 17.900 kr.
TILBOÐ 10.000 kr.



GÓFLAMPI
Verð 24.900 kr.
TILBOÐ 14.000 kr.

BORÐLAMPI

Verð 9.900 kr.

TILBOÐ 5.000 kr.



LESLJÓS

Verð 14.900 kr.

TILBOÐ 7.000 kr.

PFAFF



GERUM BETUR Íslensku strákarnir voru hylltir í Laugardalshöllinni í gær eftir frábæran árangur.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



UNGIR AÐDÁENDUR Um tvö þúsund manns voru saman komnir í Höllinni í gær til að fagna strákunum okkar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

Strákarnir komnir heim

Íslenska karlalandsliðið í handbolta kom heim í gær eftir frækinn árangur á Evrópumeistaramótinu. Um tvö þúsund manns tóku á móti strákunum okkar í Laugardalshöllinni.



POPPLAG Í BRONS-DÚR Valgeir Guðjónsson og nokkrir Stuðmanna sáu um að skemmta fólkinu og fengu góðan stuðning frá landsliðsmönnum í Gerum betur.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

SILFUR OG BRONS Strákarnir hafa unnið til tvennra verðlauna á síðustu stórmótum, silfur á Ólympíuleikum og brons á Evrópumeistaramóti.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIETUR

UMHVERFISVOTTUÐ
PRENTSMÍÐJA

**Sruli Récht
hönnuður**

**Margrét S. Valgarðsdóttir
nemi í fatahönnun**

Oddi fyrir þig,
þegar hentar,
eins og þér
hentar.

Prentun
frá A til Ö.



50 kassar utan um augnakonfekt.



500 bæklingar með nýju sniði.



Skráðu þig í tölvunám

Menntun sem gefur þér forskot

Geymdu auglýsinguna

1986 - 2010 • 24 ár í fremstu röð

Vertu betri með því að sækja nám í Tölvuskóla Tölvu- og verkfræðiþjónustunnar við Grensásveg sem er viðurkenndur af menntamálaráðuneytinu sem einkaskóli á framhaldsskólastigi. Skólinn er elsti tölvuskólinn á Íslandi og um 40.000 nemendur hafa sótt tölvumenntun sína til skólans á 24 árum. Nýttu þér tækifærin og skráðu þig strax í skólann sem flestir sækja.

Tölvuskóli TV er viðurkenndur af menntamálaráðuneyti og erlendum aðilum til að tryggja hagsmunum nemenda.



Veldu nám sem hentar þér og skráðu þig strax hjá Tölvuskóla TV:

Úrvalsnám og -námskeið

Stafræn ljósmyndun og myndbönd

Stafræn ljósmyndun13 st./16.900
Stafræn myndbandagerð.....13 st./18.900
Ljósmyndavinnsla með Picasa9 st./12.900
Photoshop Elements.....13 st./18.900

Excel námskeið

Excel I: Almenn nám22 st./26.900
Excel IIa: Sérhæft nám18 st./32.900
Excel IIb: Fjarm., bókh. & endsk.18 st./39.900
Excel IIc: Fjölvar og forritun27 st./49.900
Pivottöflur í Excel.....5 st./12.900

Stjórnun, sparnaður & skipulagning

PRINCE2 verkefnastjórnun13 st./34.900
Project verkefnastjórnun22 st./39.900
Hugarkort - MindMaps.....4 st./9.900
Tímastjórnun með Outlook4 st./9.900
Betri tímastjórnun9 st./16.900
Sparnaður í tölvumálum.....18 st./59.900

PowerPoint, Word og Publisher

PowerPoint I: Almenn nám13 st./16.900
PowerPoint II: Sérhæft nám9 st./14.900
PowerPoint I + II22 st./25.900
Publisher: Bæklingar, kort ofl.13 st./21.900
Word I: Almenn ritvinnsla22 st./26.900
Word II: Kraftmikil ritvinnsla18 st./26.900
Vinnsla langra skjala í Word13 st./18.900
Dreifibréf og markpóstur í Word4 st./8.900

DreamWeaver, Photoshop & Flash

DreamWeaver vefsíðugerð27 st./32.900
DreamWeaver og Photoshop54 st./54.900
DreamW., Photoshop og Flash.....72 st./76.900
Flash I: Margmiðun18 st./27.900
Flash II: Action Script forritun18 st./27.900
Flash I + II36 st./49.900
Photoshop: Ljós- og grafík.....27 st./32.900
Photoshop II: Framhald.....18 st./32.900

Forritun, SQL og Access

ASP .NET vefforritun36 st./79.900
SQL grunnur.....13 st./26.900
Access I: Almenn nám22 st./29.900
Access II: Sérhæft nám18 st./34.900

Outlook og Internetið

Outlook I: Póstur, dagbók ofl.....13 st./18.900
Outlook II: Fyrir lengra komna.....9 st./14.900
Internetið og tölvupóstur9 st./14.900
Kvöldstund með Facebook4 st./6.900

Gagnleg námskeið

Fingrasetning - tölvuvérlitun6 st./7.500
Windows fyrir byrjendur9 st./11.900



Almennt tölvunám

Morgunnám hefst 18. febrúar

Frábært nám fyrir þá sem hafa litla reynslu af tölvunotkun en vilja fá gott og ítarlegt nám um allt það helsta sem gert er með tölvum. Námsgreinar: Windows, Word, Excel, PowerPoint, tölvupóstur og Internetið. Gagnleg verkefni leyst sem nýttast heima og í vinnu.

Verð: 74.900 Stundir/einingar: 90/4



Tölvunám fyrir 50+

Dagnám hefst 3. febrúar

Skemmtilegt nám, miðað við þarfir atvinnulífsins fyrir almenna tölvuþekkingu, sem hentar jafnt þeim sem hafa stigið sín fyrstu skref og hinum sem ekki hafa komið nálægt tölvu. Námsgreinar: Windows, Word, Excel, Internetið, tölvupóstur og stafræn ljósmyndun

Verð: 64.900 Stundir/einingar: 72/3



Stafræn ljósmyndun

Dag-, síðdegis eða kvöldnám

Einstakt námskeið þar sem þú lærir að nota stafrænu myndavélina, stilla hana og taka betri myndir. Þú lærir líka að flytja myndirnar inn í tölvuna, laga þær til, prenta, búa til slideshow, færa á geisladisk til eignar eða gjafa og senda með tölvupósti, allt með Picasa.

Verð: 16.900 Stundir: 13



Hagnýt verkefnastjórnun

Morgunnám hefst 12. febrúar

Nám fyrir þá sem vilja ná góðum tókum á nútíma verkefnastjórnun og ná hámarksárangri. Námsgreinar: Undirstaða nútíma-verkefnastjórnunar, aðferðarfræði við undirbúning, áætlun og stjórnun. Notkun hugarkorta, Excel, Project og Outlook við verkefnastjórnun.

Verð: 99.900 Stundir/einingar: 50/2



Hagnýt bókhaldsnám II

Kvöldnám hefst 9. feb. og morgunnám 16.mar.

Framhaldsnámskeið í bókhalði fyrir þá sem vilja ná dýpri skilningi á flóknari færslum fjárhagsbókhalds og nýta sér betur sérkerfi til að vinna upplýsingar úr þeim og geta gengið frá sundurliðinum til skattauppgjörs og ársreikningagerðar endurskoðanda.

Verð: 79.900 Stundir/einingar: 60/3



Photoshop Elements

Morgun- eða kvöldnám

Frábært nám fyrir þá sem vilja gera góðar ljósmyndir ennþá betri með Photoshop Elements. Lagfærðu og breyttu myndum, flokkaðu þær, prentaðu og settu þær á vefinn. Frábært framhald fyrir þá sem kunna á Picasa.

Verð: 18.900 Stundir: 13



Vefhönnun og margmiðun

Síðdegisnám hefst 11. febrúar

Spennandi og skemmtilegt nám sem gefur þér það sem þú þarft til að starfa við vefhönnun, vefstjórnun og grafík. Námsgreinar: Hönnun vefja, HTML, DreamWeaver, Photoshop I og II, Flash og Action Script í Flash. Námið er 5 áfangar og er hægt að taka einstaka áfanga.

Verð: 129.900 Stundir/einingar: 108/5



MCITP Windows 2008 kerfisstjórnun

Síðdegisnám hefst 9. febrúar

Krefjandi og gefandi nám sem býr þig undir alþjóðleg próf og starf sem Microsoft Certified Server Administrator (MCITP). Námið er þriggja áfanga og er hægt að taka einn, tvo eða alla áfangana í einu (MCTS). Námið opnar þér nýjar dyr að áhugaverðu og spennandi starfi.

Verð: 269.900 Stundir/einingar: 150/7



Visual C# .NET forritun

Kvöldnám hefst 11. febrúar

Frábært nám fyrir þá sem vilja læra vinsælasta forritunarmálið. Hnitmiðað og yfirlýðingarmikið nám sem undirbýr þig fyrir krefjandi starf við forritunarverkefni og alþjóðlega próftöku í forritun. ASP vefforritun er hluti af náminu en hægt er að sækja eingöngu ASP vefforritun.

Verð: 159.900 Stundir/einingar: 94/4

Morgunn: 9:00-12:00 - dagur: 13:00-16:00 - síðdegi: 16:15-19:15 - kvöld: 19:30-22:30 - stund = 40 mín - eining = ígildi einnar námseiningar í framhaldsskóla

Gott að vita!

- VR, Efling og flest önnur stéttarfélög styðja félagsmenn sína til náms hjá okkur
- Afsláttur er veittur atvinnulausum og til félaga í VR, Eflingu, SFR og mörgum öðrum félögum
- 30 daga ókeypis símaþjónusta að loknu námi
- Ókeypis fortallatrygging felur í sér að þú getur bætt þér upp veikindi og forföll, innan árs
- Vinnuálastofnun styður atvinnulausa til náms hjá okkur skv. reglum stofnunarinnar.
- Mjög hagstæð lán og greiðsluskilmálar.

Tölvunám TV til betri verka

- hringdu núna í síma 520 9000
- eða fáðu nánari upplýsingar á www.tv.is



TÖLVU- OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN
Tölvu- og viðskiptaskóli • Ráðgjafarstofa

Einka- og hópkenndsla

Fáðu einkakennslu til að ná betri tókum á tölvunni og þeim forritum sem þú notar. Hagstætt verð fyrir hópa á sérnámskeið.

www.tv.is



Safnaðu þekkingu

fjölbreytt námskeið í febrúar

MENNING OG SJÁLFSRÆKT

Kínversk heimspeki
hefst 9. febrúar

Eftir jólabókaflóðið: Yndislestur með Einari Kárasyni
hefst 10. febrúar

Sjálfsstyrkur fyrir konur og karla
hefst 15. febrúar

Handspiluð heimstónlist
hefst 15. febrúar

Englar með Jóni Björnssyni
hefst 16. febrúar

Istanbúl og Tyrkland
hefst 17. febrúar

Grasalækningar og íslenskar lækningajurtir
haldið 17. febrúar

Grikkland ár og síð
hefst 22. febrúar

TUNGUMÁL

Kínverska fyrir byrjendur
hefst 22. febrúar

FJÁRMÁL OG REIKNINGSSKIL

Excel - Veltitöflur (PivotTable)
haldið 11. febrúar

Lestur ársreikninga
hefst 17. febrúar

Frádráttur frá tekjum af atvinnurekstri
haldið 22. febrúar

UPPELDIS- OG KENNSLUSVIÐ

Samtalsaðferðir í hugrænni atferlismeðferð
hefst 18. febrúar

Viðbrögð við bráðatilfellum í skólaumhverfi
haldið 24. febrúar

FERÐAÞJÓNUSTA

Ísland og ímyndir norðursins
hefst 23. febrúar

NÁMSKEIÐ FYRIR STJÓRNENDUR

Straumlínustjórnun (e. Lean Management)
hefst 16. febrúar

Hrós, hvatning og jákvæð endurgjöf
haldið 18. febrúar

Vinnuréttur: Nýjar áherslur í breyttu umhverfi
haldið 22. febrúar

Persónuleg markaðssetning - kúnstin að koma sjálfum sér á framfæri
hefst 24. febrúar

STARFSÞRÓUN OG HÆFNI

Merkingar matvæla - þessum upplýsingum átt þú rétt á
haldið 4. febrúar

Námskeið og próf til réttinda leigumiðlunar
hefst 8. febrúar

Öflugt sjálfstraust
hefst 10. febrúar

Agile verkefnastjórnun með Scrum
haldið 18. febrúar

Markviss framsögn
hefst 18. febrúar

Facebook sem markaðstæki
hefst 23. febrúar

HEILBRIGÐIS- OG FÉLAGSSVIÐ

Gagnavinnsla í SPSS
haldið 18. febrúar

Lýsandi tölfræði í SPSS
haldið 25. febrúar

Nýrun
haldið 25. febrúar

HUGBÚNAÐUR

Programming Microsoft Prism, the Composite Application Library (David Platt)
hefst 16. febrúar

LÖGFRÆÐI

Legal English - The Practice of Law, Company Law & Contract
hefst 15. febrúar

Mörg stéttarfélag styrkja félagsmenn sína til náms. Átt þú rétt á styrk frá þínu stéttarfélagi?



JÓGANÁMSKEIÐ FYRIR KARLA er nýjung sem Rope Yoga-setrið í Engjateigi býður upp á. Sérstaklega er tekið á stíðleika, orkustyrk og úthaldi. www.ropeyogasetrid.is

ÞALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar **Henný Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Pórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447

Eirberg

Viðurkenndar stuðningshlífar í úrvali

BAUERFEIND

www.eirberg.is • 569 3100 • Stórhöfða 25



Hrund segir mikilvægt fyrir foreldra að hafa lágmarksþekkingu á næringargildi matar. Hún tekur sem dæmi að hamburgari, franskar, kokkteilsósa og gos innihaldi jafn margar hitaeyningar og tvær brauðsneiðar með hollu áleggji, skyr, ávaxtadrykkur, sóðavatn og skál full af grænmeti.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

HEYRN

Opið hús

verður í dag 2. febrúar hjá Heyrn í Hlíðasmára 11.

Komdu og skoðu það nýjasta í hönnun og tækni heyrnartækja.

Ellisif Katrín Björnsdóttir heyrnarfræðingur verður með fyrirlestur: **Hvað ræður vali heyrnartækja?**

Fyrirlesturinn verður haldinn kl 11:00, 14:00 og 17:00

Gestum fyrirlestranna er boðið upp á að skrá sig í fría heyrnarmælingu

- * Heyrnarþjónusta
- * Heyrnarvernd
- * Heyrnarmælingar
- * Heyrnartæki
- * Ráðgjöf

with Surround sound

ReSound
rediscover hearing

Hlíðasmári 11, 201 Kópavogur - heyrn.is
Tímamantanir 534 9600

Hugað að heilsu barna

Hrund Scheving Sigurðardóttir lýðheilsufræðingur hefur opnað vef sem hefur að geyma upplýsingar, ráð og fróðleik fyrir foreldra sem vilja huga að heilsu barna sinna og koma í veg fyrir að þau verði of þung.

„Markmiðið er að upplýsa foreldra og aðra aðstandendur barna um hvernig hægt er að huga að heilsu barnanna og hindra að þau þyngist of mikið,“ segir Hrund Scheving Sigurðardóttir lýðheilsufræðingur sem hefur opnað nýja vefsíðu, Léttari æska fyrir barnið þitt, á slóðinni www.lettariaeska.is.

Vefsíðan er hluti af meistara-verkefni Hrundar í lýðheilsufræðum við kennslufræði- og lýðheilsudeild Háskólans í Reykjavík. Hún segir brýna þörf á upplýsingaveitu sem þessari hafa ráðið því að hún ákvað að ráðast í gerð vefsíðunnar.

„Það er sannað mál að lífsstíll barna litast af lífsstíl foreldra. Til dæmis eru 70 prósent meiri líkur á að börn sem stríða við offitu eigi foreldra sem eru

báðir yfir kjörþyngd. Eins er líklegra að foreldrar, sem hugsa um heilsuna, passi betur upp á börnin sín. Þess vegna þurfa foreldrar og aðrir aðstandendur að hafa gott aðgengi að upplýsingum um áhrif hreyfingar og mataræðis.“

Hrund segir offitu barna vaxandi vandamál á Vesturlöndum. „Ofþyngd og offita hefur aukist mikið í Evrópu síðustu áratugi og Ísland er þar engin undantekning. Til marks um það kveður Lýðheilsustöð 22 prósent allra ný ára barna of þung eða feit hérlandis,“ bendir hún á og bætir við að þessi tala sé í hærri kantinum miðað við nágrannalöndin.

Óhollara mataræði og minni hreyfing eru helstu orsakir fyrrgreindrar aukningar að mati Hrundar. „Freistingarnar eru fleiri, sykurneysla meiri og með

tilkomu sjónvarps og tölva hreyfa börn sig mun minna en áður,“ segir hún.

Hafi foreldrar áhyggjur af því að börn þeirra séu orðin eða á góðri leið með að verða of þung segir Hrund hægt að fá úr því skorið á vefsíðunni. „Þar er einfaldlega hægt að reikna það út með viðmiðunum frá Alþjóðaheilbrigðisstofnuninni,“ útskýrir hún. „Þá kemur sér vel að hafa aðgengi að þessum upplýsingum, þar á meðal matar- og hreyfingabók sem auðveldar foreldrum að skipuleggja, annaðhvort með eða án aðstoðar barna sinna, reglulega hreyfingu þeirra og matarvenjur. Þannig er hægt að stemma stígu við þessari þróun og stuðla að betri heilsu og bætari lífsstíl barnanna,“ segir hún.

roald@frettabladid.is

VÍSIR.IS

„...ég sá það á vísi“

LYFJA - Lífið heil

20% verðlækkun⁺
NERVIDIX
Segðu BLESS við taugaóróa og stress. Upplifðu innri frið og skýrari fókus – 100% náttúruleg formúla.
~~3.603 kr.~~ **2.882 kr.**

20% verðlækkun⁺
DEPRIDIX
Segðu BLESS við depurð og tómleikatilfinningu. Finndu lífsorkuna á ný – 100% náttúruleg formúla.
~~3.603 kr.~~ **2.882 kr.**

20% verðlækkun⁺
ENERGIX
Segðu BLESS við orkuleysi. Örvðu orkuflæðið og einbeitinguna – 100% náttúruleg formúla.
~~3.603 kr.~~ **2.882 kr.**

Lægra verð í Lyfju

+ Gildir til 19. febrúar

www.lyfja.is



TANNVERNDARVIKAN stendur nú yfir. Að þessu sinni er kastljósinu beint að tannheilsu barna en sýnt hefur verið fram á að tannheilsa barna á Íslandi er verri en hjá hinum Norðurlandþjóðunum. www.lydheilsustod.is

Fyrirlestrar hjá Maður Lifandi í febrúar

Heilsuvörumarkaður

Opið virka daga kl. 10–20
laugardaga kl. 10–17

maður lifandi
Borgartúni 24 og Hæðasmára 6
www.madurlifandi.is

3. feb Skemmtileg og auðveld leið að heilbrigðum lífsstíl
Benedikta Jónsdóttir heilsuráðgjafi og Trausti Eysteinnsson lífsstílsráðgjafi
6. feb Hláturjoga
Hlíf Kristjánsdóttir nuddari
8. feb Hvað er málið með aukakílóin?
Matti Oswald heilsufræðingur
15. feb Hristum og Hrærum
Auður I Konráðsdóttir heilsukokkur
17. feb Ævintýralíf
Benedikta Jónsdóttir heilsuráðgjafi
24. feb Matreiðslunámskeið
Auður I Konráðsdóttir heilsukokkur

FLOTT Í VETUR...
með Slendertone

TAX FREE
á nemum VSK
á okkar kostnað

Sama verð um land allt, frá heimsending fyrir utan höfuðborgarsvæðið

NÝTT

dömu/herra belti
Flex kr. 22.900,-
Nú kr. 18.393,-
Flex Max kr. 27.900,-
Nú kr. 22.409,-
System kr. 33.900,-
Nú kr. 27.228,-

allt fyrir kroppinn

HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is

ÚTSALA

20-50% afsláttur

Úlpur - Kápur - Jakkar
- Peysur - Húfur

TOPP HÚSIÐ Opið mán - fös 10-18,
laugardaga 10-16
Mörkinni 6 - Sími 588 5518

Reiki

Heilunar- og sjálfsstyrkingarnámskeið RVK

FYRIR BÆTTA LÍÐAN OG BETRI STJÓRN Á LÍFI ÞÍNU

Kvöld- og helgarnámskeið í boði, næstu námskeið eru:

I. stig helgarnámskeið
13.-14. febrúar

II. stig kvöldnámskeið
23.-25. febrúar

I. stig kvöldnámskeið
9.-11. mars

Guðrún Óladóttir
reikimeistari og hómópati

Pantanir í síma 553 3934,
milli kl. 10 og 13 virka daga.
Pantanir óskast staðfestar.

Tai chi

fyrir líkama og sál

Hópa- og einkatímar fyrir byrjendur og lengra komna

- opnar orkuflæði
- slökun
- losar um spennu og kvíða
- dregur úr verkjum
- styrkir líkamann
- o.fl.

HEILSU DREKINN

Kínversk heilsulind

Skeifunni 3j · Sími 553 8282 · www.heilsudrekin.is

Ættum að miða klukkuna við gang sólarinnar

Stafar morgunleti af því að vísarnir á klukkunni eru ekki í samræmi við sólarganginn? Áhugahópur um „réttu klukku“ hefur verið stofnaður. Björg Þorleifsdóttir, lektor við HÍ, er í honum.

Björg er lífeðlisfræðingur og með henni í hinum nýstofnaða áhugahópi um rétta klukku er fagfólk á geðdeild Landspítalans. En hvað er átt við með réttri klukku?

„Við teljum að klukkan á Íslandi sé of fljót og þess gæti sérstaklega að vetrinum. Hér var til síðs að seinka klukkunni á haustin þar til árið 1968 að „sumartíminn“ var látinn halda sér allt árið. Fyrir bragðið er fólk að vakna hér í niðamyrkri mánuðum saman og margir eiga erfitt með það, ekki síst skólafólki.“

Björg segir nýlegar rannsóknir í Þýskalandi benda til að sólargangurinn hafi áhrif á svefntíma fólks. „Þrátt fyrir að sami staðartími sé í öllu Þýskalandi fara þeir sem búa vestast í landinu seinna að sofa en þeir sem búa austast,“ segir hún og upplýsir að þó að breiddarbaugarnir auki á andstæður birtu og myrkurs hér á norðurslóðum þá séu það lengdarbaugarnir sem mestu máli skipti. „Við Íslendingar erum með klukkuna stillta eins og við séum við 0 gráðu lengdarbauginn en erum í raun milli 13. og 22. gráðu vestur. Sólin er í hádegisstað klukkan tólf í Bretlandi en hér á höfuðborgarsvæðinu ekki fyrr en hálf tvö. Þetta þýðir að ef við förum á fætur klukkan sjö að morgni þá erum við í raun að rífa okkur upp klukkan hálf sex, samkvæmt réttri klukku.“

Björg telur sennilegt að of lítinn svefn margra barna og ungmenna megi rekja til þessa misræmis. „Unglingnum veitist erfitt að fara snemma að sofa á kvöldin og vakna snemma því líkaminn tekur mið af öðrum skilaboðum en klukkunni á veggnum. Þetta skapar stöðuga togstreitu. Hann hefur ekkert svigrúm að morgni og verður að mæta í skólann. Því er það svo að fjöldi ungmenna fær ónógan



„Unglingnum veitist erfitt að fara snemma að sofa á kvöldin og vakna snemma því líkaminn tekur mið af öðrum skilaboðum en klukkunni á veggnum. Þetta skapar stöðuga togstreitu,“ segir Björg.

svefn. Mér er líka illskiljanlegt af hverju er ekki hægt að byrja skóladaginn klukkan níu nú þegar skólarnir eru orðnir einsetnir. Skólinn er oft búinn klukkan tvö til hálf þrjú, af hverju er ekki hægt að hafa hann til þrjú, hálf fjögur?“

Þegar Björgu er bent á að við höfum birtuna lengur fram eftir dögum þegar klukkan sé fljót segir

hún ákveðin: „Já, en morgunbirtan er margfalt dýrmætari til að halda reglulegum svefnrygma. Það er svo mikilvægt að fara út í birtuna á morgnana og nýta hana þegar hún er mest. Því eru alls konar rök sem mæla með því að hugleiða þessar breytingar á klukkunni hér og miða hana við gang sólarinnar.“

gun@rettabladid.is

Algjört verðhrun (á útsöluvöru)

- Toppar, peysur omfl. 1000 kr
- Pils, kjólar omfl. 2000 kr
- Allir stuttir kjólar 4990 kr
- Allar kápur 9990 kr
- Allir síðir kjólar 9990 kr



Laugaveg 54,
sími: 552 5201



Eldri sofa minna

EFTIR ÞVÍ SEM FÓLK ELDIST ÞARF ÞAÐ MINNI SVEFN. ÞETTA KEMUR FRAM Í NÝRRI BRESKRI RANNSÓKN.

Hundrað og tíu heilbrigðir fullorðnir einstaklingar tóku þátt í rannsókninni sem birt var í tímaritinu Sleep. Þeir gengu í gegnum nokkrar mismunandi svefnrútinur við mismunandi aðstæður. Fyrstu nóttina kom í ljós nokkur munur á svefntíma. Fólk á aldrinum 20 til 30 ára svaf í um það bil 7,2 tíma, þeir sem voru 40 til 55 ára sváfu í 6,8 tíma að meðaltali og fólk á aldrinum 66 til 83 ára svaf í um 6,5 tíma. Tíminn sem elsti hópurinn dvaldi í djúpum svefni var einnig minni en hjá yngra fólki. Rannsakendurnir mældu syfju fólksins yfir daginn með því að láta það leggja sig. Að meðaltali tók það yngsta hópinum um 8,7 mínútur að sofna, miðhópinum 11,7 en elsta hópinum tók það 14,2 mínútur að sofna yfir miðjan daginn.

Í **GIFTINGARATHÖFN** er misjafnt hver geymir hringana. Stundum er það svaramaður brúðgumans, stundum sérstakir hringaberar en sumir prestar hafa þann sið, ef engir hringaberar eru, að láta hringana liggja á opinni Biblíunni þar til þeir eru settir upp.




HRINGAR



Eva Longoria giftist bandaríska fótboltakappaum Tony Parker árið 2007. Trúlofunarhringur Evu er úr hvítgulli með stórum fallega skornum demanti. Hringinn hannaði hinn franskí Jean Dousset.

Söngkonan Fergie og leikarinn Josh Duhamel hafa verið saman frá árinu 2004 en gengu í það heilaga í janúar á síðasta ári. Trúlofunarhringur hennar þykir smár í sniðum á Hollywoodmælikvarða, er einfaldur en fallegur.

Leikkonan Mena Suvari er trúlofuð ítalsk-kanadískum tónleikahaldara, Simone Sestito. Sestito mun sjálfur hafa hannað hringinn sem er 8,6 karót.



▼ Hringurinn er úr skartgripalínunni Dögg frá Aurum, það er Guðbjörg Ingvarsdóttir sem hannar og smíðar. Í þessari hönnun mætast hvöss form sem brotna óvænt upp og fléttast aftur saman líkt og þéttvaxin breiða af fingerðum en sterkum blómum sem hrísta af sér vorhretið.

Aurum
Bankastræti 4 101 Reykjavík
www.aurum.is
S. 5512770

Silfurhringur, basalt steinn. Slípaður af náttúrunnar hendi og sjóbarinn.



Dýrfinna Torfadóttir gullsmiður
diditorfa@simnet.is
4643460 & 8626060
www.diditorfa.com

◀ Silfurhringur með zirkon steini og sveiflu.



Dýrfinna Torfadóttir gullsmiður
diditorfa@simnet.is
4643460 & 8626060
www.diditorfa.com

Hringar stjarnanna

Stórir demantar, skiragull, platinum og hvítgull eru meðal þess sem skreytir trúlofunarhringa þeirra ríku og frægu. Þar er það útlitið en ekki innihaldið sem virðist skipta mestu máli.

Keppnin um stærsta og fallegasta trúlofunarhringinn er líklega á fáum stöðum algengari en í Hollywood. Ekki að furða þar sem slúðurpressan leggur áherslu á að þefa uppi hringana um leið og þeir hafa verið settir upp. Hér eru nokkur dæmi um trúlofunarhringi sem náðst hafa myndir af að undanförunu.

- sg



Fingurgull Marilyn Monroe

HAFNABOLTAHETJAN JOE DIMAGGIO GAF MARILYN MONROE HRING SEM MÓÐIR HANS ÁTTI.

Hjónaband þökkagöjunnar Marilyn Monroe og hafnaboltahetjunnar bandarísku Joe DiMaggio er sjálfsgott eitt það frægasta í heimssögunni. Sagan segir að Marilyn hafi litinn áhuga haft á að hitta DiMaggio sem hún taldi að hlyti að vera leiðindaþróttakappi. Sjálfur hafði hann heillast af leikkonunni og vildi kynna henni.

Það fór þó svo að þau hittust og Marilyn heillaðist af Joe og úr varð funheitt ástarsamband. Hringinn á myndinni gaf DiMaggio ástkonu sinni stuttu áður en þau trúlofuðust en hringinn átti móðir DiMaggio upphaflega. Þau gengu í hjónaband 14. janúar 1954 og héldu í brúðkaupsferð til Japans. Meðan á henni stóð bauðst Marilyn að halda til Kóreu til að skemmta bandarískum hermönnum.

Hjónabandið byrjaði að liðast í sundur upp frá því. Marilyn Monroe sótti um skilnað 274 dögum eftir brúðkaupið. Þau héldu þó áfram að vera vinir. Marilyn lést af neyslu af stórs lyfjakammmts árið 1961 og sá DiMaggio um útförina. Næstu tuttugu árin lét hann senda rauðar rósir á leiði hennar þrisvar í viku. Ólíkt öðrum vinum Marilyn talaði DiMaggio aldrei opinberlega um samband þeirra.

Hringurinn sem DiMaggio gaf Marilyn og var í eigu móður kappans.

NORDICPHOTOS/GETTY



▲ Tungsten trúlofunarhringar með 3p demanti. 34.900 kr.

Erna
Skiptiholti 3
S. 552 0775
www.erna.is



◀ Silfurhringur með zirkonium stein og 14 kt. gulli. Finnur smíðar mest úr silfri og gulli ásamt því að smíða mikið fyrir fólk upp úr gömlu gulli sem það kemur með til hans. Hann notar í skartgripina zirkonium steina, auk náttúrusteina og eðalsteina

Finnur G. Þórðarson - Gullsmiður
Stíllholti 16-18, 300 Akranes
www.finnur.is



◀ Módelsmíðaður silfur og 14 kt gull. Dravít steinn. 44.700 kr.

Gullkúnst Helgu
s. 561 6660
www.gullkunst.is
gullkunst@gullkunst.is

Módelsmíðaður silfur og 14 kt gull. Ametyst steinn. 42.000 kr.

Gullkúnst Helgu
s. 561 6660
www.gullkunst.is
gullkunst@gullkunst.is



▲ Handsmíðaðir gullhringir með náttúrusteinum

CARAT Haukur gullsmiður ehf
Hagasmára 1 201 Kópavogur
S. 577 7740
carat@carat.is
www.carat.is



STÓRT VETNISVERKEFNI fer af stað bráðlega. Af þeim sökum afhenti iðnaðarráðherra á dögunum tíu Ford Focus FCV vetnisrafbíla til ýmissa notenda sem munu taka þátt í verkefninu. www.iðnaðarraduneyti.is

Geymslu- og dekkjahillur



kr.15.990.-
viðbótareining kr. 10.527.-

í bílskúrinn,
geymsluna,
heimilið
og fyrirtækið

Þessar hillur geta allir sett saman
Skrúfufritt og smellt saman



Ísold ehf.

Nethyl 3-3a - 110 Reykjavík
Sími 53 53 600 - Fax 567 3609

KÍKTU Á WWW.ISOLD.IS

Mikil tækifæri innan heilsuferðapjónustu

Katrín Júlíusdóttir, iðnaðar- og ferðamálaráðherra, sótti stofnfund samtaka um heilsuferðapjónustu á Íslandi. Hún segir ótal tækifæri vera hér á landi til sóknar í þessari tegund ferðapjónustu.

Stofnfundur samtaka um heilsuferðapjónustu á Íslandi var haldinn í lok síðasta mánaðar. Katrín Júlíusdóttir, iðnaðar- og ferðamálaráðherra, sótti fundinn og segir veruleg tækifæri felast í þessari tegund ferðapjónustu.

Heilsuferðapjónusta er sproti innan ferðapjónustunnar sem hefur vaxið í samræmi við aukinn áhuga almennings á heilsu og vellíðan. Umtalsverð undirbúningsvinna hefur verið unnin í iðnaðarráðuneytinu í tengslum við þetta mál og verður um fjórum milljónum króna varið í verkefnið.

„Iðnaðarráðuneytið vinnur þetta verkefni í samstarfi við ferðamálastofu og við höfum sett okkur háleit markmið um að fjölga þeim ferðamönnum sem sækja landið heim. Vandamálið sem við stöndum frammi fyrir núna er hvernig við förum að því að fjölga ferðamönnum utan hins hefðbundna ferðamannatíma og við veðjum á heilsuferðapjónustu,“ útskýrir Katrín. Hún segir ótal tækifæri hér á landi til sóknar í þessari tegund af ferðapjónustu og bendir meðal annars á að sundlaugar og náttúrulegar laugar, hreinar matarafurðir, ósnortna náttúru og hreint loft megi nýta í heilsuferðapjónustu.

Katrín bendir á að ferðamönnum sem kaupa heilsutengda ferðapjónustu fjölgi árlega um átján prósent og þó hingað kæmi ekki nema brot af þeim fjölda væri það mikil búbot.

„Stefnan er að búa til klasa samstarfsfyrirtækja sem munu vinna að heilsuferðapjónustu og vonandi verðum við komin með fullmótaða vöru í hendurnar fyrir næsta haust. Sjálf tel ég að þetta sé framtíðin hvað ferðapjónustu varðar og ég finn fyrir miklum áhuga á meðal íslenskra ferðapjónustuaðila að sækja inn á þennan markað.“



Katrín Júlíusdóttir segir mikilvægt að fjölga þeim ferðamönnum sem sækja landið heim.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Katrín segir að samtökin muni einnig skoða þann möguleika hvort hægt sé að skapa markað fyrir lækningaferðapjónustu. „Annar möguleiki er að fara af stað með lækningstengda ferðapjónustu hér á landi, en það er eitthvað sem við getum ekki hent okkur út í alveg strax,“ segir Katrín að lokum.

sara@frettabladid.is

ALLT

Á FERÐINNI
Miðvikudaga

Jóna María Hafsteinsdóttir
jmh@365.is - sími 512 5473

Henný Árnadóttir
henny@365.is - sími 512 5427

Pórdís Hermannsdóttir
thordish@365.is - sími 512 5447

Kynning

Hempel í nýjar hendur

Hempel málningarfyrirtækið, sem sérhæfir sig í skipa- og iðnaðarmálningu, hefur nú gengið til samstarfs við Flügger-liti og hefur staða Flügger því styrkst til muna.

Flügger-litir hafa skapað sér sterka stöðu á Íslandi og styrktist hún enn frekar á dögunum þegar fyrirtækið gekk til samstarfs við Hempel-málningarfyrirtækið. „Hempel hefur sérhæft sig í skipa- og iðnaðarmálningu en Flügger-litir hafa í gegnum tíðina lagt megináherslu á húsa- og hífylamálningu. Eftir breytinguna erum við orðnir þéttir á öllum sviðum,“ segir Vigfús Gunnar Gíslason, framkvæmdastjóri Flügger.

Flügger og Hempel, sem bæði eru með starfsemi víða um heim og byggja á aldargömlum grunni, voru aldrei í beinni samkeppni enda með ólíkar áherslur. „Nú erum við komnir með breiðara úrval undir einn hatt og bindum miklar vonir við það enda hefur Hempel verið þekktasta merkið á sviði skipa- og iðnaðarmálningar á Íslandi um áratugaskeið og er með sterka markaðsstöðu.“

Hempel var í samstarfi við íslenska málningar-fyrirtækið Slippfélagið en sleit því í lok árs 2009. „Þá lágu fyrir upplýsingar um að Slippfélagið ætti í fjárhagserfiðleikum og tóku forsvarsmenn Hempel ákvörðun um að leita til Flügger enda fyrirtækið með sterka stöðu á Íslandi. Þetta eru tvö dónsk fyrirtæki sem gera með sér viðskiptasamning en bæði hafa verið með viðskipti á Íslandi. Við erum gamla Harpa Sjöfn sem Flügger keypti þegar fyrirtækið fór



Vigfús Gunnar Gíslason, framkvæmdastjóri Flügger, segir samstarfið við Hempel tryggja breiðara úrval. Hér er hann ásamt sölustjóranum Þorsteini Hauksyni.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFAN

að hasla sér völl hér á landi og erum með net verslana bæði á höfuðborgarsvæðinu og úti um landsbyggð-

ina en höfuðstöðvarnar eru að Stórhöfða 44 í Reykjavík og þar eru aðsetur söludeildar Hempel,“ segir Vigfús.

Hann segir að samkomulag hafi orðið um að ráða hluta af starfsmönnum söludeildar Hempel, eða sölu-

stjóranum Þorstein Hauksyni og Hörð Backman, sem höfðu umsjón með Hempel, til Flügger til að tryggja

áframhaldandi gæðapjónustu. „Þannig höldum við tengslum við viðskiptavinum og viðhöldum þekkingu.“

heilsa

ÞRIÐJUDAGUR 2. FEBRÚAR 2010

Burlesque í Reykjavík
Josy Zareen kennir burlesque-dans sem er
blanda af djassballett, can can og steppdansi.



BLS. 7



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

SOLARAY HREIN NÁTTÚRULEG GÆÐI



Vegna einstakra gæða nýtur SOLARAY
sívaxandi virðingar og trausts um allan heim

Útsöluastaðir: Heilsuhúsið, Maður Lifandi, Yggdrasil, Fjarðakaup,
Lífsins lind í Hagkaup, Hagkaup Smáralind, Lyfja, Lyfjaval, Krónan,
Blómaval og Árbæjarapótek.

 **heilsa**
-hafðu það gott

Börn læra af foreldrum

Ný rannsókn sýnir fram á að börn eru líklegri til að fara til tannlæknis ef foreldrarnir fara sjálfir reglulega.

Í rannsókninni tóku þátt 6.100 manns sem svöruðu spurningalista. Helstu niðurstöður voru þær að 86 prósent barna foreldra, sem höfðu farið til tannlæknis á árinu fyrir könnunina, höfðu einnig farið til tannlæknis. Aðeins 64 prósent barna foreldra, sem ekki höfðu farið til tannlæknis á síðustu tólf mánuðum, höfðu sjálf farið.

Einnig benti rannsóknin til þess að foreldrar sem frestuðu tannlæknaferðum vegna kostnaðar áttu börn sem gerðu slíkt hið sama.

Rannsóknin var gerð af vísindamönnum við sjúkrahúsið í



Börnin læra það sem fyrir þeim er haft. Massachusetts í Bandaríkjunum og birtist grein um hana í tímaritinu Pediatrics.

-sg

Brjóstaminnkunum fjölga um 80 prósent

Brjóstaminnkunaræðgerðum á körlum í Bretlandi fjölgaði um áttatíu prósent frá árinu 2008 til 2009 eða úr 323 æðgerðum í 581, en það var mesta aukningin á sviði lýtalækninga þar í landi í fyrri. Lýtalækningum almennt fór þó einnig fjölgandi og virðast Bretar ekki setja kreppuna fyrir sig þegar kemur að útlitinu.

Æðgerðirnar eru í nú af hverjum tíu tilvikum framkvæmdar á konum og er brjóstastækkun langvinsælust. Mesta aukningin er þó hjá körlum og eru nef- og augnpokaæðgerðir efstar á lista. Brjóstaminnkunaræðgerðunum fjölga þó mest eins og fyrr segir og vill lýtalæknirinn Rajiv Grover meina að karlmannstímaritum sé um að kenna. „Margir karlmenn upplifa pressu frá karlmannstímaritum sem sýna stæltu kroppa, en



Bretar setja kreppuna ekki fyrir sig þegar kemur að útlitinu.

NORDICPHOTOS/GETTY

slík blöð voru mörg hver ekki á markaði fyrir nokkrum árum. Brjóstaminnkun á körlum er ekki ný af nálinni en með tilkomu karlatímaritanna fóru menn að átta sig á því að þessi möguleiki væri fyrir hendi.“

-ve



„Badmintoníþróttin hefur aldrei notið meiri vinsælda en nú í vetur,“ segir Jóhann Kjartansson, hjá Tennis- og badmintonfélagi Reykjavíkur.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Sumir halda strangt bókhald í badminton

Það geta allir spilað badminton og það sem meira er, það geta allir keppt í badminton. Íþróttin, sem á rætur sínar að rekja til Indlands, nýtur nú mikilla vinsælda á Íslandi.

„Badmintoníþróttin hefur aldrei notið meiri vinsælda en nú í vetur,“ segir Jóhann Kjartansson, yfirþjálfari hjá Tennis- og badminton-sambandi Íslands. „Við renndum alveg blint í sjóinn vegna ástandsins í þjóðfélaginu og áttum ekki von á þessari miklu aðsókn en erum vitaskuld afar ánægð með hana.“

Íþróttin er komin frá Indlandi og barst til Evrópu með enskum liðsforingjum sem þar voru í hernaði. Fyrsti leikurinn fór fram á Eng-

landi árið 1873 en þegar hertoginn af Beaufort fékk áhuga á þessum leik var hann kynntur á herragarði hans í Gloucesterskíri, Badminton House, og þaðan er nafn íþróttarinnar komið.

„Það skemmtilega við badmintonið er að það geta nær allir spilað íþróttina en iðkendur hér eru frá fimm ára aldri og upp í níu-ætt. Hér eru einnig vinnuhópar og saumaklúbbar sem sumir hafa spilað saman í allt að 30-40 ár og það sem sumir hafa einmitt mest gaman af er að keppa innbyrðis. Fólki er vitaskuld fyrst og fremst að spila sér til ánægju og heilsuþótar. Mörgum finnst ekki verra að keppa og sumir halda strangt bókhald og taka því vel á,“ segir Jóhann og brosir.

Að sögn Jóhanns er algeng-

ast að almenningur festi sér völl í húsi TBR í Gnoðarvogi einu sinni í viku eða oftar en einnig er hægt að panta staka tíma með mest viku fyrirvara. „Æfingartímar fyrir börn og unglinga eru frá klukkan 14.20 til 16.50 flesta dag vikunnar.“

Flestir æfa tvisvar í viku í 50 mínútur í senn, fyrst yngstu börnin og þau eldri seinni partinn. Þá er boðið upp á sex vikna námskeið á mánudagskvöldum klukkan 21.50 þar sem farið er í undirstöðuatriði íþróttarinnar. Fólki hefur að því loknu náð ágætis færni til þess að spila að sögn Jóhanns.

Næsta námskeið hefst í byrjun mars. Nánari upplýsingar sem og upplýsingar um fleiri námskeið má finna á heimasíðu Tennis- og badminton sambands Reykjavíkur, www.tbr.is

-uhj

Hádegishópur

Vilt þú keyrslu og aðhald?

Nýtt námskeið að hefjast þriðju- og fimmtudaga kl. 12.05–12.50

6 vikur

Byrjar 9. febrúar

Verð kr. 14.900

Skráning í síma 560 1010 eða á heilsuborg@heilsuborg.is



Þjálfari er Anna Borg, sjúkra- og einkaþjálfari



HEILSUBORG

Faxafeni 14 • Sími 560 1010
www.heilsuborg.is

Höfðar til allra landsmanna

„Með þessu erum við að hvetja almenning til að huga betur að sinni daglegu hreyfingu og auka hana eins og hægt er, bæði í leik og starfi,“ segir Kristín Lilja Friðriksdóttir, hjá Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands, sem ætlar að hefja átaks- og hvatningarverkefnið Lífshlaupið næstkomandi miðvikudag.

Lífshlaupið fer nú af stað í þriðja sinn og er fyrirkomulag átaksins með sama sniði og síðustu tvö ár. Þannig geta þeir sem eru fimmtán ára og yngri tekið þátt í hvatningarleik grunnskólanna en sextán ára og eldri í vinnustaðakeppni. Leikreglur eru einfaldar að sögn Kristínar.

„Sá skóli eða vinnustaður sem skráir á sig hreyfingu flesta daga á tímabilinu 3. til 23. febrúar vinnur keppni. Lágmarkshreyfing hvers nemanda er klukkutími á dag en hálf tími á hvern starfsmann í samræmi við ráðleggingar Lýðheilsustöðvar um hreyfingu. Ég vil þó benda á að í vinnustaðakeppninni deilist heildarhreyfing niður á alla starfsmenn viðkomandi fyrirtæk-



Kristín ásamt vinnufélagunum hjá ÍSÍ sem hafa þegar skráð sig til leiks. Frá vinstri: Örvar Ólafsson, Kristín, Hannes S. Jónsson, Andri Stefánsson, Þórarinn Alvar Þórarinnsson og Hafsteinn Pálsson formaður almenningsíþróttasviðs ÍSÍ.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

is en ekki aðeins þá skráðu og því um að gera að fá flesta til að vera með.“ Hún bætir við að þátttakendur eigi jafnframt möguleika á að vinna til viðurkenninga í einstaklingskeppni sem stendur yfir allt árið um kring. Að sögn Kristínar fjölgaði þátttakendum á síðasta ári um 1.588, eða úr 7.700 í

9.288 manns. Hún reiknar með enn betri þátttöku í ár. „Til að svo verði höfum við meðal annars einfaldað skráningarkerfi skólanna þannig að aðeins einn starfsmaður frá hverjum skóla þarf að skrá hann. Eftir það geta kennarar viðkomandi skóla skráð sína bekki.“ Sjá www.lifshlaupid.is.

-rve

BESTA VERÐIÐ

Í VERSLUN HREYSTI - TAKMARKAÐ MAGN - AÐEINS Í NOKKRA DAGA



MULTIPOWER
HYPER MASS 3 kg. kr. 7.995.-
Verð nú kr. 5.995.-



MULTIPOWER
ZELL MAX KREATINE 2 kg. gr.
kr. 6.990.-
Verð nú kr. 4.995.-



MULTIPOWER
KREATINE 500 gr. kr. 4.495.-
Verð nú kr. 2.995.-



PhD
PHARMA WHEY 2 lbs. 36 skammtar
kr. 5.995.-
Verð nú kr. 4.995.-




HANDLÓÐ 8 lbs / Handlód 10 lbs. paríð

10 lbs. Verð kr. 4.995.-
8 lbs. Verð kr. 3.995.-



YORK LÓÐASETT 20 KG.
Verð kr. 16.995.-
Æfingakerfi fylgir



YORK LÓÐASETT 50 KG.
Verð kr. 39.995.-
Æfingakerfi fylgir



PhD
DIET WHEY 1 kg.
20-40 skammtar kr. 6.995.-
Verð nú kr. 4.995.-



IRONMAN HANDGRIP
Verð kr. 1.995.-



YORK SIPPUBAND
Verð kr. 1.995.-



REEBOK YOGA DÝNA
Verð kr. 4.995.-



PhD
PHARMA WHEY 5 lbs.
90 skammtar kr. 9.995.-
Verð nú kr. 7.995.-



SLENDERTONE™

Dömu / herra beltí
TAX FREE - AFNEMUM VSK

SLENDERTONE FLEX Nú kr. 18.393.-
SLENDERTONE FLEX MAX Nú kr. 22.409.-
SLENDERTONE SYSTEM Nú kr. 27.228.-

allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717

www.hreysti.is
Sama verð um land allt - frí heimsending
fyrir utan höfuðborgarsvæðið

● **BLÓMKÁL MILLI MÁLA** Blómkál er gott að nota í súpur og ofnrétti og sem bita milli mála. Blómkál getur geymst lengi við réttar aðstæður eða við 0-2 gráðu hita. Það má ekki geyma nálægt öðru grænmeti og ekki við sterkt ljós. Borða má alla hluta blómkálsins og nota það ósoðið, soðið eða bakað í mat. Þegar blómkál er soðið á að láta vatnið sjóða í 10 til 12 mínútur áður en kálið er sett út í en suðufímminn fer svo eftir smekk. Ef frysta á blómkál skal snögg-sjóða það fyrir frystingu. Þá geymist það lengi og er hentugt að grípa til en blómkálið þarf ekki að þíða fyrir matreiðslu heldur má skella því beint út í sjóðandi vatn. Fróðleik um geymslu og meðferð grænmetis má finna á vef Íslenskra garðyrkjubænda, www.islenskt.is.



Predikar um áhrif kjarnolía á líkamann

„David er stórt nafn í þessum geira og því mikill heiður að fá hann hingað,“ segir Lilja Oddsdóttir, skólastjóri Heilsumeistaraskólans, um komu bandaríska prestsins og kjarnolíufræðingsins Davids Stewart til landsins um miðjan marsmánuð.

Stewart fer fyrir samtökum kjarnolíufræðinga í Bandaríkjunum og er virtur fyrir störf sín á því sviði. Hann kemur hingað í boði Heilsumeistaraskólans í þeim tilgangi að flytja opinn fyrirlestur um notkun kjarnolía. „Umfjöllunarefnið er áhrifin sem olíurnar hafa á samspil líkama og hugar,“ útskýrir Lilja og bætir við að Stewart muni einnig halda lokað námskeið um kjarnaolíur og notkun þeirra í Heilsumeistaraskólanum.

Lilja segir að með komunni sé Stewart að uppfylla langþráðan draum. „Hann er eðlis- og jarðeðlisfræðingur að mennt og hefur því um langt skeið lang-

Lilja segir Stewart hafa gefið út ýmsar vinsælar bækur um kjarnolíur, meðal annars bókina *The Healing Oils of the Bible*.

að að heimsækja Ísland út frá því sjónarmiði.“

Stewart flytur fyrirlestur sinn undir yfirskriftinni Quantum Physics, Essential Oils & the Mind-Body Connection á Grand Hótel 15. mars klukkan 20. Fyrirlesturinn er öllum opinn, en nánari upplýsingar um hann og aðgangseyrinn verða birtar síðar á vefsíðunni www.heilsumeistaraskolin.is.



Bryndís Ottarsdóttir sveiflar húllahringnum um sig miðja.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Að húlla er áskorun

Hver man ekki eftir gömlu, góðu húllahopp-hringjunum? Nú eru komnir stærri og sterkari hringir sem þjálfa í Grand Spa nota í stöðvápjalfun til þess að minnka magaummálið.

„Við fengum einn húlla hopp-hring í haust sem við notum í stöðvápjalfun og hann hefur notið mikilla vinsælda,“ segir Bryndís Ottarsdóttir, þjálfari hjá Grand Spa. „Þessi hringur er þó ekkert líkur hinum gömlu góðu sem flestir muna eftir. Líkamsræktarhringirnir eru flestir þyngri og eins er innra byrði aðeins hrufótt þó að það sé mjúkt. Sá hringur sem við erum með er 1,7 kíló en það má fá bæði léttari og þyngri hringi.“

En hvernig gengur fólki að húlla? „Það er nú allur gangur á



Hægt er að fá allar nánari upplýsingar um húllahopp-hringina á hullahringir.is.

því,“ segir Bryndís og brosir. „Almennt gengur fólki vel að húlla og karlmönnum ekkert síður vel en konunum. Raunar er auðveldara að húlla þessum hring vegna þyngdarinnar en hinum gömlu, en

fólk þarf að sveifla sér svolítið í mjöðmunum. Margir eru stífir í líkamanum og fólk er misfljótt að komast upp á lagið með að húlla en flestum tekst það að lokum. Æfingin skapar meistarann.“

Bryndís segir það verða að leik að húlla þegar maður hefur náð tækninni en það sé samt ekki eins auðvelt og það líti út fyrir að vera, einkum ef hringurinn er 1,7 kíló. „Æfingin reynir á mittis- og magavöðva en þetta styrkir um leið vöðvahópa í neðri hluta líkamans. Fólk bæði hitnar og svitnar. Þá verður að byrja rólega með þessa hringi því annars getur fólk fengið marbletti. Mér finnst þetta fyrst og fremst skemmtilegt og að það geri gott fyrir magavöðvana er bara plús. Æfingin vekur alltaf kátínu og gleði og er áskorun.“ -uj

Ævintýraleg upplifun

Ljósið á Langholtsvegi 43 fer nú aftur af stað með styrkjandi námskeiði fyrir börn og ungmenni sem eiga foreldri, systkini, ömmu, afa eða annan aðstandanda sem hefur greinst með krabbamein. Námskeiðið stuðlar að jákvæðri uppbyggingu og er mikið unnið með lífsgleðina í gegnum skemmtileg verkefni. Aðstandandi fylgir barninu í fyrsta tímann og þann síðasta sem endar með pitsuveislu.

Leiðbeinendur á námskeiðinu hafa margra ára starfsreynslu í að vinna með börnum. Þeir eru: Ósk Sigurðardóttir iðjubjálfi, sem er með sérmenntun í ævintýrameðferð, og Elísabet Lorange listmeðferðarfræðingur. Þær leggja ýmis samskiptaverkefni fyrir krakkana til að efla traustið og reyna að gera allt að ævintýri.

Námskeiðið verður á fimmtudögum klukkan 16.30 til 18 í tíu



Elísabet og Ósk leggja ýmis samskiptaverkefni fyrir börnin til að efla traust og auka jákvæðni.

vikur og hefst þegar næg þátttaka er fyrir hendi. Námskeiðið er

ókeypis og er skráning í síma 561-3770 eða á ljosisid@ljosisid.org.

Takk fyrir vatnið


907 2002



Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Perlan

Ein magnaðasta bygging Reykjavíkur á daginn.
Eitt besta veitingahúsið á kvöldin.



Tilvalið fyrir
árshátíðina!

Allt í steik

9. janúar – 28. febrúar

4ra rétta seðill

1 HUMAR OG SALTFISKKRÓKETTUR
með tómatsultu, blönduðu salati og humarmajonesi

2 RJÓMALÖGUÐ SJÁVARRÉTTASÚPA
með steiktum tígrisrækjum, rjómatoppi og karryolíu

VELDU MILLI FJOGURRA ADALRÉTTA

FISKUR DAGSINS
ferskasti hverju sinni, útfærður af
matreiðslumönnum Perlunnar (4.990 kr.)

3 PÖNNUSTEIKTUR FASANI
með polentu og kóngasveppasósu (5.590 kr.)

PRIME RIBS
með kartöfluturni, Bearnaisesósu
og steinseljurótarmauki (6.590 kr.)

NAUTALUND
með grænmetismósaík
og blönduðum skógarsveppum (7.590 kr.)

4 SÚKKULADIFRAUÐ
með hindberjahlaupi, ferskum ávöxtum og passionís

Gjafabréf Perlunnar
Góð tækifærisgjöf!



Allt í steik
verð frá **4.990 kr.**

Veitingahúsið Perlan
Sími 562 0200 - Fax 562 0207
Netfang perlan@perlan.is - Vefur www.perlan.is





● **SYKRUÐ ÁKVARÐANATAKA** Samkvæmt rannsókn sem fagtímaritið Psychological Science birti nýlega er sykurrinn ekki alsælur, í það minnsta ekki þegar kemur að ákvarðanatökum.

Hópur fólks var látinn svara spurningalista, þar sem reyndi á dómgreindina og ákvarðanatöku um eigin framtíð.

Helmungi spurningalistans svöruðu þátttakendur á fastandi maga og hinn helminginn leystu þeir eftir að hafa fengið sykrað gos að drekka. Einn hópur fékk svo gos með gervisykri.

Samkvæmt niðurstöðum tók hópurinn sem fékk sykraða gosið skynsamlegustu ákvarðanir varðandi eigin framtíð, völdu til að mynda að bíða lengur eftir stærri peningaupphæð í stað þess að fá mun minni upphæð greidda strax á morgun. Hópurinn sem tók ákvörðun á fastandi maga og drakk diet-gosið var hins vegar óþolinmóðari, gætti ekki að langtímagróða og vildi fá peningana strax.

Rannsakendur segja niðurstöðuna vera þá að svöng séum við óþolinmóðari. Og að sykurlaus matvæli, sem eru hitaainingsnauð, fullnægi ekki líkamlegri þörf okkar fyrir hitaainingar og hindri því heldur ekki óþolinmæði og fljótferni.

● EITT GLAS Á DAG KEMUR HEILSUNNI Í LAG

Fæði sem inniheldur mikið af andoxunarefnum er talin góð fyrir heilsuna. Til andoxunarefna teljast til að mynda C-vítamín og E-vítamín sem finnast bæði í ávöxtum og grænmeti. Ný rannsókn hefur leitt í ljós að bláber eru hvað ríkust af andoxunarefnum. Mælt er með því að byrja hvern dag með því að drekka glas af bláberjasafa, en það mikla magn af andoxunarefnum sem hann inniheldur getur bæði styrkt ónæmiskerfið og komið í veg fyrir ýmsa sjúkdóma.



„Sumir eru forvitnir og vilja eiga myndir, aðrir líta á þetta sem skemmtilega eign fyrir barnið seinna meir,“ segir Guðlaug María Sigurðardóttir ljósmóðir.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Nýtt líf í þremur víddum

Um átján prósent barnshafandi kvenna á Íslandi fara í þrívíddarsónar hjá fyrirtækinu 9 mánuðum í Kópavogi. Guðlaug María Sigurðardóttir ljósmóðir segir ýmsar ástæður fyrir áhuga verðandi foreldra.



Myndirnar úr þrívíddarsónarnum eru ótrúlega skýrar.

MYND/ÚR EINKASAFNI

„Tæknin sem notuð er í þrívíddarsónar er sú sama og notuð er til að finna fiskitorfur. Í tvívíddartækni fara allar hljóðbylgjur á sama staðinn en í þrívíddartækni er notaður sami styrkur en munurinn er sá að bylgjurnar dreifast á stærra svæði. Þess vegna fáum við sjónvænni myndir,“ útskýrir Guðlaug María Sigurðardóttir, ljósmóðir og framkvæmdastjóri 9 mánaða, sem hefur boðið upp á þrívíddarsónar á Íslandi í fjögur ár.

Áhuginn var strax mikill hjá verðandi foreldrum. Í upphafi kreppu haustið 2008 minnkaði aðsóknin en hefur aukist aftur. „Núna fáum við um 17 til 18 prósent allra barnshafandi kvenna til okkar,“ segir Guðlaug María og telur margar mismunandi ástæður liggja að baki áhuganum.

„Sumir eru forvitnir og vilja

eiga myndir, aðrir líta á þetta sem skemmtilega eign fyrir barnið seinna meir. Svo koma konur sem eiga menn sem eru að vinna erlendis eða úti á sjó, og einnig fólk sem á ættingja erlendis,“ telur hún upp. Hún segir einnig til í dæminu að fólk komi og vilji ekki sjá myndirnar fyrr en barnið er fætt til að bera saman.

„Svo kemur fólk sem veit að eitt-hvað er að og vill fá að sjá betur hvað það er,“ segir hún og bætir með hluttekningu við að einnig komi fólk sem jafnvel viti að barnið muni ekki lifa og vilji fá að sjá það í umhverfi þar sem því líði

vel. „Ég fékk póst um daginn frá konu sem missti barnið sitt á meðgöngu en hafði farið í þrívíddarsónar. Hún var mjög þakklát fyrir að eiga mynd af barninu.“

En hvað sést á myndunum? „Það fer algerlega eftir fyrirsætunum. Sum börn taka þátt í þessu af lífi og sál, brosa, ulla og sjúga naflastrenginn meðan önnur eru annað að spekulera,“ segir hún og brosir. Sjónum er fyrst og fremst beint að andliti barnsins en einnig er reynt að ná myndum af fótum og höndum. „Við getum séð kynið en getum líka sleppt því ef fólk vill ekki vita.“

Guðlaug María segir best að taka myndirnar frá 22. til 36. viku. „Upp úr 24. viku verða þau hins vegar yfirleitt sætari, þau eru svo grönn og holdlítill fyrir þann tíma.“

Tími í þrívíddarsónar kostar 13.900 krónur. Guðlaug María segist halda að skoðun hjá 9 mánuðum sé sú ódýrasta í Evrópu. Hún segir algengt að íslenskir námsmenn erlendis komi til hennar í fríum þar sem verðið sé svo hagstætt og þá komi einhverjir útlendingar sem nýti tækifærið á ferðalagi um landið til að kíkja á barnið sitt.

Nánari upplýsingar á www.9manudir.is.

-sg

Sérblaðið Hillur, skápar og skipulag

Kemur út fimmtudaginn
4. febrúar

Auglýsendur vinsamlegast hafið samband:

Benedikt
• benediktj@365.is
• sími 512 5411

Bjarni Þór
• bjarni.thor@365.is
• sími 512 5471

Hlynur Þór
• hlynurs@365.is
• sími 5125439

Hátíðin hefst um helgina

Vetrariþróttahátíð ÍSÍ á Akureyri hefst á laugar-daginn næstkomandi og stendur til 21. mars.

Hátíðin verður sett við hátíðlega athöfn í Skautahöllinni. Þar koma fram hæfileikaríkir iðkendur í listhlaupi auk þess sem Ólympíufarar heiðra samkomuna rétt áður en þeir halda utan til Vancouver í Kanada.

Á dagskrá VH 2010 er að finna viðburði sem ná yfir fjölmargar íþróttgreinar þar sem snjór og útivist eru í aðalhlutverki. Í Hlíðarfjalli fer stór hluti hátíðarinnar fram þar sem svígskiði, gönguskiði, telemarkskiði og snjóþretti verða í aðalhlutverki bæði í keppni og sem almenn afþreying. Einnig verður boðið upp á námskeið í skíðaiðkun fatlaðra.

Í Skautahöllinni verður keppt í listhlaupi, íshokkí, krullu og endurvakin verður bæjarkeppnin í íshokkí þar sem erkifjendurnir Akureyri og Reykjavík takast á.

Árleg vetrarsportsýning Félags vélsleðamanna í Eyjafirði verður haldin aðra helgina í febrúar og um sömu helgi verður snjó-cross og ís-cross. Einnig verður blásið til keppni í samhlíða

Snjóþretti, skíði, mótocross og listhlaup á skautum er meðal þess sem keppt verður í á Vetrariþróttahátíð ÍSÍ á Akureyri.



spyrnu á vélsleðum við Skautahöllina.

Íþróttafélög á svæðinu láta ekki sitt eftir liggja. Hestamannafélagið Léttir stendur fyrir Stjörnutölti, Bílaklúbbur Akureyrar sýnir ísakstur og skátar verða með vetrarbrautir.

Nánari upplýsingar um dagskrá VH 2010 er að vinna á vefsíðunni www.vmi.is

-sg

Burlesque-dans styrkir sjálfsmynd

Josy Zareen danskennari kennir burlesque-dans í Happy Eyes Dance Studio í Faxafeni. Hún lærði dansinn í London og segir hann vera skemmtilega blöndu af djassballett, can can og steppdansi.

Burlesque-dans hefur bæst við þá flóru líkamsræktarnámskeiða sem í boði eru fyrir konur. Happy Eyes Studio í Faxafeni býður upp á námskeið í Pole Fitness, súludansi og nú einnig burlesque-dansi

Josy Zareen danskennari hefur kennt burlesque-dans í um átta mánuði og segir hún námskeiðið mjög vinsælt. „Ég sá þetta dansform fyrst í Bretlandi og heillaðist af því. Ég fór svo og lærði þetta í Pineapple Studio í London, en þar var haldið sérstakt námskeið sem var aðeins ætlað danskennurum. Þessi dans er mjög vinsæll í Bretlandi og þar er heilt samfélag fólks sem hittist reglulega og klæðir sig upp í þessum stíl og dansar,“ útskýrir Josy.

Hún segir þá tegund af burlesque sem hún kenni vera klassíska og ekki jafn djarfa og nútíma burlesque í anda Dita Von Teese. „Þetta er eins og stökk aftur í tímann. Við blöndum saman can can dansi, steppdansi, djassballett og sækjum innblástur til fjórða og

fimmta áratugarins. Þetta gengur mikið út á það að bera sig vel og konurnar læra meðal annars að ganga í háum hælum, dansa á stólum og dansa með fjaðrir.“ Námskeiðið er sérstaklega vinsælt hjá konum sem komnar eru yfir þrítugt og segist Josy oft hafa tekið eftir breytingum í fari þeirra sem sótt hafa námskeiðið. „Ég hef tekið eftir því að sumar þeirra breytast eftir því sem líður á námskeiðið. Þær verða mun öruggari með sjálfar sig og eru óhræddari við að mála sig og sýna vöxt sinn. Þær hafa líka mjög gaman af þessu og þeim finnst þetta skemmtilegra eftir því sem þær læra meira. Sumar hafa minnst á það að þeim líði eins og fyrirsetum á meðan þær dansa.“ Í lok námskeiðsins hafa konurnar lært heila dansrútnu sem þær dansa í fullum skróða í síðasta tímanum hjá Josy.




Josy Zareen danskennari kennir Burlesque-dans.

Námskeiðið er kennt tvisvar í viku og er hægt að nálgast frekari upplýsingar á vefsíðunni www.happyeyes.is.



Dita Von Teese baðar sig meðal annars upp úr stærðarinnar kampavinsglasi á danssýningu sinni. Dansinn sem Josy kennir er þó ekki eins djarfur og Dita er vön að dansa.



Markmið bresku ríkisstjórnarinnar er að fækka reykingamönnum um helming næstu tíu árin.

Reykingafólki fækkar

Ríkisstjórn Bretlands hefur sett sér það markmið að fækka reykingamönnum þar í landi um helming næstu tíu árin. Þeim hefur fækkað um þriðjung síðastliðinn áratug og eru nú 21 prósent þjóðarinnar. Ríkisstjórnin mun meðal annars láta fjarlægja auglýsingar af sigarettupökkum, banna sigarettusjálfsala og koma í veg fyrir að unglingar byrji að reykja með því að sporna við ólöglegum innflutningi á ódýrum sigarettum.

„Við erum komin svo vel á veg og munum komast enn lengra. Einnhvern tíma, í ekkert allt of fjarlægri framtíð, munum við horfa til baka og eiga erfitt með að skilja hvers vegna fólki datt í hug að reykja,“ segir heilbrigðisráðherrann Andy Burnham.

-ve

» Ráðningarþjónusta

Leitar þú að starfsmanni?

HH Ráðgjöf hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og finna réttan einstakling fyrir þá aðila sem leita okkar aðstoðar við ráðningu starfsfólks.

» Kostir þess að nýta sér þjónustu HH Ráðgjafar eru m.a.:

■ Vinnusparnaður

Við vinnum úr umsóknum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna.

■ Markviss leit

Sérskrifaður hugbúnaður gerir leit afar markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn.

■ Þriggja mánaða ábyrgð

Ef starfsmaður hættir störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.

■ Ekkert staðfestingargjald

Við leggjum áherslu á að rækta árangursríkt og ánægjulegt langtímasamband við viðskiptavinum okkar og því greiðir þú ekkert ef ekki verður af ráðningu.

■ Fjöldi hæfra umsækjenda

Fjöldi umsækjenda er á skrá í almennum gagnagrunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið.

■ Fjölbreyttar þjónustuleiðir

Í boði eru fjölbreyttar þjónustuleiðir sniðnar að þörfum og væntingum viðskiptavina okkar. Þú finnur lausnina hjá okkur.

■ Reynsla og þekking

Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði starfsmannamála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og hagnýtri menntun.

■ Sanngjarnt verð

Þjóðum mjög hagstætt og samkeppnishæft verð á þjónustu okkar. Gerðu verðsamanburð!

HH Ráðgjöf er alhliða ráðningarþjónusta og við státum okkur af því að veita framúrskarandi þjónustu hvort sem um ræðir ráðningu ófaglærðra, faglærðra eða sérfræðinga.

» Ráðgjafar okkar veita fúslega frekari upplýsingar í síma 561 5900 eða sendu okkur tölvupóst: hhr@hhr.is



HH
RÁÐGJÖF
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA



Grunnskólaborðn sem eru jafnvíg á báðar hendur eru líklegri en skólasystkini þeirra til að glíma við námsörðugleika.

AFP/NORDICPHOTOS

Glíma frekar við athyglisbrest

Nýleg rannsókn bendir til að börn sem eru jafnvíg á báðar hendur séu allt að helmingi líklegri en önnur börn til að kljást við athyglisbrest með ofvirkni.

Vísindamenn við Imperial College í London framkvæmdu rannsóknina á átta þúsund börnum til að kanna hvort tengsl væru á milli fyrrgreindra þátta, en því hefur áður verið haldið fram að börn sem eru jafnvíg á báðar hendur glími til dæmis frekar við þætti eins og lesblindu.

Rannsóknin sýndi að stór hluti þeirra barna sem voru jafnvíg á báðar hendur átti við námsörðugleika að stríða. Meðal annars áttu þau erfiðara með að læra tungumál og voru helmingi líklegri en réttthent skólasystkini þeirra til að kljást við athyglisbrest með ofvirkni.

Orsökina rekja vísindamenn til starfssemi heilans. Þeim þykir þó full ástæða til að benda á að ekki hafi nærri öll barnanna sem eru jafnvíg á báðar hendur glímt við vandamál af þessu tagi. -rve



Rósarín þykir meinhollt krydd.

Hollustu kryddin

Bandaríska vefsíðan healthnews.com birti nýlega lista yfir þau krydd sem talið er heilsusamlegast að nota í eldamenskuna. Jafnframt var mælt með að fólk reyndi að bæta jurtakryddi í alla fæðu. Það hefði þá jafnvel kryddstauk með sér að heiman og setti kryddið á skyndibitann, vegna þess að skyndibiti og önnur tilbúin fæða er yfirleitt án jurtakrydds.

Bæði kæmi kryddið í veg fyrir bjúgmyndun og þembu og minnkðu naslþörf til muna.

Þær kryddtegundir sem teljast hvað heilsusamlegastar segir healthnews.com vera rósmarín, basil, kúmen og salvíu. Af öðru kryddi sem komst á listann má nefna oreganó og túrmerík. -jma

● STÓRMARKAÐUR FYRIR KANNABISRÆKTENDUR Í

fjórtán hundruð fermetra verslunarhúsnæði í Oakland í Bandaríkjunum hefur verslunin iGrow verið opnuð. Þar verður hægt að kaupa allt sem viðkemur framleiðslu á grasi eða kannabis til læknisfræðilegra nota.

Í iGrow er ekki aðeins hægt að kaupa tækin sem þarf til framleiðslunnar, á borð við áburð, vökvunartæki, ljós og viftur, heldur geta viðskiptavinir einnig fengið leiðbeiningar um notkun, uppsetningu og viðhald tækjanna. Að auki er læknir á staðnum sem getur útvegað svokallað kannabiskort sem þarf til að fá leyfi til að rækta kannabisplöntur.

Uppátækið virðist ekki mjög umdeilt í Oakland enda mættu nokkrir fulltrúar úr borgarráði á opnunina auk leiðtoga kannabisiðnaðarins í Oakland en borgin er orðin þekkt fyrir baráttu fyrir notkun marjúana í lækningaskyni.



NÝR HEILSURÉTTUR

Rétturinn samanstendur af rauðum hrísgrjónum sem eru næringar- og trefjaríkustu grjón sem völ er á, íslensku lífrænt ræktuðu byggi, heilum höfrum ásamt kjúklingi, eggjum og grænmeti, kryddaður með ferskum engifer, hvítlauk og chilli.

Þennan nýja og bráðholla heilsurétt köllum við...

Trölla trefjar

Lítill
890kr.

Stór
1290kr.

EKKERT salt
ENGINN sykur



NINGS

Stórhöfða • Suðurlandsbraut • Hlíðasmára • S. 588 9899

ATVINNA

Atvinna í boði

LANZA
HEALING HAIRCARE
Hárgreiðslufólk ATH. Stólaleiga - sýningar - sölustörf - utanlandsferðir. Frábært tækifæri. atvinna@lanza.is

Gallery fiskur

Starfólk óskast í afgreiðslu og þjónustustafa.

Reynsla skilyrði. Vinnutími frá 8-16 eða 9-17 og stundum lengur. Umsóknir sendist á galleryfiskur@galleryfiskur.is

Bifreiðasmiður óskast

Bílmáling ehf. óskar eftir bifreiðasmið Góð laun í boði. Umsóknir sendist á tjonaskodun@tjonaskodun.is. Uppl. í s 445 6480.

Ísbúðin Ísland vantar starfskraft á aldrinum 18-80 ára. Vinnutími 11.30, reynsla, frumkvæði og ábyrgð. Ferilskrá með mynd og upplýsingum sendist á hlediss@gmail.com

Matreiðslunemi óskast

Matreiðslunemi óskast á Nauthól bistro, áhugasamir hafi samband í síma 898 8386 eythor@nautholl.is Eybör.

Atvinna óskast

Óska eftir vinnu er vanur trailerbilstjóri og vélamaður með öll réttindi uppl. í s. 867 7776.

TILKYNNINGAR

Tilkynningar

GESTAÐÚS

Teikningar

www.kvardi.is

sími. 555-2020

Einkamál

Strákr spjallið við Evu S. 908 1010

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24. alla virka daga frá kl. 8-17.

Blaðberinn... góðar fréttir fyrir umhverfið


Til sölu



VERSLUNARTÆKNI
allt fyrir vöruhúsið

smávörlagerinn, geymsluna, bílskúrinn ofl.

1990 **20** ára 2010



Brettahillukerfi með yfirburða eiginleika fyrir stór sem smá vöruhús eða lagera. Fjöldi stærðamöguleika ásamt útfærslum eins og armrekkum, rúllurekkum ofl.



Tilboð

Eitt bil með 4 bitum

Tekur 9 bretti

Burðarþol 1500kg á hillu

Aðeins **39.900.-** +VSK

Næsta bil ódýrara

Stærð: D: 100cm B: 290cm H: 300cm

Ódýrt



MECALUX
Læstir skápar fyrir fatnað og persónulega muni

Verð frá **14.900.-** +VSK

Viðbótarskápur frá 13.900.-kr +vsk

HC

Lyftari CPT25
Lyftigeta 2500kg
Lyftir upp í 4,8m

Nýr lyftari

1.890.000.- +VSK



Plastkassar og mikið úrval af upphengilausnum á járnplötu í tveim stærðum

Verslunartækni hefur tekið yfir sölu á öllum vörum frá Straum Hraðberg sem hefur hætt starfsemi. Þetta eru lager- og brettahillukerfi, starfsmannaskápar, lyftarar og fjöldi annara vara sem tengjast lagerlausnum

HC Brettatjakkur

Lyftigeta 2500kg
Hröð lyfting

Aðeins **29.900.-** +VSK



Pöntunarsími 5351300

verslun@verslun.is — Dragháls 4 — 110 Reykjavík

Sjáðu úrvalið inn á **www.verslun.is**

Atvinna

Sölumaður leiktækja

Ellingsen tók nýlega við söluumboði fyrir Can-Am fjórhjól, Ski-Doo vélsleða og Sea-Doo sæpotur og leitar nú að duglegum og ábyrgum sölumanni til að annast sölu á fjórhjólum og vélsleðum.

Helstu verkefni:

- Sala á fjórhjólum og vélsleðum
- Tilboðsgerð
- Fjármögnunarráðgjöf
- Heimsóknir til viðskiptavina

Æskileg þekking og reynsla:

- Reynsla af sölu á fjórhjólum og vélsleðum
- Tæknileg þekking á tækjunum
- Þekking á fellihýsum og hjólhýsum er kostur
- Færni í notkun excel

Umsóknir skal senda í tölvupósti til starfsmanna-stjóra, rbg@ellingsen.is, fyrir 11. febrúar nk.

LYNX ski-doo can-am sea-doo

Ellingsen

-fullt hús ævintýra

Hjá Ellingsen er lögg áhersla á góðan aðbúnað starfsfólks, stuðning til náms og heilsuefingar, heiðarleika í samskiptum, snyrtimennsku og fagleg vinnubrögð.

Umsækjendur þurfa að búa yfir ríkri þjónustulund, vera stundvísir, reglusamir og heiðarlegir.



Bíladagar Fréttablaðsins!

Þarftu að kaupa, selja eða skipta? Sérstakir bíladagar eru alla laugardaga í smáauglýsingum Fréttablaðsins.

Sértilboð á bílauglýsingum – aðeins 3.750 kr., texti og mynd. (80–100 innslættir + mynd).

Hafið samband við sölumann í s. 512 5050 eða sendið póst á smaar@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Bíladagar – markaðstorg með bíla

VÍSIR.IS
“...ég sá það á vísi”

Fasteignir



Stóreign

Fremri í atvinnufasteignum s :: 590_7600

Fasteignasala • Atvinnuhúsnæði • Skúlatún 2 • 105 Rvk

Þorlákur Ó. Einarsson Pórhildur Sandholt
lögg. fasteignasali lögfr. og lögg. fast.sali

storeign.is FAX 535 1009

Stóreign kynnr:



Þar sem verslunin 17 flytur af Laugavegi 91 bjóðum við eftirfarandi húsnæði til leigu:

Laugavegur 89 – alls 974 fm.

Sem skiptist eftirfarandi:

235 fm	Kjallari sem er nýttur undir lager.
222 fm	Glæsileg jarðhæð með mikilli lofthæð og stórum útsýnisgluggum. Innréttingar fylgja.
261 fm	Á annari hæð sem er einnig innréttuð sem verslun og fylgja innréttingar. Þaðan er innangengt í Laugaveg 91.
256 fm	Efsta hæð sem skiptist í þrjú opin rými.

Laugavegur 91 – alls 2,136,3

Sem skiptist eftirfarandi:

629 fm	Kjallari sem er nýtt sem lager, ofl.
556 fm	Glæsileg verslunarhæð. Vandaðar fastar verslunarinnréttingar fylgja.
571 fm	Önnur verslunarhæð, glæsilega innréttuð.
365 fm	Þriðja hæð sem er með skrifstofum og starfsmanna aðstöðu.

Húsunum fylgir baklóð með u.þ.b 20 bílastæðum aðkoma bæði frá Hverfisgötu og Laugavegi

Allar nánari upplýsingar gefur

Þorlákur Ómar Einarsson, Stóreign s: 590-6704
Karl Jónsson lögfræðingur s. 896-2822



BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS



FRÁBÆRT VERÐ Í BÓNUS



698
KR.KG

ALI FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR



598
KR.KG

KJÖRFUGL FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR



1698
KR.KG

KJÖRFUGL FERSKAR KJÚLINGABRINGUR



1598
KR.KG

BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGALUNDIR/FILET

FROSINN FISKUR Í BÓNUS



698
KR.KG

NN STEINBITUR ROÐ OG BEINLAUS



898
KR.KG

NN ÝSUBITAR ROÐ OG BEINLAUSIR



698
KR.KG

K.S LÉTTISALTADIR ÞORSKBITAR



398
KR.KG

K.F NÝTT
KJÖTFARS



598
KR.STK

K.F FROSID
NAUTAHAKK 620g



149

KR. 3 FERNUR

BÓNUS 100% HREINN SAFI 3 X 250ml
EPLA EDA APPELSINU



100 ÞÚS DÓSIR Í BOÐI

39

KR.DS

EUROSHOPPER MAISKORN Í DÓS 340g
Best fyrir júlí 2010

BÓNUS BÝÐUR BETUR

VISA

SHAKIRA FÆDDIST Á ÞESSUM
DEGI ÁRIÐ 1977:

„Ég kys heldur ljótan sannleika en fallega lygi. Ég gef engum hjarta mitt nema hann segi mér sannleikann.“

Söngkonan og dansarinn Shakira Isabel Mebarak Ripoll fæddist í Barranquilla í Kólumbíu. Hún hefur sent frá sér átta hljómplötur og notið mikilla vinsælda um allan heim.




ÞETTA GERÐIST: 2. FEBRÚAR 1979

Sid Vicious lætur lífið

Pennan dag árið 1979 lést Sid Vicious, bassaleikari bresku pönk-frumkvöðlanna í hljómsveitinni Sex Pistols, úr ofneyslu heróíns. Hann var 21 árs þegar hann lést.

Vicious var einlægur aðdáandi Sex Pistols og einn besti vinur söngvarans Johnny Rotten. Honum var boðin bassaleikarastaða í sveitinni eftir að forveranum, Glen Matlock, var sparkað vegna þess að hann þvoði sér of oft um fæturna, dálætis hans á Bítunum og fleiri ástæða sem gerðu samstarfið erfitt. Vicious, sem hét réttu nafni John Simon Ritchie, kunni



lítið fyrir sér í bassaleik en áberandi útlit og mynd hans þótti koma sér vel fyrir sveitina.

Vicious eignaðist síðar bandarísku unnustuna Nancy Spungen, sem kynnti hann fyrir heróïneyslu og saman eyddu þau degi og nótt við þá iðju eftir að Sex Pistols hætti störfum í byrjun árs 1978. Í október það ár var Vicious ákærður fyrir morðið á Spungen. Hinn 2. febrúar var hann látinn laus gegn tryggingargjaldi og lést þá um kvöldið af of stórum skammti heróíns sem talið er að móðir hans hafi útvegað honum.

MERKISATBURÐIR

- 1626 Karl 1. er krýndur Englandskonungur.
- 1878 Grikkir lýsa yfir stríði á hendur Tyrkjum.
- 1935 Lygamælirinn er prófaður í fyrsta skipti af Leonard Keeler.
- 1943 Síðustu hersveitir nasista gefast upp fyrir Sovétmönnum í orrustunni um Stalíngrád.
- 1982 Sýrlensk stjórnvöld ráðast á bæinn Hama og drepa þúsundir.
- 1988 Halldór Halldórsson verður fyrstur Íslendinga til að fá ígrædd hjarta og lungu.
- 1989 Síðustu hersveitir Sovétmanna yfirgefa Afganistan og binda þannig enda á níu ára stýrjöld milli landanna.

tímamót

timamot@frettabladid.is



Æviminning

Fréttablaðið býður nú upp á birtingu æviminna á tímamótasiðum bladsins.

Hafið samband í síma 512 5490-512 5495 eða sendið fyrirspurnir á netfangið timamot@frettabladid.is



Yndislegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Ingólfur Sigurjón Halldórsson,
kennari,

lést á Hjúkrunarheimilinu Grund að kvöldi 7. janúar s.l. Jarðarförin hefur farið fram. Innilegar þakkir til allra fyrir auðsýnda samúð, vináttu og hlýhug. Sérstakar þakkir færur við öllum á deild V-4, Grund, fyrir elskuleg viðgynni og umönnun.

Anna Dóra Ágústsdóttir
Jóna Ingólfssdóttir
Ólöf María Ingólfssdóttir
barnabörn og barnabarnabarn

Jakob I Steensig
Gylfi Garðarsson



Helga Guðjónsdóttir

lést á Droplaugarstöðum 28. jan. sl. Útförin verður auglýst síðar.

Hanna Kristín Brynjólfssdóttir
Úlfar Brynjólfsson
Guðrún Bjarnadóttir
Ragnheiður Brynjólfssdóttir

Rósa Aðalsteinsdóttir
Geir Þórólfsson
Jón Þorkell Rögnvaldsson



Elskulegur sonur okkar, bróðir og mágur,

Björgvin Ómarsson
Dalbrekku 2, Kópavogi,

sem lést mánudaginn 25. janúar sl., verður jarðsöngurinn frá Fella- og Hólakirkju miðvikudaginn 3. febrúar kl. 13.00.

Jóhanna K. Friðgeirsdóttir
Dagný Ómarsdóttir
Kristrún Ómarsdóttir

Ómar Jónsson
Guðmundur Loftsson
Jón Gestur Hauksson



FLUTNINGAR Gunnar Mór Pétursson, Tinna Guðmundsdóttir og Birta Guðjónsdóttir sitja í stjórn Nýlistasafnsins.

NÝLISTASAFNIÐ: FLYTUR Í NÝTT HÚSNÆÐI VIÐ SKÚLAGÖTU

Tímamót í sögu safnsins

„Ég get ekki sagt að því fylgi eftirsjá að breyta um staðsetningu. Nýlistasafninu hefur alla tíð fylgt sú löngun að vinna gegn stöðnun, að endurnýja og endurskilgreina sig reglulega og flutningi fylgir alltaf endurmat, svo að tilhlökkunin er ríkjandi hjá okkur þessa dagana,“ segir Birta Guðjónsdóttir, formaður stjórnar Nýlistasafnsins. Í lok febrúar mun safnið opna í nýju húsnæði að Skúlagötu 28, jarðhæð, þar sem kekkverksmiðjan Frón var áður til húsa.

Birta tekur heilshugar undir að safnið standi á ákveðnum tímamótum um þessar mundir. Flutningurinn markar einnig þau kaflaskil að um þessar mundir lýkur viðamikilli heildarskráningu á listaverkagæign og skjalasafni safnsins, sem staðið hefur yfir undanfarin tvö ár, meðal annars í samstarfi við Listasafn Íslands og Borgarskjallasafn og með stuðningi Safnaráðs. Um er að ræða verk sem safnið hefur fengið að gjöf í þau rúmlega þrjátíu ár síðan það var sett á fót.

„Þegar skráningarferlið hófst í upphafi árs 2008, á þrjátíu ára afmælisári safnsins, voru skráð verk í safneigninni rúmlega 700 talsins. Nú hafa yfir 2.300 verk verið skráð og starfinu er enn ekki að fullu lokið. Til hliðsjónar mætti nefna að í eigu Listasafns Reykjavíkur eru rúmlega 3.000 verk. Þetta eru ansi mörg verk og hefur áhrif á hvernig við búum um okkur í nýja rýminu, en næsta skref er að búa eigninni gott geymslurými og bæta rannsóknarrými til muna. Með flutningunum eykst fermetraffjöldinn sem við höfum yfir að ráða og nýja húsnæðið er mun betra fyrir núverandi starfsemi safnsins,“ segir Birta.

Mikið verður um að vera hjá starfsfólki Nýlistasafnsins á næstunni. Síðar í mánuðinum stendur til að gefa út ritið Nýlistasafnið 1978-2008. „Í því er rakin sýningasaga safnsins og helstu atburðir í sögu þess teknir saman í tímaröð. Skyldur og starfsemi safnsins spanna afar vítt svið og safnið hefur í gegnum árin átt í þverfaglegu samstarfi við

fræðasamfélagið, listamenn úr öllum listgreinum og stofnanir. Því er um menningarsögulegt rit að ræða sem ætti að höfða til fleiri en aðeins listunnenda.“

Frá árinu 2004 hefur safnið haft aðsetur að Laugavegi 26, en var áður á Vatnssstíg 3 og 3b. Fyrsta sýningin í nýju húsnæði verður tileinkuð ýmsum verkum úr safni Nýlistasafnsins. „Í sýningardagskrá ársins verður lögð áhersla á að skoða og miðla sögu og safneign safnsins. Safnið geymir talsvert meira menningarlegt verðmæti en áður var talið og í kjölfarið á þessum samtímaforleifauppgreiftri, sem safnið á í eigin fórum, hefur aukist áhugi á að kanna þetta betur, bjóða rannsakendum aðgengi að og miðla sérstöðu safnsins hér heima og á heimsvísu. Við erum hæstánægð með nýja húsnæðið. Það er að spennandi að vera í Skuggahverfinu við sjóinn og blikka Esjuna út um gluggann,“ segir Birta.

kjartan@frettabladid.is



Bróðir okkar og vinur,

Tryggvi Gunnarsson

Klausturhólum 1, Kirkjubæjarklaustri,

lést á hjúkrunarheimilinu Klausturhólum föstudaginn 29. janúar.

Systkini hins látna og aðrir vandamenn.



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, afi og langafi,

Einar Ingvarsson

Mávahrauni 25,

lést að Hrafnistu í Hafnarfirði sunnudaginn 31. janúar. Jarðarförin verður auglýst síðar.

Fyrir hönd aðstandenda,
Sólveig Stígisdóttir Sæland

Eldað á norrænan máta

Matreiðslumeistarinn Mathias Dahlgren heldur námskeið í Hótel- og matvæla-skólanum í Kópavogi í dag. Námskeiðið er á vegum fræðsluráðs hótel- og matvælagreina og þar verður fjallað um upphaf norræna eldhússins, stöðu þess og framtíðarsýn.

Þetta er í fyrsta sinn sem Dahlgren heldur námskeið hér á landi og segir Hákon Már Órvarsson matreiðslumaður mikinn feng fyrir íslenka matreiðslumenn að fá



Matreiðslumeistarinn Mathias Dahlgren er einn þekktasti kokkur í Evrópu.

MYND/ÁKE E.SON LINDMAN



Lax að hætti Dahlgrens. Veitingastaðir hans í Stokkhólmi hafa hlotið hina eftirsóttu Michelin-stjörnu.

MYND/MAGNUS SKÖGLÖF

mann eins og hann í heim-sókn.

„Mathias Dahlgren er einn þekktasti kokkurinn hjá norrænu þjóðunum í dag og í raun í allri Evrópu. Það er mikil lyftistöng fyrir fagið að fá hann hingað. Hann mun sýna okkur inn í sinn heim í máli og myndum og verður meðal annars með sýnikennslu upp úr

eigin matseðlum.“

Mathias Dahlgren á tvo veitingastaði á Grand hóteli í Stokkhólmi sem báðir hafa fengið hina eftirsóttu Michelin-stjörnu. Einnig hefur hann verið valinn oftast en einu sinni matreiðslu- og veitingamaður ársins í Svíþjóð.

Námskeiðið hefst klukkan 10 á fyrirlestur og svo

verður verkleg kennsla eftir hádegið. Þátttakendur afla sér þekkingar á sérstöðu og framtíðarsýn norræna eldhússins í matargerð, fá þjálfun í að setja saman rétti og nýta norrænt hráefni til matargerðar. Hákon segir námskeiðið einkum ætlað fagfólki í matvælageiranum en sé þó opið öllum áhugasömum.



Yndislegur sonur okkar, bróðir, barnabarn og frændi,

Birgir Elís Birgisson
Logafold 117,

lést föstudaginn 29. janúar. Útför hans fer fram frá Grafarvogskirkju föstudaginn 5. febrúar kl. 13.00. Þeim sem vilja minnst hans er bent á Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna.

Birgir Guðmundsson Guðrún Elísdóttir
Andri Steinn Birgisson
Birna Kolbrún Birgisdóttir
Guðmundur Óskarsson Sjöfn Kjartansdóttir
Birna Júlíusdóttir
og aðrir aðstandendur.



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Davíð Guðbergsson
Kirkjusandi 5, Reykjavík,

andaðist 22. janúar. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 5. febrúar kl. 13.00.

Pórunn Herborg Hermannsdóttir
Svanhildur Davíðsdóttir Karl Eysteinn Rafnsson
Guðbergur Davíð Davíðsson Halldóra Káradóttir
Baldur Þór Davíðsson Kolbrún Gísladóttir
Esther Björk Davíðsdóttir Birkir Þór Elmarsson
barnabörn og barnabarnabörn.



Elskulegur eiginmaður, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

Hjálmar Breiðfjörð Jóhannsson

lést í Seljahlíð 27. janúar. Útförin fer fram frá Langholtskirkju hinn 8. febrúar kl. 13.00.

Guðmunda D. Sigurðardóttir
Sigríður Hjálmarsdóttir Jóhann Kristjánsson
Guðrún Hjálmarsdóttir Sigurður Ketilsson
Guðfinna Hjálmarsdóttir Þorvaldur Jóhannesson
Hörður Þór Hjálmarsson Ásdís Baldvinsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Erla Stefánsdóttir

kennari, Digranesvegi 52, Kópavogi,

andaðist á líknardeild LSH í Kópavogi, fimmtudaginn 28. janúar. Útförin fer fram frá Garðakirkju fimmtudaginn 11. febrúar kl. 15.00. Hjartans þakkir sendum við til starfsfólks 11E og líknardeildar fyrir einstaka umönnun.

Sigríður Huld Konráðsdóttir Árni Guðmundsson
Stefán Snær Konráðsson Valgerður J. Gunnarsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Elskuleg eiginkona mín, móðir, amma og langamma,

Sigurlaug Kristjánsdóttir (Lully)

Eyjavöllum 2, Keflavík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja miðvikudaginn 27. janúar. Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju fimmtudaginn 4. febrúar kl. 13.00.

Svavar Þorsteinsson
Kristján Þór Svavarsson
Stefanía Therese Kristjánsdóttir Hjalti Pálmason
Svavar James Kristjánsson
og barnabarnabörn.



Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Stefanía Sigurjónsdóttir

Árskógum 8,

lést á Landspítalanum fimmtudaginn 28. janúar sl. Jarðarförin verður auglýst síðar.

Jón Guðnason Guðbjörg Gylfadóttir
Guðni Jónsson Gísli Vilhjálmsson
Kristín Jónsdóttir
Gunnar Jónsson
Kolbrún Eiríksdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir og afi,

Sigurður Amlin

Kristjánsson

Silfurgötu 23, Stykkishólmi,

lést á St. Franciskuspítalanum í Stykkishólmi föstudaginn 29. janúar. Útför fer fram frá Stykkishólmskirkju föstudaginn 5. febrúar og hefst athöfnin kl. 14.00

Guðrún Alma Sigurðardóttir Axel Garðar Hjartarson
Rannveig Sigurðardóttir Svanur Jóhannsson
Selma Rós Amlin
Guðmundur Jón Amlin
Lea Rakel Amlin Sigmar Tryggvason
og barnabörn.



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

Gunnar Guðmundur

Einarsson

húsgagna- og innanhússarkitekt,

lést á Hrafnistu í Reykjavík að morgni laugardagsins 23. janúar. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju föstudaginn 5. febrúar. Blóm og kransar eru afþakkaðir, en þeim sem vilja minnst hans er vinsamlega bent á Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna.

Einar Berg Gunnarsson Svandís Bára Karlsdóttir
Þórey Björg Gunnarsdóttir Guðbjartur I. Torfason
Hafðís Lilja Gunnarsdóttir Karl Hákon Karlsson
barnabörn og langafabarn.



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Guðríður Lilja

Guðmundsdóttir

Kríuhólum 2, Reykjavík,

sem lést föstudaginn 22. janúar sl. verður jarðsöngin í kirkju Óháða safnaðarins miðvikudaginn 3. febrúar nk. kl. 15.00.

Ómar Friðriksson Edda Axelsdóttir
Ámundi Friðriksson Anna E. Breiðfjörð
Auður Friðriksdóttir Jón Á. Einarsson
Sigurður Friðriksson Vilborg Kr. Gísladóttir
Lilja G. Friðriksdóttir
Sigurrós Friðriksdóttir

Margrét Sigurðardóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfari í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 512 5000.



**SÁ YNGSTI
BORÐAR FRÍTT**

**AMERICAN
STYLE**

**FJÖLSKYLDU
DAGAR**

ALLAN FEBRÚAR

Gildir fyrir alla hópa sem telja 4 eða fleiri – ekkert aldurstakmark

STÓFA 53

Auglýsingasími

512

50

50

FRÉTTABLAÐIÐ

– Mest lesið

Ástarblóm og elskhugar

BAKPANKAR
Hólmfríður
Helga
Sigurðardóttir

Mér hefur alltaf þótt áhugavert og gælunafn aðir velja sínum betri helmingi. Vinkona mín ein kallar eiginmann sinn til dæmis ástarblóm. „Ástarblóm! Ástarblóm!“ hrópar hún blíðlega þegar hún þarf á honum að halda og hann svarar án þess að blikka auga eða líta flóttalega í kringum sig: „Já, elskan?“ Þetta heyrði ég hana fyrst segja fyrir mörgum árum, þegar við vorum enn á unglingsaldri. Strax þá fylltist ég djúpri aðdáun á þessum góða manni sem síðan hefur ekki borið minnsta skugga á. Þvílíkt karlmenni, að geta borið þetta gælunafn með svo mikilli reisn.



ÖNNUR góð vinkona nefnir mann sinn til tíu ára aldrei á nafn öðruvísi en að kalla hann ástmann sinn eða elskhuga. Þeir sem eru löngu búinir að gleyma skírnarnafni maka síns og kalla hann aldrei annað en karl eða kerlingu myndu vafalaust segja þetta yfirmáta yfirborðskennt. Mér finnst þetta hins vegar afbragðs ávansi sem fleiri mættu taka sér til fyrirmyndar. Hér verður að taka það fram að parið sem um ræðir er ekki af þeirri tegundinni sem er í stöðugum sleik og faðmlögum á almannaþæri.

Slíka hegðun má skilgreina sem andlegt og sjónrætt ofbeldi og á ekkert skylt við fallega elsku vinkonu minnar á ástmanni sínum.

ELSKHUGI minn og ástarblóm – eða sko þarna maðurinn sem ég bý með – gerði mér það ljóst í fyrsta mánuði okkar saman að hann kynni ekki við gælunöfn sem fælu í sér vísan í ást eða aðra tilburði við væmni. Þar sem ég er eins og fílarinn og gleymi engu hef ég farið eftir þessu. Eg kalla hann nöfn um eins og spjátrungur, svitafýla og þúþarna, allt eftir stemningunni og líkamsklukkunni. Aldrei karl samt, þar dreg ég mörkin.

EN ég fer ekki ofan af því að það hljóti að vera afbragðs aðferð að takast á við blákaldan hvunnadaginn að gefa maka sínum fallegt viðurnefni. Því má líkja við heimatilbúna dáiðslu. Í því felst lausn fyrir konur og karla sem deila rekkju með blásandi hvölum eða mannlegum slyttum tengdum við hrotugrímu allar nætur. Og öll hin sem eiga við svipaðar siendurteknar martraðir að stríða. Þau geta þá hjúfráð sig upp að maka sínum þegar kvöldi tekur og kallað hann ástarblóm, gengið svo út, lokað hurðinni á eftir sér og lagst sátt til svefnis í stofusófanum.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli




■ Geljan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Suðurríkin á Rosenberg

Söngkonan Kristjana Stefánsdóttir og trommarinn Hannes Friðbjarnarson höfðu lengi gengið með þá flugu í maganum að halda tónleika með góðu fólki. Hugmyndin spratt upp frá sameiginlegum áhuga á bandarískri suðurríkjatónlist. Útkoman varð hljómsveitin Nesi, Sjana og hinar kellingarnar. Í bandinu eru meðal annars Guðrún Gunnarsdóttir, Andrea Gylfadóttir og Pétur Örn Guðmundsson.

Efnisskráin er nær eingöngu bandarísk þó svo að farið sé um víðan völl, en vel flest lögina eiga það þó sameiginlegt að vera í country/bluegrass-ættinni og er mikil áhersla lögð á raddaðan söng. Hópurinn heldur tónleika



REFFILEG Nesi, Sjana og hinar kellingarnar.

í kvöld og annað kvöld á Rosenberg. Hefjast þeir kl. 21 bæði kvöldin.

Händel í Salnum

Hjá Händel í Brook-stræti er yfirskrift tónleika kammerhópsins Nordic Affect, en þeir eru haldnir innan Tíbrár tónleikaraðar Salarins í kvöld. Á tónleikunum verður gestum boðið á ímyndaða tónleika að heimili Händels í Brookstræti í London, en tónskáldið bjó þar frá árinu 1723 til hinsta dags. Tónlistarherbergi hans rúmaði um 30 manns og æfði hann þar með söngvurum sínum en einnig bauð hann góðvinum sínum til tónleika reglulega.

Flytjendur Nordic Affect að þessu sinni eru Halla Steinunn Stefánsdóttir fiðluleikari, Hanna Loftsdóttir sellóleikari og Guðrún Óskarsdóttir semballeikari. Sérstakur gestur á tónleikunum

er Marta Guðrún Halldórsdóttir, sópransöngkona.

Á efnisskránni eru verk eftir Händel sjálfan ásamt tónsmíðum eftir samtímamenn hans og keppinauta, þá De Fesch, Roseingrave, Stanley og Arne. Á milli verka ætlar Halla Steinunn að segja frá tónskáldinu og samtímamönnum þess. Farið verður um víðan völl og koma meðal annars við sögu blindir orgelleikarar og sundferðir í Thames-ána.

Tónleikarnir hefjast kl. 20.

GEORGE FRIDERIC HÄNDEL Kammerhópurinn Nordic Affect minnst hans í kvöld.



LÁRPERUKJARNI Charlotte Roche.

Votlendi kemur út

Votlendi eftir hinu þýsku Charlotte Roche er síðasta neon-bók Bjarts og kemur út í dag. Charlotte hefur ýmist verið kölluð argasti klámhöfundur eða mögnuð kvenfrelshetja eftir að bókina kom út. Söguhetjan Helen, 18 ára, liggur á sjúkrahúsi eftir að hafa farið sér að voða við að raka sig á milli rasskinnanna. Í legunni veltir hún fyrir sér ýmsum þáttum í líkamsstarfsemi kvenna svo og mögulegu hlutverki lærperukjarna í kynlífi. Tónninn í bókinni þykir minna á rödd J.D. Salinger í Bjargvættinum í grasinu, úrkynjunina í Crash eftir J.G. Ballard og feminískan boðskap Germaine Greer í Kvengeldingnum. Bjarni Jónsson þýddi.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Þriðjudagur 2. febrúar 2010

→ Tónleikar

20.00 Kimono, Morðingjarnir og Me, The Slumbering Napoleon verða með tónleika í félagsmiðstöðinni Engyn (Engjaskóla) við Vallengi 14 í Grafarvogi. Enginn aðgangseyrir.

→ Kvikmyndir

19.15 Konfúsíusarstofnunin **Norðurljós** sýnir kvikmynd Chen Kaige frá 1993, Farewell my Concubine (Ba wang bie ji) í Öskju við Sturlugötu 7 (st. 132). Enskt tal. Enginn aðgangseyrir.

20.00 Kvikmyndaafn Íslands sýnir kvikmynd Lárusar Ymis Óskarsson **Andra dansen** (1983). Sýningin fer fram í Bæjarbíói við Strandgötu í Hafnarfirði. Íslenskur texti. Nánari upplýsingar á www.kvikmyndasafn.is.

→ Bingó

19.30 Bingó í kvöld í félagsheimili Sjálfsbjargar á höfuðborgarsvæðinu við Hátún 12.

→ Fyrirlestrar

12.00 Eiríkur Bergmann flytur erindið Hvað er þetta ESB? hjá Háskólanum á Akureyri, Sólborg v/ Norðurslóð (L 201).

12.05 Úlfar Bragason flytur erindið: „Útlent vald oss yfir dynur - Ísland hefur jarl“, eftirmæli Gissurar Þorvaldssonar. Fyrirlesturinn fer fram í Þjóðminjasafninu við Suðurgötu.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is

VOTLENDI EFTIR CHARLOTTE ROCHE



ALÞJÓÐLEGUR DAGUR VOTLENDIS

ÞÝÐANDI: BJARNI JÓNSSON

*Í dag, 2. febrúar, er alþjóðlegur dagur votlendis.

30 vikur í langefsta sæti þýska bóksöluhlustans

CHARLOTTE ROCHE

votlendi

„Ég rækta avókadótré. Það er eina áhugamálið mitt, fyrir utan kynlíf.“

„Þetta er bersögul saga, oft sjokkerandi, en sömuleiðis bókmenntalegt afrek.“

VANITY FAIR

„Bókmenntalegt afrek.“ - Le Nouvel Observateur

BJARTUR

> KOMINN Í KYNLIFSBANN

Leikarinn Matthew McConaughey er þessa dagana í fjörutíu daga kynlífsbanni. Konan hans, hin brasilíska Camila Alves, eignaðist annað barn þeirra fyrir þremur vikum. Samkvæmt brasilískum hefðum þarf hún fjörutíu daga til að jafna sig áður en hún getur stundað kynlíf á nýjan leik.



fólk
folk@frettabladid

Anita á frumsýningu með Fergie

Íslenska leikkonan Anita Briem var meðal stjarnanna í Hollywood þegar kvikmyndin *When in Rome* var frumsýnd. Aðdáendur flyktust að stjórnunum þegar þær mættu prúðbúnar í *El Capitan*-kvikmyndahúsið á miðvikudaginn í síðustu viku. *When in Rome* hefur reyndar ekki fengið rosalega góða dóma en hún skartar Kristin Bell, sem íslenskir sjónvarpsáhorfendur ættu að kannast við úr *Gossip Girls*, og Josh Duhamel, eiginmanni Fergie úr *The Black Eyed Peas*, í aðalhlutverkum auk Anjelicu Houston og Jon Heder, nördaleikarans geðþekka úr *Napeolon Dynamite* og *Blades of Glory*.

Anita vakti mikla athygli að venju á rauða dreglinum en meðal þeirra sem sóttu frumsýninguna má nefna áður-

nefnda Fergie, Miami Vice-leikarann Don Johnson og Bradley Cooper úr *The Hangover*. Anita er nú nýbúin að leika í kvikmyndinni *Dead of Night* á móti ofurmenninu Brandon Routh en inni á opinberri heimasíðu kvikmyndarinnar, deadofnight-themovie.com/, má sjá ljósmyndir frá tökum og meðal annars myndir af Anitu og Routh saman. Næsta verkefni Anitu samkvæmt imdb.com er *Everything Will Happen Before You Die*. *Dead of Night* verður hins vegar frumsýnd á þessu ári.

MEÐAL STJARNANNA Anita Briem var meðal stjarnanna þegar kvikmyndin *When in Rome* var frumsýnd. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES



Google kjaftaði frá

Söngkonan Kate Perry komst að því í gegnum google.com að unnsti hennar, Russell Brand, hygðist biðja hennar. Hún viðurkenndi í samtali við fjölmiðla að hún gúgglaði stundum sjálfa sig og sá þar að vefmiðlar voru farnir að fjalla um hvers vegna Russell væri að kaupa hringa. „Þetta er bara svona, því miður,“ sagði Kate.



GÚGGLAR SJÁLFA SIG Kate Perry viðurkennir að hún gúggli sjálfa sig.



FYRIR TVEIMUR ÁRUM Egill og Aron unnu saman að því að styrkja leikmanninn fyrir komandi átök. Arangurinn hefur ekki látið á sér standa. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Stoltur af kjúklingnum

Egill Einarsson hefur verið stoppaður úti á götu, knúsaður og kysstur fyrir framgöngu Arons Pálmarssonar á EM. Egill segir Aron skólabókardæmi um mann sem nær sínum markmiðum.

„Ég verð að viðurkenna að kjúklingurinn kom mér á óvart, ég vissi að hann væri góður en kannski ekki alveg svona rosalega góður,“ segir Egill Einarsson einkapjálfaári um skjólstæðing sinn, Aron Pálmarsson. Íslendingar sáu nýja handboltastjórnu fæðast á dúklögðu gólfi Stadhalle í Austurríki þegar hinn nítján ára gamli Hafnfirðingur lék andstæðinga sína á EM

grátt og kom þeim í opna skjöldu með línusendingum sínum, undirskotum og uppstökkum. Egill viðurkennir að hann sé að rifna úr stolti yfir „kjúklingnum“ en vill þó ekki alveg kvitta upp á að kjúklingurinn sé orðinn að manni. „Við erum svo nýbyrjaðir að kalla hann kjúklinginn.“

Fréttablaðið greindi frá samstarfi þeirra í desember 2008. Árinu áður, þá sautján ára gamall, hafði Aron skrifað einkapjálfaaranum bréf og lýst hugmyndum sínum um að verða besti leikmaður í heimi. Aron hafði fylgst með framgöngu Egils í fjölmiðlum og leist vel á hann og vildi bara vita hvort Egill væri ekki örugglega rétti maðurinn í starfið. Í kjölfarið tóku þeir til hendinni, fóru í miklar styrktaræfingar og arangurinn lét ekki á sér standa; Aron er nú

leikmaður þýska stórlíðsins Kiel og leikur þar undir stjórn Alfreðs Gíslasonar. Og er ein af vonarstjörnum íslensks handbolta.

Egill segist alltaf hafa haft mikla trú á Aroni, hann sé skólabókardæmi um það að menn geti látið drauma sína rætast. „Fólk vissi að hann væri efnilegur en hversu oft höfum við séð efnilega leikmenn kikna undan pressu?“ segir Egill sem hefur hjálpað Aroni með mataræðið að undanförunu og er honum enn innan handar þegar landsliðsmaðurinn og bronschetjan er hér á landi. Einkapjálfaári er ekki í vafa um að framtíðin sé björt hjá Aroni og hann er staðráðinn í að vera viðstaddur HM í Svíþjóð á næsta ári. „Maður verður að ná einu stórmóti, það er ekki nokkur spurning.“

freyrgigja@frettabladid.is

Tilnefndar til sjö Razzies

Kvikmyndirnar *Transformers: Revenge of the Fallen* and *Land of the Lost* fengu sjö tilnefningar hvor til hinna árlegu Razzies-skammtarverðlauna í Hollywood. Báðar voru þær tilnefndar sem verstu myndir síðasta árs auk þess sem aðalleikararnir, Megan Fox og Will Ferrell, voru tilnefndir sem verstu leikararnir. Fox var sömuleiðis tilnefnd fyrir hlutverk sitt í Jennifer's Body.

Aðrar myndir tilnefndar sem þær verstu voru *All About Steve* með Söndru Bullock í aðalhlutverki, *G.I. Joe: The Rise of the Cobra* og *Old Dogs* með Robin Williams og John Travolta í aðalhlutverkum. Bullock var einnig tilnefnd sem versta leikkonan, sem er nokkuð skondið því búist er við því að hún verði tilnefnd til Óskarsverðlaunanna í dag fyrir frammistöðu sína í *The Blind Side*.

„Hún gæti orðið fyrsta manneskjan til að hljóta Razzie- og Óskarsverðlaun sömu helgina,“ sagði John Wilson, skipuleggjandi Razzies-verðlaunanna, sem verða afhent í þrítugasta sinn 6. mars, degi á undan Óskarsverðlaununum.

Aðrar tilnefndar sem verstu leikkonur voru Miley Cyrus, Beyoncé Knowles og Sarah Jessica Parker. Sem verstu leikarar voru einnig tilnefndir Jonas-bræður, Steve Martin, Eddie Murphy og John Travolta.

Tilnefningar fyrir verstu myndir og leikara síðasta áratugar voru einnig tilkynntar. Sem versta myndin



var *Battlefield Earth* nefnd til sögunnar ásamt *Freddy Got Fingered*, *Gigli*, *I Know Who Killed Me* og *Swept Away*. Ben Affleck, sem lék í *Gigli*, var tilnefndur sem versti leikarinn ásamt John Travolta úr *Battlefield Earth*. Aðrir tilnefndir voru Eddie Murphy, Mike Myers og Rob Schneider. Í kvennaflokki urðu fyrir valinu þær Lindsay Lohan, Jennifer Lopez, Madonna, Mariah Carey og Paris Hilton.

MEGAN FOX Mega-beibið Megan Fox hlaut tvær tilnefningar til Razzies-verðlaunanna.

NÝTT FRÁ SÓMA

VELDU ÞÉR ÞÍNA TEGUND Í NÆSTU BÚÐ

SÓMA SALAT

NÝ SALATLÍNA FRÁ SÓMA SEM BYGGÐ ER Á LANGRI REYNSLU AF SAMLOKUGERÐ

SÓMI

6 ára

Nú erum við 6 ára og af því tilefni bjóðum við þig velkomin/n í verslun okkar sem er full af spennandi vörum á góðu verði!

TÖLVUTILBOÐ - AFMÆLISPAKKI



SAMSUNG

STREAMER



- AMD Athlon II 240 2,8GHz
- 2GB DDR3 1333MHz
- 320GB WD Blue 7200RPM
- 512MB ATI Radeon 4200
- 19" Samsung skjár 1440:900
- Windows 7 Home Premium

109.950

ÞRÁÐLAUST LYKLABORÐ



Logitech Cordless Desktop LX710

Þráðlaust lykklaborð með ábrenndum íslenskum stöfum, mjúkrí armhvílu, fjölda forritanlegra takka. Þráðlaus laser mús fylgir.



12.950

FARTÖLVUMÚS



Logitech V100

Optical fartölvumús með USB. Fyrir Windows og Mac.

2.950

MINNISLYKILL



16GB

Corsair USB2 Thumb Drive
16GB USB mini minnislykill, höggvarinn og með 10 ára ábyrgð. Einn sá allra minnsti.

8.950

FLAKKARI



500GB

WD MB Essential
Apollo 500GB
500GB USB2 utanlággjafi
3.5 flakkari.



14.950

HARÐDISKUR



1TB



Samsung Spinpoint

1TB SATA2 harðdiskur með 300MB/s og 32MB cache. 7200 snúninga.

14.950

SJÓNVARPSFLAKKARI



UNITED

720/1080i

HDMI

United HD MMP 9530

- 720P/1080i HD 3.5" spilar
- 640GB WD Greenpower diskur
- SD/MMC kortalesari
- HDMI og USB Uplink off.

640GB



22.950

19" LCD SKJÁR



19 Samsung

923NW

19" LCD breiðskjár með
1440x 900p uppl., 5ms
viðbrt., 1000:1 skerpu off.

19.950

LEIKJATURN



CoolerMaster Elite 332

AMD Phenom II 550 3,1GHz
4GB DDR3 1333MHz
640GB WD Blue 7200RPM
512MB ATI Radeon 4770
Windows 7 Home Premium

127.950

SJÓNVARPSFLAKKARI MEÐ UPPTÖKU



TViX

DViCO TViX R-3300

Sjónvarpsflakkari og PVR/DVR upptökutæki 1TB
WD Greenpower diskur, afspilun yfir net, HDMI tengi,
aðgerðir á skjá og fullkomin fjarstýring.

1TB



39.950

acer FARTÖLVA

Acer Aspire 5732Z-434G25Mn

- 2.1GHz Intel Pentium Dual-Core T4300 örgjörvi
- 4GB DDR2 minni
- 250GB SATA harðdiskur
- 15.6" WXGA skjár
- Intel Graphics Media Accelerator X4500 skjá kort
- Þráðlaust netkort
- Vefmyndavél
- Talnaborð
- Windows 7 Home Premium



119.950

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT HEIM • SENDINGAR-
KOSTNAÐUR **AÐEINS KR. 750** HVERT Á LAND SEM ER
• VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI
• SÍMI 569 0700 • www.att.is

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

NÝTT Í BÍÓ LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

PRÍÐJUDAGUR ER TILBOÐSDAGUR

TILBOÐ Á ALLAR MYNDIR NEMA ÍSLENSKAR MYNDIR

600 KR. 900 KR. Í 3D

600 KR. 900 KR. Í 3D

SÝNINGARTÍMAR

IT'S COMPLICATED	kl. 5.40, 8 og 10.20	12
SKYJAB MED KJÖTBOLLUM... 3D	kl. 3.50 - ísl. tal	L
UP IN THE AIR	kl. 5.50, 8 og 10.10	7
ALVIN OG IKORNARNIR 2	kl. 4 - ísl. tal	L
MAMMA GÓ GÓ	kl. 4	10
AVATAR 3D	kl. 6 og 9	10

FRÁBÆR MYND Þriðja leikmyndin SPIKE JONZE. Þyggja á einni ástæðu sögu okkar tíma.

★★★★★

Roger Ebert "Sannleik að mestu leyti" Fox-TV

TILBOÐ

MERYL STREEP STEVE MARTIN ALEC BALDWIN

Written and Directed by Nancy Meyers

it's Complicated

Divorced...with benefits.

Denzel Washington og Gary Oldman eru frábærir í þessari mögnuðu spennumynd í þandalli Am Legend og Mad Max.

TILBOÐ

PLANET 51

George Clooney

UP IN THE AIR

SÁM MÖGULIG ALFABAKKA		SÁM MÖGULIG KRINGLUNNI	
THE BOOK OF ELI	kl. 8D - 10:30D	THE BOOK OF ELI	kl. 5:50D - 8:10D - 10:40D
WHERE THE WILD THINGS ARE	kl. 5:50 - 8 - 10:30	IT'S COMPLICATED	kl. 5:30 - 8 - 10:30
UP IN THE AIR	kl. 5:40 - 8 - 10:20	SHERLOCK HOLMES	kl. 8 - 10:40
PLANET 51	MV ísl. Tali kl. 5:50D	PLANET 51	MV ísl. Tali kl. 5:50D
SHERLOCK HOLMES	kl. 5:20 - 8 - 10:40	SÁM MÖGULIG AKUREYRI	
SHERLOCK HOLMES	kl. 5:20 - 8 - 10:40	TOY STORY 1 - 3D	kl. 6
BJARNFREDARSON	kl. 5:50 - 8 - 10:30	THE BOOK OF ELI	kl. 8 - 10
PRÍÐJUDAGSBÍÓ Í SAMBÍÓUNUM Í DAG KR. 600		BJARNFREDARSON	kl. 5:40
GLÓBIR EKKI Í VIP. Á ÍSLENSKAR MYNDIR OG Á MYNDIR 3D OG BENNAR ÚTSENDINGAR.		UP IN THE AIR	kl. 8
		SHERLOCK HOLMES	kl. 10:10

NÝTT Í BÍÓ!

SKYJAB MED KJÖTBOLLUM A KOFLUM

600kr. Gildir ekki í 3D

it's Complicated

Frá höfundum/leikstjóra SOMETHING'S GOTTA GIVE

LUXUS ★★★★★ -T.V., Kvikmyndir

LANGVINSÆLSTA MYNDIN Á ÍSLANDI

BESTA MYND BESTI LEIKSTJÓRI

AVATAR

100.000 GESTIR!

Mamma GOGO

H.G. Poppland Rás 2 H.S. Morgunblaðið

ALVIN OG IKORNARNIR 2

Nikulás Litli

SMÁRRÁ BÍÓ Sími 564 0000		HÁSKÓLA BÍÓ Sími 530 1919	
IT'S COMPLICATED	kl. 8-10:35	SKYJAB MED KJÖTBOLLUM 3D	kl. 5:50
IT'S COMPLICATED LUXUS	kl. 5:25 - 8 - 10:35	IT'S COMPLICATED	kl. 5:30 - 8 - 10:35
SKYJAB MED KJÖTBOLLUM 3D	kl. 3:40 - 5:50	MAMMA GÓGÓ	kl. 6 - 8 - 10
SKYJAB MED KJÖTBOLLUM 2D	kl. 3:40 - 5:50	AVATAR 3D	kl. 8
DYHAT MORGANS	kl. 8 - 10:20	NIKULÁS LITLI	kl. 6 - 8 - 10 íslensktal
MAMMA GÓGÓ	kl. 6 - 8 - 10		
AVATAR 3D	kl. 4:40 - 8		
ALVIN OG IKORNARNIR 2	kl. 3:50		

facebook.com/smarabio

ABDÁENDUR GETA UNNIÐ BÍOKORT ÚT ARIÐ, BOBSMÍÐA Á FÓRSÝNINGAR O.M.F.L.

REGNBÖGINN Sími 551 9000		BORGAR BÍÓ Sími 462 3500	
CLOUDY WITH MEATBALLS 2D	kl. 5:50 - 8 - 10:10 ensktal	SKYJAB MED KJÖTBOLLUM 2D	kl. 6
SKYJAB MED KJÖTBOLLUM 2D	kl. 5:50 íslensktal	IT'S COMPLICATED	kl. 8 - 10:10
HARRY BROWN	kl. 8 - 10:20	MAMMA GÓGÓ	kl. 6
THE ROAD	kl. 8 - 10:20	AVATAR 2D	kl. 8
ALVIN & IKORNARNIR 2	kl. 6 íslensktal		
JULIE & JULIA	kl. 5:30 - 8 - 10:35		

Löng og þreytandi sýning

Leikhús ★★

Bráðum hata ég þig eftir Sigtrygg Magnason

Nemendaleikhús LHÍ

Leikarar: Þórunn Anna Kristjánsdóttir, Lára Jóhanna Jónsdóttir, Anna Gunnadóttir Guðmundsdóttir, Svandís Dóra Einarsdóttir, Hilmir Jónsson, Ævar Þór Benediktsson, Hilmir Guðjónsson **Leikmynd og búmerki:** Axl Hallkell Jóhannsson **Ljós:** Egill Ingibergsson

Hljóðmynd: Högni Egilsson **Hár og fördun:** Kristín Thors og Magni Þorsteinsson **Myndband:** Brynja Björnsdóttir **Dramatúrg:** Magnús Þór Þorbergsson **Leikstjóri:** Una Þorleifsdóttir

Æ æ, enn og aftur upp kominn sá misskilningur að eðlilegar samfarasenu séu hápunktur góðrar leiklistar. Elsku nýju leikarar sem eru að útskrifast von bráðar úr Ríkisleiklistarskólanum þurfa nú að sýna hvað í þeim býr. Bráðum hata ég þig er sýning þar sem ungir og nokkuð efnilegir leikarar framtíðarinnar fá að sýna okkur hver þau eru. Hvernig í ósköpunum stendur á því að leikrit af þessu tagi er valið? Af hvaða tagi? Ég veit það ekki! Leikrit sem er svo fyrirsjáanlegt að maður nánast skammast sín. Auðvitað er gaman að það sé skrifað beint fyrir höpinn. En, hver og einn sem að sýningu sem þessari kemur verður að vera meðvitaður um að hér er verið að ljúka prófi. Ég hefði viljað sjá allar þessar stúlkur í Tsjekof þar sem þrjár systur eru að óska þess eins að komast til Moskvu. Ég hefði viljað að allir þessir ungu leikarar hefðu fengið að njóta sín OG reyna á sig og alla þá skala sem þau væntanlega hafa lært á í þessu rándýra



EKKI GOTT Útskriftarnemarnir eru flestir mjög góðir. En leikritið sjálft er fyrirsjáanlegt. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

námi. Sigtryggur Magnason skrifar hér svo fyrirsjáanlegan texta að manni blöskrar.

Kona deyr, og hún er jörðuð. Maðurinn hennar hafði framið sjálfsmorð fimmtán árum fyrr. Þrjár eða fjórar systur eru að undirbúa þessa jarðarför, þabinn skutlaði sér oní sömu gryfju eða gljúfur sem ungur maður í rútunni hyggst drepa sig í. Hverjir vilja deyja? Best og skemmtilegast og frumlegast hefði verið að áhorfendur hefðu fengið tækifæri til þess að velja sér dauðdaga. Allir fá að ríða nema fatlaða stúlkun. Allir fá að ríða nema hún. Allir sýna tilburði og sneddíheit í þeim efnum nema hún. Hvað er þetta eiginlega?

Nokkrir af ungu leikurunum voru frábærir. Ævar Þór Benediktsson sem séra Bjarni átti þær fáu hláturstaugar sem liðuðust um salinn. Á köflum held ég að fólk hafi hlegið meira inni í sér heldur en að leyfa gusunum að þeytast út í loftið. Þessar fallegu stúlkur og

þessir flottu ungu menn eiga betra skilið til þess að vinna við og sýna, heldur en þessa sýningu. Auðvitað var þessi texti ekki alvondur en hann gerði ekki það sem þarf að gera við slíkar aðstæður, það er að segja að hver og einn úr hópnum þurfi að reyna eitthvað á sig, annað en að gyrða upp eða niðrum sig. Una Þorleifsdóttir er skrifuð fyrir leikstjórninni og ber því ábyrgðina á hinum dæmalausa hæga gangi. Fátt er verra en að fá heimþrá í leikhúsi. Leikararnir voru athyglisverðir. Stúlkurnar voru áberandi miklu sterkari og hver annarri fegurri í sinni nálgun. Brynja Björnsdóttir gerði hljóðmyndina og hún var smart. Sömuleiðis voru búmerki og útlit sýningarinnar flott. Sýningin í heild sinni var þó löng og þreytandi. **Elsabet Brekkjan**

Niðurstaða: Þessar fallegu stúlkur og þessir flottu ungu menn eiga betra skilið til þess að vinna við og sýna, heldur en þessa sýningu.

Eldri borgarar athugið SPARIDAGAR ERU HAFNIR

Danskennsla
Félagsvist
Skoðunarferðir
...og margt, margt fleira

ÖRFÁ HERBERGI LAUS 7. FEBRÚAR

Frekari upplýsingar á Hótel Örk í síma 483 4700

Breiðumörk 1.C | 810 Hveragerði | www.hotel-ork.is
info@hotel-ork.is | tel: +354 483 4700

HÓTEL ÖRK



UMSLAG GO Allt að gerast hjá Jónsa.

Jónsi í start-holunum

Línur eru nú farnar að skýrast varðandi fyrstu sólóplötu Jónsa í Sigur Rós, Go. Umslagið hefur litið dagsins ljós. Það er eftir systur Jónsa, þær Ingu og Lilju Birgisdætur. Platan átti upphaflega að koma út í lok mars, en nú er staðfestur útgáfudagur 5. apríl. Níu lög eru á plötunni en aðeins eitt hefur heyrst til þessa, „Boy Lilikoi“. Það gefur fyrirheit um að platan sé léttari og poppaðri en tónlist Sigur Rósar. Sjálfur segir Jónsi að innihaldið sé „svaka popp“. Fyrsta myndbandið við lag af plötunni fer í umferð nú í vikunni. Myndbandið er við lagið „Go do“ og Árni og Kinski leikstýrðu því. Upp-tökur á myndbandinu fóru fram á Íslandi á milli jóla og nýárs. Þá ætlar Jónsi að leggjast í yfirgripsmikla tónleikaferð. Hún hefst í Bandaríkjunum í apríl. Fyrirtækið 59 productions mun hanna og útfæra sviðsmyndina í samvinnu við Jónsa. Stefnt er að miklu sjónarspili og er hugmyndin sú að leikhús og tónleikar mætist á nýjan og spennandi hátt. Þeir sem bjuggust við að sjá Jónsa einan með kassagítarinn verða því fyrir vonbrigðum.

- drg



EFNILEGUR KOKKUR Jóhannes Steinn Jóhannesson keppti fyrir hönd Íslands í hinni árlegu kokkakeppni Nordic Chef of the Year.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Norðurlöndin í sérflokk

Jóhannes Steinn Jóhannesson, matreiðslumeistari á veitingastaðnum VOX, tók þátt í hinni árlegu kokkakeppni Nordic Chef of the Year sem fram fór í Herning í Danmörku á miðvikudag. Tíu kokkar tóku þátt í keppninni og lenti Jóhannes Steinn í fjórða sæti. „Þetta er ein erfiðasta kokkakeppni í heimi og eru það kokkar ársins frá hverju landi sem taka þátt. Mér gekk ekki nógu vel því ég lenti í tímahraki með aðalréttinn,“ segir Jóhannes, sem var valinn matreiðslumeistari ársins 2009, annað árið í röð.

Þátttakendur fengu að sjá hráefnið sem nota átti kvöldið fyrir keppnina sjálfa og fengu svo þrjár klukkustundir til að bera fyrsta réttinn fram fyrir dómara og eina klukkustund fyrir hvorn rétt eftir það.

„Þetta var mjög erfitt og mikið stress. Mér gekk mjög vel með forréttinn og desertinn en lenti aftur á móti í tímahraki með aðalréttinn og það dró mig niður sem var svolítið sárt. Þetta er mjög hörð samkeppni enda eru Norðurlöndin þau sterkustu á sviði matreiðslu í dag og ég tel að við séum löngu komin fram úr Frökkunum. Þróunin á Norðurlöndunum er mjög hröð og mikið af spennandi hlutum að gerast hér á meðan Frakkar hafa staðið svolítið í stað,“ segir Jóhannes að lokum.

- sm

Beyoncé Knowles hlaut sex Grammy

Söngkonan Beyoncé Knowles var sigurvegari Grammy-hátíðarinnar sem var haldin hátíðleg í Los Angeles í 52. sinn. Hún hlaut sex verðlaun, þar á meðal fyrir lag ársins.

Beyoncé hafði verið tilnefnd til tíu Grammy-verðlauna og var því talin líkleg til afreka. Hún fékk tvönn verðlaun fyrir lagið Single Ladies (Put A Ring On It) og ein fyrir lagið Halo. „Þetta hefur verið ótrúlegt kvöld og mig langar að þakka Grammy-nefndinni. Ég vil líka þakka fjölskyldu minni, þar á meðal eiginmanni mínum. Ég elska þig,“ sagði hún og átti þar við rapparann Jay-Z. Með verðlaununum sex setti Beyoncé met sem sú söngkona sem hefur hlotið flest Grammy-verðlaun á einu kvöldi. Alls hefur hún hlotið sextán slík verðlaun á ferlinum.

Hin tvítuga sveitasöngkona Taylor Swift varð næsthlutskörpust með fern Grammy-verðlaun, þar á meðal fyrir plötu ársins, Fearless. Þar hún þar sigurorð af Beyoncé,

Black Eyed Peas, Lady GaGa og Dave Matthews Band.

Þrír flytjendur fengu þrenn Grammy-verðlaun, eða Black Eyed Peas, Jay-Z og rokkararnir í Kings of Leon, sem fengu tvönn verðlaun fyrir lagið Use Somebody. Lady GaGa og rapparinn Eminem fengu síðan tvönn Grammy-verðlaun, sá síðarnefndi fyrir bestu rappplötuna, Relapse. Lady GaGa steig síðan á svið með Elton John eins og margir höfðu reiknað með.

Paris og Prince, börn hins sáluga Michaels Jackson, tóku á móti verðlaunum sem faðir þeirra fékk fyrir æviframlag sitt til tónlistarheimsins. „Pabbi ætlaði að koma fram á þessari hátíð því hann komst ekki í fyrra,“ sagði hin ellefu ára Paris.

SIGURSAEL Beyoncé Knowles hlaut sex verðlaun á Grammy-hátíðinni sem var haldin hátíðleg í Los Angeles.

NORDICPHOTOS/GETTY



Bláa bomman

VERÐSPRENGJA!

Aðeins nokkrir dagar eftir

20%

VIÐBÓTARAFSLÁTTUR
af allri útsöluvöru*

*Gildir ekki af vörum Oasis.

DEBENHAMS

HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

Lífsstílsbúð í SMÁRALIND
KONUR - HERRAR - BÖRN - SNYRTIVÖRUR - HEIMILI

ÁSKRIFTARTILBOÐ
 AÐEINS
5.650 KR.
 Á MÁNUÐI
 STÓDU MEISTARAEILDINA OG ENSKA BÍKANNINN NÆSTUÞRÍÐU



UEFA
**CHAMPIONS
 LEAGUE**

SPORT
 besta sætið



BECKHOLD
 MEISTARAEILDIN SNYR AFTUR
 16. FEBRÚAR

JÓNSSON & LEMACKS • J.Í.B. • SÍA

RISALEIKIR
 Í 16 LIÐA ÚRSLITUM

16. FEBRÚAR
AC MILAN - MAN. UTD.
 LYON - REAL MADRID

23. FEBRÚAR
 STUTTGART - BARCELONA
 OLYMPIACOS - BORDEAUX

17. FEBRÚAR
 PORTO - ARSENAL
 BAYERN M. - FIORENTINA

24. FEBRÚAR
 INTER - CHELSEA
 CSKA MOSKVA - SEVILLA



Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.10

Modern Family

Modern Family segir frá lífi þriggja ólíkra en dæmigerðra nútímafjölskyldna og hinum blákalda hversdagsleika sem þær þurfa að glíma við, umbera og að sjálfsgöðu njóta þegar svo ber við. Um er að ræða eldri mann sem er búinn að yngja upp og ná sér í blóðheita suður-ameríska snót og snælduvitlaus krakkagrislinga hennar, hina dæmigerðu vísitöluþingfjölskyldu sem alltaf reynir að vera fullkomin en er samt svo grátlega langt frá því og síðast en ekki síst íhaldsamnt hommapar sem er nýbúið að ættleiða barn frá Vietnam. Leiðir þessara fjölskyldna liggja saman og í hverjum þætti lenda þær í hreint drepfyndnum aðstæðum.



VIÐ MÆLUM MED

Innlit/útlit

Skjár einn kl. 20.35

Katrín Fjeldsted hefur umsjón með þættinum Innlit/útlit. Katrín er innanhússarkitekt að mennt en hún nam í Bandaríkjunum og bjó þar og starfaði í átta ár, bæði í Arizona og Chicago. Sú breyting hefur orðið á þættinum að hann er nú styttri en áður en með álika miklum efnistöku. Fyrir vikið eru þættirnir hraðari og skemmtilegri en jafnframt stúfyllir af fróðleik og áhugaverðum viðtölum.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.39 Morgunútlit	14.03 Breiðstræti
06.50 Bæn	15.03 Útvarpssagan: Vetur í Vindheimum
07.03 Vít og breitt	15.25 Þriðjudagsdjass
07.30 Fréttayfirlit	16.00 Síðdegisfréttir
08.00 Morgunfréttir	16.05 Viðsjá
08.05 Morgunfundur með KK	18.00 Kvöldfréttir
08.30 Fréttayfirlit	18.16 Spegillinn
09.05 Okkar á milli	18.53 Dánarfregnir
09.45 Morgunleikfimi	19.00 Endurómur úr Evrópu
10.13 Söngfluglar	20.00 Leynifélagið
11.03 Samfélagið í nærmynd	20.30 Í heyranda hljóði
12.00 Fréttayfirlit	21.20 Trío
12.02 Hádegisútlit	22.10 Lestur Passíusálma
12.20 Hádegisfréttir	22.20 Fimm fjórðu
12.50 Dánarfregnir og auglýsingar	23.10 Sumar raddir
13.00 Flakk	00.05 Næturtonar

FM 88,5	XA-Radíó	FM 96,3	FM Suðurland	FM 90,1	Rás 2
FM 90,9	Gullbylgjan	FM 96,7	Létt Bylgjan	FM 102,2	Útvarp Latibær
FM 91,9	Kaninn	FM 97,7	X-ið	FM 102,9	Lindin
FM 93,5	Rás 1	FM 98,9	Bylgjan	FM 105,5	Útvarp Boðun
FM 95,7	FM957	FM 99,4	Útvarp Saga		

EXTRA

16.40 The Doctors Spjallþættir framleiddir af Oprah Winfrey þar sem fjórir læknar á ólíkum sviðum veita aðgengilegar og gagnlegar upplýsingar um heilsufarsmál.

17.20 Ally McBeal (15:23) Stofan tekur að sér mál manns sem vill reyna að fá hjónaband sitt ógilt eftir að eiginkona hans hættir við að vilja eignast börn. Ally leitir til sálfræðings vegna nýjustu dagdrauma sinna.

18.05 Seinfeld (19:22) Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk því hann er bæði smámunarsamur og sérvitur.

18.50 The Doctors

19.35 Ally McBeal (15:23)

20.15 Seinfeld (19:22)

21.00 Fréttir Stöðvar 2

21.25 Ísland í dag

21.50 It's Always Sunny In Philadelphia (8:15) Gamanþáttaröð um fjóra vini sem reka saman bar en eru of sjálfumgláðir til að geta unnið saman án þess að til áreksra komi, upp á hvern einasta dag.

22.15 American Idol (5:43) Niúnda þáttaröð þessa vinsæla skemmtiþátts. Eins og kunnugt er þá er Paula Abdul horfin af braut en í hennar stað kemur Ellen DeGeneres sem mun aðstoða Simon Cowell, Randy Jackson og Köru DioGuardi.

23.00 American Idol (6:43)

23.50 K-Ville (10:11)

00.35 Sjáðu

01.05 Fréttir Stöðvar 2

01.55 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

BBC entertainment

12.00 After You've Gone 12.30 Blackadder Goes Forth 13.00 Absolutely Fabulous 13.30 Robin Hood 14.15 Robin Hood 15.00 The Green Green Grass 15.30 The Inspector Lynley Mysteries 16.25 Hustle 17.15 EastEnders 17.45 The Weakest Link 18.30 Gavin And Stacey 19.00 The Green Green Grass 19.30 New Tricks 20.20 Jonathan Creek 21.20 The Green Green Grass 21.50 Only Fools and Horses 22.20 After You've Gone 22.50 Blackadder Goes Forth 23.20 Absolutely Fabulous 23.50 Jonathan Creek

DR 1

12.00 Aftenshowet 2. del 12.30 Seinfeld 12.50 Rygepauser 13.00 DR Explorer. Þá verdens tag 13.30 Søren Ryge - Havhingsten vender tilbage 14.00 DR Update - nyheder og vejr 14.10 Boogie Mix 15.05 Family Guy 15.30 Svampebob Firkant 15.55 Chiro 16.05 Ni-Hao Kai Lan 16.30 Lille Nord 17.00 Aftenshowet 17.30 TV Avisen med Sport 18.00 Aftenshowet med Vejret 18.30 Ha' det godt 19.00 Kender du typen 19.30 Undercover chef - Falck 20.00 TV Avisen 20.25 Kontant 20.50 SportNyt 21.00 Wallander 22.30 Dodens detektiver 22.50 For fuld udblæsning 23.20 Boogie Mix

NRK1

12.10 Urix 12.30 Filmvisen 1959 12.40 Med hjartet på rette staden 13.30 E6 - en reise gjennom nordmenns hverdag 14.00 NRK nyheter 14.10 Dynastiet 15.00 Derrick 16.00 NRK nyheter 16.10 Herskapelige gjensyn 16.40 Oddasat - nyheter på samisk 16.55 Nyheter på tegnspråk 17.00 Forkveld 17.40 Distriktsnyheter 18.00 Dagsrevyen 18.45 Ut i naturen 19.15 Bygdeliv 19.45 Extra-trekning 19.55 Distriktsnyheter 20.00 Dagsrevyen 21 20.30 Det nye landet 21.25 Bokprogrammet 22.00 Kveldsnytt 22.15 Tigreren og snoen

SVT 1

12.05 Den första kretsen 13.15 Mamma tar semester 15.00 Rapport 15.05 Gomorron Sverige 15.55 Med huvudduk och höga klackar 16.25 Bullar av stål 16.55 Sportnytt 17.00 Rapport med A-ekonomi 17.10 Regionala nyheter 17.15 Go'kväll 18.00 Kulturnyheter 18.15 Regionala nyheter 18.30 Rapport med A-ekonomi 19.00 Mästarnas mästare 20.00 Teatersupén 20.30 Hör hit! 21.55 Komedi kväll direkt 22.55 Spelets regler

EIN STÓR (SAMKYNHNEIGÐ, FJÖLÞJÓÐLEG, HEFÐBUNDIN) FJÖLSKYLDA



FRÁ HÖFUNDI FRASIER

BESTI NÝI GAMANÞÁTTUR VETRARINS HEFST Í KVÖLD KL. 20:10

modern family

TILNEFNDUR TIL GOLDEN GLOBE VERÐLAUNA SEM BESTI GAMANÞÁTTURINN 2010



BESTI BITINN Í BÆNUM



„Kakó og toffí á Skrepptu dreptu klikkar aldrei, en ég held það sé ekki í boði lengur. Því segi ég að morgunverður dýralæknisins á Jómfrúnni sé besti bitinn í bænum.“

Pétur Eyvindsson, DJ Musician.

Skaut krókódíl með skammbyssu

„Það þurfti bara eitt skot við brosið í munnvikinu,“ segir Páll Reynisson, eigandi Veidisafnsins á Stokkseyri. Hann fór til Suður-Afríku í nóvember þar sem hann veiddi í fyrsta sinn krókódíl með skammbyssu. Auk þess sem hann felldi strút með skammbyssu og nokkrar tegundir af antilópum. Honum tókst þó ekki að klófesta hýenu þrátt fyrir að hafa legið í leyri í þrjár nætur, tilbúinn með byssuna.

Ljósmyndir frá veiðiferðinni verða sýndar á hinna árlegu byssusýningu Veidisafnsins sem verður haldin í samvinnu við verslunina Vesturröst um helgina. „Þetta er orðið landsþekkt. Menn eru farnir að skrifa um þetta í almanakið hjá

sér, fyrsta helgin í febrúar,“ segir Páll. „Við verðum með mikið af haglabyssum, skammbyssum og vélbyssum og ýmislegt fleira,“ segir hann og bætir við að í fyrsta hafi nýtt aðsóknarmet verið sett á safnið þegar rúmlega 9.300 manns stigu þangað inn fæti. „Frá árinu 2004 hefur verið mikil aukning milli ára. Þetta hefur verið virkilega gaman.“

Páll hefur gert endurbætur á safninu eftir jarðskjálftann sem gekk yfir Suðurland 2008 og stækkað eldri sýningarsalinn. Hvetur hann alla áhugamenn um byssu og veiðar til að láta sjá sig um helgina. Nánari upplýsingar um byssusýninguna má finna á síðunni veidisafnid.is. -fb



MEÐ KRÓKÓDILINN Páll notaði aðeins eitt byssuskot til að veiða krókóðilinn í Suður-Afríku.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2. þökk, 6. strit, 8. ferðalag, 9. eiga heima, 11. komast, 12. heimagert vín, 14. leið, 16. ætíð, 17. skordýr, 18. annríki, 20. fæddi, 21. óhljóð.

LÓÐRÉTT

1. plát, 3. frá, 4. áttfætla, 5. knæpa, 7. hverfill, 10. for, 13. útteildi, 15. tala, 16. verkfæri, 19. númer.

LAUSN

LÖBRET: 1. gabb, 3. æt, 4. kónguló, 5. krá, 7. túrbína, 10. aur, 13. gaf, 15. fló, 18. önn, 20. ól, 21. garð.

LÁRÉTT: 2. takki, 6. at, 8. för, 9. bú, 11. ná, 12. brugg, 14. braut, 16. sí, 17. tólf, 19. nr, 16. sög, 19. nr.

VEISTU SVARID

Svör við spurningum af síðu 8

- 1 Halldór Helgason.
- 2 Frakkland.
- 3 80 ára afmæli.

Pú getur gert kraftaverk

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is



TVEIR RITSTJÓRAR Einar Björn Magnússon (til hægri) og Guðlaugur Jón Árnason eru ritstjórar nýrrar slangurorðabók á netinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/PIJTUR

EINAR BJÖRN MAGNÚSSON: ÝMISLEGT BREYST SÍÐAN 1982

Óska eftir íslensku slangri

Íslenskufraeðingarnir Einar Björn Magnússon og Guðlaugur Jón Árnason hafa stofnað slangurorðabók á netinu. Þar getur almenn-ingur sett inn ný slangurorð sem mörg hver munu rata í nýja slangurorðabók sem þeir eru með í undirbúningi.

„Þetta byrjaði árið 2004 þegar ég sótti um styrk hjá Nýsköpunarsjóði námsmanna til að gera slangurorðabók á netinu. Svo langaði mig alltaf líka til að gefa út bók,“ segir Einar Björn. Þeir félagar hafa safnað sjö hundruð slangurorðum og biðla nú til almennings að bæta við fleiri orðum. Vonast þeir til að um 3-4.000 orð endi í slangurorðabókinni, sem verður sú fyrsta sinnar tegundar síðan 1982. „Það hefur ýmislegt breyst síðan þá. Netíð var ekki til þá og ekki heldur gsm-símar. Það eru ótrúlega mörg orð búin að bætast

TÍU SLANGURORÐ

Haardera: Gera ekki neitt
2007: Það sem þótti flott í góðærinu.
Skrúðkrimmi: Utrásarvíkingur
Ísbjörg: Icesave
Kúla: Milljón
Doddson: Davíð Oddsson
Game Over: Range Rover eftir að bankakerfið hrundi
Stjórnutálgari: Einkabjálfrari fræga fólksins
Smúðingur: Myndað af enska orðinu smoothie og íslenska orðinu búðingur
Púrör: Vefurinn Youtube

við,“ segir Einar. Bætir hann við að orðin sem komist í orðabókina séu þau sem komast ekki í íslensku orðabókina en eru samt notuð af almenningi. Ekki bara unglíngum eða utangarðsfólki heldur fólki sem notar þau í almennri umræðu.

Mörg ný orð sem tengjast bankahruninu eru komin í orðabókina á netinu og íhugar Einar að búa til

sérflokk í kringum þau. Bókin fór í loftið fyrir helgi og síðan þá hafa nýyrðin streymt inn. „Núna þarf maður bara að ritskoða því það er líka ósömi sem fer þarna inn. Það þarf líka að breyta skýringunum þannig að þær séu skiljanlegar.“

Áhugasamir geta skoðað orðabókina á slóðinni <http://slangur.snara.is>.
freyr@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Rapparinn **Dóri DNA** bættist í gær við sístækkandi hóp útvarpsmanna á Rás 2. Dóri, sem hefur einnig tekið að sér að lýsa bardögum UFC á Stöð 2 Sport, mun að sjálfsögðu sjá um rappbátt fyrir útvarpsstöðina enda hafsjór af fróðleik um þann tónlistargeira og verður kastljósínu sérstaklega beint að íslensku rappsenunni.



Ög þetta er allt góða gjalda vert ef ekki væri fyrir dagskrártím-ann. Því Dóri verður á dagskrá á þriðjudagskvöldum eftir miðnæt-urfréttir. Þetta er sami tími og **Possi** fékk á mánudagskvöldum og ljóst að Rás 2 mun stuðla að því að ungmenni landsins verða

límd við útvarpstækin langt fram á nótt um miðja viku. Reyndar er tekið sérstaklega fram í fréttatilkynningu sem send var fjölmiðlum í gær að þeir sem geti ekki haldið sér vakandi geti alltaf treyst á netið.



Þótt kvikmynd **Júlíusar Kemp**, Reykjavík Whale Watching Massacre, hafi ekki fengið góða dóma heima þá gerir hún samt víðreist um heiminn. Myndin verður fyrsta framlag Íslendinga til FrightFest-hryllingsmyndahátíðarinnar í Glasgow sem hefst í lok febrúar. Þá hefur Pihla Viitala sem leikur í myndinni verið útnefnd Shooting Star eða vonarstjarna Berlínarhátíðarinnar. En þann titil hafa nokkrir Íslendingar borið, meðal annars Nína Dögg Filippusdóttir.

- fgg



Magni Bernhardsson D.C. mun hefja störf þann 8. mars á Kírópraktorstofu Egils Þorsteinssonar að Laugarvegi 163 E.

Tímamantanir í síma 553-4400
www.kiropraktik.is

Auglýsingasími

512 50 50



- Mest lesið

Bronser-gel keppir við Silver

Vinirnir Logi Tómasson og Kolbeinn Þórðarson, sem eru í 4. bekk í Digranesskóla, hafa búið til sitt eigið hárgel sem nefnist Bronser. Kemur það í kjölfar gelsins Silver sem silfur- og bronsdregirnir Logi Geirsson og Björgvin Páll Gústafsson framleidda.

„Fyrst létum við þetta heita d:hi en síðan sagði einhver að einhver gæti kært okkur fyrir það. Þá ætlum við að gera bara Bronser af því að við lentum í þriðja sæti,“ segir Logi en d:fi er gel sem hefur verið lengi á markaðnum.

Að sögn Loga er Bronser framleitt úr alls konar geli, vatni og smá sjampói. „Við ætlum líka að gera annað gel sem er aðeins öðruvísi, aðeins harðara,“ segir hann og bætir við að bæði mamma hans og vinir séu hrifin af nýja gelinu. Lyktin sé góð og það virki líka mjög vel.

Logi hefur prófað Silver-gelið og finnst það alveg ágætt. „Það er svolítið slímugt. Silver er eins og Shockwave sem harðnar en okkar er ekki eins stíft.“

Logi og Kolbeinn spila báðir handbolta og fótbolta og er Logi handboltamaður rétt eins og Björg-



BRONSER-FRAMLEIÐENDUR Logi Tómasson (til vinstri) og Kolbeinn Þórðarson með Bronser-gelið sitt sem fetar í fótspor hins víðfræga Silver.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

vin Páll. „Hann er uppáhaldsmarkmaðurinn minn en Aron Pálmarsson er uppáhalds útileikmaðurinn. Hann er svo ungur og góður,“ segir Logi, sem vonast til að setja Bronser á markað von bráðar.

-fb



GULA HÚSIÐ

FAXAFENI 8



Leggings, verð frá
999,-

999,-



*Dömbolir, margar litir
Gallabuxur verð frá 999,-*



999,-

*Dömbolir, margar gerðir
Gallabuxnaleggings.*



1.499,-

HERRA
BÓMULLARBOLIR
Margar gerðir og litir.



999,-



Ökklaskokkar 5-stk
699,-

Nýjar vörur vikulega
frábær verð!

Allt hárskraut og skart
99,- stk



IPOD STATION
Ferðahátalarar með sterio fyrir
iPod. Nokkrar gerðir og litir.
999,-

2.999,-

*Áður
3.999,-*



Hettupeysur, margar litir



999,-

*Kvenmannsbo
margar litir*



ALLAR HÚFUR & HANSKAR
með Thinsulate™ **499,-**

ÚTSÖLU MARKAÐUR! Þrjú verð 99,- 499,- & 999,-

OPNUNARTIMI:
MAN-LAU. 10.00-18.00
SUN. 12.00-17.00

FRÉTTIR AF FÓLKI

Kemur sér í form

Jógvann Hansen, sem syngur lag Bubba og Óskars Páls Sveinssonar í Eurovision, ætlar sér að vera í góðu formi þegar í úrslitin er komið en þau verða á laugardaginn í beinni útsendingu Ríkissjónvarpsins. Til Jógvans hefur sést í ræktinni þar sem hann rífur í lóðin en það er þó fleira sem heldur Færeyingnum í formi. Hann hefur nýlega fest kaup á íbúð í Mosfellsbænum og er á fullu við að mála, spartla og annað það sem fylgir nýjum íbúðum.



Tækniamaður í vanda

Frumskýningargestir á Algjör Sveppi í Íslensku óperunni biðu í korter eftir því að sýningin hæfist á laugardaginn. Á bak við var handgangur í öskjunni því einn finger hljóðtækni-mannsins Magnúsar Jónssonar fór úr liði klukkutíma fyrir frumsýningu. Leikstjórinn Felix Bergsson ætlaði að leysa hann af á mixernum, sem hefði líklega endað með ósköpum. Til þess kom þó ekki því Magnús fékk flýtimeðferð uppi á Slysó þar sem fingurinn var hanteraður. Hann mætti svo á slaginu og keyrði tvær sýningar á laugardaginn í lyfjamóki.



Fjölmenni á sýningunni

Og meira af frumsýningunni hjá Sveppa. Meðal gesta á laugardaginn voru Rakel Garðarsdóttir fyrrum framkvæmdastýra Vesturports, Bryndís Schram, Óskar Hrafn Þorvaldsson fréttastjóri á Stöð 2, Gísli Rúnar Jónsson, sem sá um leikgerðina, sonur hans, Björgvin Franz Gíslason, sem og barnabörnin hans. Þá var Logi Bergmann þar einnig en tók heilan bekk undir fjölskylduna sína.



- fgg/drg

Mest lesið **visir.is**

- 1 Lést á Langjökli
- 2 Unglingur handtekinn fyrir að stela upplýsingum um Eið Smára
- 3 Steingrímur Hermannsson látinn
- 4 Annar maður féll í jökulsprungu á Langjökli
- 5 Hæstiréttur fyrirskipar héraðsdómi að taka mál Ramosar fyrir aftur

TILBOÐ..!

- 20% AFSLÁTTUR

SETTU ÞAÐ SAMAN **HTH**

- ELDHÚSINNRETTINGAR
- BAÐINNRETTINGAR
- ÞVOTTAHÚSINNRETTINGAR
 - FATASKÁPAR
 - VASKAR OG BLÖNDUNARTÆKI

Af hverju að borga meira?

ORMSSON

- SMÁRALIND - Sími 530 2908
- LÁGMÚLA 8 - Sími 530 2821
- ORMSSON-ÁKUREYRI - Sími 461 5003
- MODEL/ORMSSON-ÁKRANESI - Sími 431 3333

RISA

SÍÐUSTU DAGAR!

UTSALA

BEKKJUNNAR

30 TIL 70% AFSLÁTTUR

KING KOIL HEILSURÚM (Queen Size 153x203) 35% AFSLÁTTUR
ÁÐUR FRÁ 155.800 kr.
NÚ FRÁ 99.712 kr.

SVEFNSÓFAR 30% AFSLÁTTUR
Verð nú frá 104.860 kr.

HEILSUKODDAR 30% AFSLÁTTUR
Verð nú frá 5.915 kr.

SÆNGURFÖT 30% AFSLÁTTUR
Verð nú frá 4.830 kr.

ATH! Myndirnar eru aðeins til hlidsjónar og eiga ekki endilega við tilboðin sem gefin eru upp.